**SVEINN JÓHANNESSON KJARVAL**

*Getur slengt eigin líkamsþyngd yfir höfuðið*

• heilsa

**ALLT** Í MIÐJU BLAÐSINS



**SIGURÐUR GUÐMUNDSSON**

*Lítil plata frá stórum manni*

Jólalög frá mafíunni

FÓLK 50








# FRÉTTABLAÐIÐ

ÞITT

1. desember 2009 — 284. tölublað — 9. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

## ÞRIÐJUDAGUR

**Jónas Hallgrímsson batnar með tímanum**



Atli Heimir Sveinsson tónskáld hefur samið lag við Gunnarshólma.

TÍMAMÓT 30

**Söguleg ráðstefna**

Sverrir Jakobsson skrifar um vonir og væntingar til umhverfisráðstefnunnar sem haldin verður í Kaupmannahöfn 8.-15. desember.

Í DAG 22



**Frægir frábær auglýsing**

Íslensk fatahönnun slær í gegn hjá fræga fólkinu.

FÓLK 36

**Njarðvík fór létt með Keflavík**



Njarðvíkingar eru á toppnum eftir sannfærandi sigur á nágrönnum sínum.

ÍÞRÓTTIR 44

## VEÐRIÐ Í DAG




**ÚRKOMULÍTIÐ** í dag verða norðaustan 8-15 m/s, hvassara suðaustan til síðdegis, en heldur hægari norðaustanlands. Víða dálítil él en yfirleitt þurrt og bjart suðvestanlands. Frost 1-10 stig.

VEÐUR 4



**BLÁSARINN Á FLEYGIFERÐ** Blásarinn svokallaði á Reykjavíkurflugvelli blés snjónum af flugbrautunum í gær. Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins sér um að meta ástand flugbrautanna og bremsumæla þær. Óvenju lítill snjómokstur hefur verið á flugvellinum það sem af er ári, að sögn varðstjóra hjá slökkviliðinu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Kröfuhafar bjartsýnir á horfur hér á landi

**Mestar líkur eru á að erlendir kröfuhafar gamla Kaupþings samþykki að taka 87 prósenta hlut í Arion. Nýlegir kaupendur krafna bankans telja mikil verðmæti felast í honum. Þau muni aukast þegar efnahagslífið rétti úr kútnum.**

**VIÐSKIPTI** Erlendir kröfuhafar gamla Kaupþings hafa samþykkt að taka 87 prósenta hlut í Arion banka og mun íslenska ríkið eiga þau þrettán prósent sem út af standa, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins. Niðurstaðan verður kynnt í dag.

Legið hefur fyrir síðan snemma í september að kröfuhafar muni taka þann hlut sem þeim stóð til boða í bankanum og unnu fulltrúar bandaríska fjárfestingarbankans Morgan Stanley, sem er ráðgjafi í málinu, eftir þeirri línu þar til í síðustu viku. Líklegt var að kröfuhafar myndu fara þessa leið í október. Málið frestaðist hins vegar seint í mánuðinum þar sem endanlegar upplýsingar um fjárhag bankans lágu ekki fyrir.

Kröfuhafar og skilanefnd Kaupþings hafa unnið sleitulaust að því síðan fyrir helgi að ljúka málinu. Samkomulag átti að liggja fyrir á miðnætti.

Eignarhald bankans verður með svipuðu sniði og Íslandsbanka en í báðum tilvikum er eignarhaldið í gegnum sjálfstætt starfandi dótturfélög og munu fulltrúar á vegum kröfuhafa taka sæti í stjórn bankans.

Ekki er loku fyrir það skotið að kröfuhafar snúi baki við Arion þrátt fyrir hverfandi líkur á því. Gerist það mun ríkið eiga bankann áfram en kröfuhafar hafa möguleika á að eignast níutíu prósenta hlut í honum á árabilinu 2011 til 2015.

Eftir því sem næst verður komist skiptast stærstu kröfuhafar Kaupþings í tvö horn. Evrópskir kröfuhafar bankans, svo sem frá Deutsche Bank, hafa verið tvístígandi enda hafa þeir tapað háum fjárhæðum í viðskiptum sínum við íslensku bankana og því ekki jafn viljugir og hinn hópurinn að eignast stóran hlut í bankanum.

Nýrri kröfuhafar, breskir og bandarískir fulltrúar sjóða sem upp á síðkastið hafa keypt kröfur gamla bankans, eru taldir sjá meiri verðmæti í honum en hinn hópurinn. Þeir hafa nú þegar hagnast vel á kaupum skuldabréfa gamla Kaupþings og hafa trú á að íslenskt efnahagslíf muni rétta úr kútnum með ábata fyrir þá.

Endanleg mynd hefur ekki verið dregin upp af nýjum eigendum Arion en frestur til að lýsa kröfum í bú gamla bankans lýkur á gamlársdag. - jab

Sverrir Guðnason slær í gegn:

## Leikur Pontus í Wallander

**FÓLK** Íslenskur leikari sem búsettur hefur verið í Svíþjóð um árabil leikur eitt aðalhlutverkanna í nokkrum myndum um rannsóknarlögreglumanninn Kurt Wallander. „Ég hef verið að leika í sænskum kvikmyndum og sjónvarpsþáttum og var bara beðinn um að taka þátt,“ segir Sverrir Guðnason. Næsta verkefni Sverris er að leika fyrir sænska ríkissjónvarpið en hann vill þó ekki gefa upp hvað um er að ræða. - fgg/sjá síðu 50


**Fylgstu með á www.jolamjolk.is**

**Spennandi leikur hefst 1. desember.**



*Ostakarfa frá Ostahúsinu*

**Ostakörfur eru tilvalin jólagjöf fyrir fyrirtæki og einstaklinga**

Nánari upplýsingar: **www.ostahusid.is**, og í síma **565 3940**

Osta HÚSIÐ



**Læknir Pönkari**





Cow & Gate

BÓNUS

**GÓÐ NÆRING, FYRIR HRESSA KRAKKA!**

## SPURNING DAGSINS



*Guðni, eru menn gjörsamlega að sleppa sér?*

„Nei, ég held að það sé ekki teljandi hætta á ferðum. En menn verða að vita hvað er á seyði.“

Ekki hefur verið haldið markvisst utan um upplýsingar um tölu laxaseiða sem sleppt er í íslenskar ár. Sleppingar hafa verið eftirlitslausar í tólf ár. Guðni Guðbergsson er sviðsstjóri auðlindasviðs Veiðimálastofnunar.

Skuldavandi ríkisfyrirtækis í Dúbaí vakti ugg á alþjóðlegum fjármálamörkuðum:

# Óttuðust annað hrunaskeið

**VIÐSKIPTI** Helstu hlutabréfavísitölur í Miðausturlöndum lækkuðu í gær vegna ótta við að stoðir arabísku fyrirtækjasamsteypunnar Dubai World myndu valda nýrri fjármálakreppu.

Skuldir samstæðunnar nema sextíu milljörðum dala og óskuðu forráðamenn hennar eftir því í síðustu viku að fá hálft ár til að gera upp mál sín. Dubai World hefur að mestu staðið fyrir uppbyggingu í arabaríkinu Dúbaí og byggt þar upp skýjakljúfa og manngerðar eyjar.

Erlendar skuldir Dúbaí-ríkis eru aðeins tuttugu milljörðum dala hærri en skuld fyrirtækjasamsteypunnar, sem er að öllu leyti í eigu hins opinbera. Þrátt fyrir það hafði bandaríska stórblaðið Wall Street Journal eftir háttsettum ráðamönnum í Dúbaí ekki ríkisábyrgð á skuldum fyrirtækisins og ætti ríkið ekki að greiða fyrir óráðsíu einkafyrirtækis. Helstu lánardrottnar Dúbaí og fyrirtækja þar í landi eru bresk fjármálafyrirtæki. Gengi hlutabréfa þeirra lækkaði hressilega í dag vegna óvissunnar í Dúbaí bæði í síðustu viku og um helgina.

Ástandið batnaði nokkuð síðdegis í gær í kjölfar þess að seðlabanki Sameinuðu arabísku furstadæmanna ákvað að ábyrgjast skuldir nágrannaríkisins og fyrirtækja í eigu þess. Í kjölfarið hafði Bloomberg eftir fjármálasérfræðingum að líklegt þyki að fyrirtæki í landinu geti staðið við skuldbindingar sínar. - jab



**MANNGERÐ EYJA** Ríkisfyrirtækið Dubai World hefur staðið fyrir ævintýralegri uppbyggingu í Dúbaí. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Samkomulag á Alþingi:

## Icesave-ræðum frestað í bili

**ALÞINGI** Icesave-umræðum var frestað á Alþingi í gærkvöldi, svo ræða mætti fjáraukalög.

Illugi Gunnarsson þingflokksformaður Sjálfstæðisflokksins segir stjórnarandstæðinga mjög ánægða með að ríkisstjórnin hafi tekið tilboði sínu um þetta. „Auðvitað er hægt að leysa þessi mál með sem bestum hætti þegar menn vilja vera skynsamir og ábyrgir,“ segir hann.

Engin niðurstaða hafi náðst um hvenær Icesave fari á dagskrá, en það verði eftir fyrsta desember. „Enn stendur tilboð okkar um að ræða skattamálin fyrst,“ segir Illugi. - kóþ



**ENGINN GÚMMÍTÉKKI** Grýla virti vandlega fyrir sér ávísunina áður en hún afhenti Jónasi Þ. Þórissyni, framkvæmdastjóra Hjálparstarfs kirkjunnar, tékkann. Skyrgámur fylgdist með. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Skyrgámur og bræður hans:

## Safna fyrir hjálparstarfi kirkjunnar

**HJÁLPARSTARF** Grýla mætti ofan úr fjöllum ásamt sonum sínum með nýbakað brauð í fórum sínum á blaðamannafund Hjálparstarfs kirkjunnar í gær. Þar afhenti Skyrgámur tæplega 600 þúsund króna framlag sem er afrakstur Jólasveinaþjónustu Skyrgáms. Peningunum verður skipt jafnt á milli innanlands- og utanlandsþjónustu hjálparstarfsins.

Jólasveinaþjónustan hefur nú gefið rúmlega fimm milljónir til Hjálparstarfs kirkjunnar á tólf ára starfsferli. Fénu hefur verið varið hérlendis sem og í Malaví og Úganda þar sem Hjálparstarf kirkjunnar er með þróunarverkefni. Jólasveinaþjónustan heimsækir leikskóla, fyrirtæki og einstaklinga fyrir jólin með boðskap og grín og gefur fimmtung af veltunni til hjálparstarfsins.

### ALÞINGI

**Spurt um fatlaða í fangelsum**

Sigmundur Ernir Rúnarsson vill fá upplýsingar frá dómsmálaráðherra um hve margir fatlaðir sitji í fangelsum. Þá vill hann vita hver fötlun umræddra sé og á hvern hátt komið er til móts við sérþarfir þeirra.

# Sjálfstæðismennirnir eyddu 45 milljónum

**Frambjóðendur Sjálfstæðisflokks eyddu sumir á fimmtu milljón króna í prófkjörsbaráttu fyrir alþingiskosningarnar. Enginn frambjóðandi annarra flokka eyddi meira en milljón krónum. Enn á 21 frambjóðandi eftir að svara.**

**STJÓRNMÁL** Af uppgjörsskyldum frambjóðendum í síðustu alþingiskosningum voru flestir hjá Sjálfstæðisflokki, og þeir eyddu líka mestu.

Uppgjörsskyldir frambjóðendur eru þeir sem eyða meira en 300 þúsund krónum í kosningabaráttuna. Þeir þurfa að skila Ríkisendurskoðun fjárhagslegu uppgjöri.

Í allt voru þessir frambjóðendur 45 talsins, þar af 33 í Sjálfstæðisflokki. Þessir 33 eyddu rúmum 45 milljónum króna. Þó kunna einhverjir uppgjörsskyldir að vera ótaldir, því 21 frambjóðandi hefur alls ekki svarað Ríkisendurskoðun.

Uppgjörsskyldir frambjóðendur Samfylkingar voru tíu talsins og eyddu rúmum fimm milljónum alls. Tveir frambjóðendur Framsóknar eyddu svo 650 þúsund krónum. Þetta kunngjörir Ríkisendurskoðun.

Samkvæmt upplýsingum frá VG á enginn frambjóðandi flokksins að vera skyldugur til að gera upp sín fjárútlát, því bann var lagt við auglýsingum í kosningabaráttunni. Tíu frambjóðendur VG hafa þó ekki svarað Ríkisendurskoðun.

Óvíst er með frambjóðendur Frjálslynda flokksins, því helmingur þeirra á eftir að svara.

Sé deilt í þessar tölur kemur í ljós að meðalframbjóðandi Sjálfstæðisflokks, sem á annað borð eyðir meira en 300 þúsund krónum, þarf að punga út einni milljón og tæpum 365 þúsundum.

Meðalfjárútlát hjá svipuðum frambjóðanda Samfylkingar væru 500 þúsund.

Framsóknarmaður myndi eyða 325 þúsund krónum.

En margir ganga lengra. Tveir frambjóðendur Sjálfstæðisflokks, Illugi Gunnarsson og Guðlaugur Þór Þórðarson eyddu meira en fjórum milljónum. Jón Gunnarsson eyddi tæpum þremur milljónum en Bjarni Benediktsson og Ólöf Nordal voru með rúmar tvær.

Hjá Samfylkingu eyddi mestu Sigríður Ingibjörg Ingadóttir. Baráttan kostaði hana 893.292 krónur. Þau Helgi Hjörvar, Skúli Helgason og Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir koma þar á eftir, sú síðastnefnda með 777 þúsunda króna útgjöld, sem hún greiddi úr eigin vasa.

Af þeim 21 sem ekki hafa skilað uppgjöri samkvæmt lögum um fjármál stjórnmálasamtaka er einn þingmaður, Árni Johnsen, og einn flokksformaður, Guðjón Arnar Kristjánsson.

klemens@frettabladid.is, - kóp, sh

**SKIL FRAMBJÓÐENDA Á UPPLÝSINGUM, 29.11.2009**

| | Uppgjör | Yfirlýsing | Óskilað | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| Framsóknarflokkurinn | 2 | 46 | 0 | 48 |
| Frjálslyndi flokkurinn | 0 | 3 | 3 | 6 |
| Samfylkingin | 10 | 65 | 1 | 76 |
| Sjálfstæðisflokkurinn | 33 | 45 | 7 | 85 |
| Vinstrihr. - Grænt framboð | 0 | 92 | 10 | 102 |
| **Samtals** | **45** | **251** | **21** | **317** |



1. ILLUGI GUNNARSSON 4,410,297 kr. 2. GUÐLAUGUR Þ. ÞÓRÐARSON 4,226,425 kr. 3. JÓN GUNNARSSON 2,918,046 kr. 4. BJARNI BENEDIKTSSON 2,269.862 5. ÓLÖF NORDAL 2,192.772

Brugðist við kreppu:

## Ölgerðin segir upp 30 manns

**ATVINNA Ölgerðin Egill Skallagrímsson hefur sagt upp rúmlega þrjátíu starfsmönnum frá og með deginum í dag.**

**Í tilkynningu frá fyrirtækinu eru uppsagnirnar skýrðar með því að auk almennra efnahagsþrenginga takist iðnfyrirtæki á við auknar skattaálögur sem þýða verulegan samdrátt á markaði.**

**Þar að auki glíma mörg þeirra nú jafnframt við hærra vörugjald og virðisaukaskatt.**

**Til að minnka þörf á frekari uppsögnum eru þeir starfsmenn sem eru með hærri laun en 350 þúsund á mánuði beðnir um að afsala sér 3,5 prósenta hækkun launa sem stendur til samkvæmt kjarasamningum.**

**Aðrir verða beðnir um að samþykkja minna starfshlutfall.** - shá

Óttast um réttinn til næringar:

## Vegið að fæðurétti ungbarna

**ALÞINGI** Margrét Tryggvadóttir, Hreyfingunni, lýsti á þingi í gær áhyggjum af boðuðum breytingum á lögum um fæðingarorlof. Kvaðst hún óttast að með styttingu orlofsins í mest fimm mánuði í senn væri réttur ungbarna til næringar fyrir borð borinn en Alþjóðaheilbrigðisstofnunin mælir með því að brjóstamjólk sé eina fæða barna fyrstu sex mánuðina.

Innti hún Álfheiði Ingadóttur heilbrigðisráðherra álits á málinu. Álfheiður sagði Margréti misskilja breytingarnar; mæður gætu valið hvort orlof þeirra styttist eða orlofsgreiðslur skertust.

Þann skilning var ekki að finna í orðum félagsmálaráðherra í Fréttablaðinu í gær. - bþs






Barack Obama mun tilkynna í dag fjölgun hermanna í Afganistan:

# Fjölgi um 30 þúsund í Afganistan

**BANDARÍKIN** Talið er líklegt að Barack Obama, forseti Bandaríkjanna, muni senda um 30 þúsund hermenn til viðbótar til Afganistan í baráttunni við Talibana.

Obama á að hafa tjáð háttsettum mönnum innan hersins þetta á sunnudaginn en mun, samkvæmt fjölmiðlum vestanhafs, kynna þetta opinberlega í sjónvarpsávarpi í dag.

Forsetinn mun hafa upplýst leiðtoga Bretlands, Frakklands og Rússlands um ákvörðun sína í gær. Ef hugmynd Obama um að fjölga hermönnunum gengur eftir verða Bandaríkjamenn komnir með tæplega 100 þúsund hermenn þar í landi. Aðrar þjóðir hafa um 30 þúsund hermenn þar.

Ákvörðunin kemur í kjölfar þess að Gordon Brown, forsætisráðherra Bretlands, lýsti því yfir að Bretar myndu fjölga hermönnum í Afganistan um fimm hundruð.

Í síðustu viku sagðist Obama ætla „að klára verkið“ í Afganistan. Talsmenn Hvíta hússins sögðu Obama hafa verið að beina orðum sínum til bandamanna Bandaríkjanna í Afganistan, þar á meðal Ítala, Breta, Frakka og Rússa. - kh



**Í AFGANISTAN** Um 68 þúsund bandarískir hermenn eru nú þegar staddir í Afganistan. Ef Obama fjölgar þeim um 30 þúsund verða um 130 þúsund manns í fjölþjóðahernum.

# 2 ára í dag!

## 60.028 viðskiptavinir hjá Nova!

**0 kr.**
**Nova**
**í Nova**
1.000 mín. símtöl/
myndsímtöl og 500
SMS/MMS á mánuði.

**Viðskiptavinir Nova hringja og senda SMS á 0 kr. í alla sem þeir þekkja og líka þá sem þeir þekkja ekki hjá Nova!**

### Afmælispakki til þín!

Í tilefni dagsins gefur Nova öllum 60.028 viðskiptavinum sínum afmælispakka sem inniheldur safnplötu með völdum íslenskum lögum nokkurra vinsælustu flytjenda landsins. Smelltu á afmælispakkann á nova.is eða m.nova.is. Góða skemmtun!



Stærsti skemmtistaður í heimi!

Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, Glerártorgi Akureyri
og MM Selfossi | Þjónustuver 519 1919 | **www.nova.is**

0 kr. Nova í Nova: 1.000 mínútur í símtöl/myndsímtöl og 500 SMS/MMS. Auðvitað ekkert mánaðargjald í frelsi og aðeins 490 kr. í áskrift, en þá fylgir líka netið í símann (250 MB/mán).

## GENGIÐ 30.11.2009

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 121,79 | 122,37 |
| Sterlingspund | 201,16 | 202,14 |
| Evra | 183,25 | 184,27 |
| Dönsk króna | 24,619 | 24,763 |
| Norsk króna | 21,513 | 21,639 |
| Sænsk króna | 17,519 | 17,621 |
| Japanskt jen | 1,4094 | 1,4176 |
| SDR | 196,13 | 197,29 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

222,7286

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Hanna Birna Kristjánsdóttir segir dylgjur Ólafs F. Magnússonar ekki svaraverðar:

# Ólafur krefst afsagnar borgarstjórans

**REYKJAVÍK** Hanna Birna Kristjánsdóttir borgarstjóri á að segja af sér vegna fjárframlaga sem hún þáði af Landsbanka Íslands, áður en hún varði hagsmuni eigenda Landsbankans í málefnum Listaháskóla við Laugaveg.

Svo segir Ólafur F. Magnússon, borgarfulltrúi F-lista, sem ætlar að leggja fram tillögu í þessa veru á borgarstjórnarfundi í dag. Hanna Birna hafi verið vanhæf til að gegna skyldu sinni gagnvart borgarbúum, þegar hún fjallaði um Listaháskólann.

Spurður til hvers hann vísi hér, segir Ólafur að Hanna Birna hafi beitt sér „með mjög ákveðnum hætti fyrir byggingu Listaháskóla við Laugaveg, sem gekk þvert á málefnasamning Sjálfstæðisflokks og F-lista um verndun gamallar götumyndar Laugavegarins“.

Um fjárframlögin vísar Ólafur í frétt DV um að Hanna Birna muni hafa fengið allt að 800 þúsund krónur frá Landsbankanum haustið 2005. „Og hún hefur neitað að greina frekar frá fjárhagslegum tengslum sínum við eigendur Landsbankans,“ segir Ólafur.

Hanna Birna Kristjánsdóttir borgarstjóri segir tillögur Ólafs, um að borgarfulltrúar segi af sér eða skili inn heilbrigðisvottorði, ekki nýjar af nálinni.

„Ég líkt og aðrir borgarfulltrúar hef kosið að gera hans pólitík ekki að minni og tel því dylgjur hans um mig og aðra borgarfulltrúa ekki svaraverðar,“ segir hún. **- kóþ**



HANNA BIRNA KRISTJÁNSDÓTTIR

ÓLAFUR FRIÐRIK MAGNÚSSON



**LIFRARSAMLAGIÐ BRENNUR** Húsnæði fyrirtækisins brann um miðjan október.

Öll lifur brædd í Þorlákshöfn:

## Lifrarsamlagið í Eyjum rifið

**ATVINNA Vinna við niðurrif Lifrarsamlagsins í Vestmannaeyjum, sem brann um miðjan október, hófst í gærmorgun. Síðustu lýsisbirgðirnar voru fluttar úr húsinu á fimmtudag en um 140 tonn af lýsi hafa verið send til hreinsunar hjá Lýsi hf. í Reykjavík. Eyjar.net sagði frá.**

**Jóhann Jónsson, sem hefur rekið Lifrarsamlagið síðustu fimmtán ár, telur líklegt að stærsta hluta lýsisins megi nýta, en búast megi við að gæðin rýrni við endurvinnsluna. Jóhann segir að í kjölfar brunans hafi um hundrað tonn af lifur frá Eyjabátum farið til bræðslu í Þorlákshöfn, þar sem nú er eina lifrarbræðslan á landinu.** **- shá**

### LEIÐRÉTT

Ranghermt var í blaðinu í gær að bruni hafi orðið í vinnubúðum hjá Norðuráli á sunnudag. Hið rétta er að bruninn varð í vinnubúðum Líflands sem er að reisa fóðurverksmiðju á Grundartanga.

Rangt var farið með föðurnafn Ilmar Kristjánsdótur leikkonu í laugardagsblaði Fréttablaðsins. Beðist er velvirðingar á mistökunum.

# Bjarki Freyr í 16 ára fangelsi fyrir morð

**Héraðsdómur hefur dæmt Bjarka Frey Sigurgeirsson í sextán ára fangelsi. Hann banaði Braga Friðþjófssyni með borðplötu og vöfflujárni í Hafnarfirði í ágúst. Bjarki Freyr vissi hvorki í þennan heim né annan þegar morðið var framið.**

**DÓMSMÁL** Héraðsdómur Reykjaness dæmdi í gær Bjarka Frey Sigurgeirsson, 31 árs, í sextán ára fangelsi fyrir morð. Bjarki Freyr varð Braga Friðþjófssyni að bana í herbergi að Dalshrauni í Hafnarfirði mánudagskvöldið 17. ágúst síðastliðinn.

Bjarki var handtekinn við húsið skömmu eftir morðið. Hann hafði þá bankað upp á hjá nágranna sínum alblóðugur og í mjög annarlegu ástandi og meðal annars sagt honum að Bragi hefði slasast við að leika Köngulóarmanninn. Bjarki var undir miklum áhrifum áfengis og sjóveikitaflna. Nágranninn hringdi strax í Neyðarlínuna.

Bjarki var ákærður fyrir að hafa slegið Braga ítrekað þungum höggum í höfuðið með borðplötu og vöfflujárni. Bragi játaði sök við þingfestingu málsins, en kannaðist þó ekki við að hafa beitt vöfflujárninu, sem fannst mölbrotið og alblóðugt á vettvangi.

Blóðferlasérfræðingur sem rannsakaði vettvanginn taldi hins vegar ljóst að Bjarki hefði bæði notað borðplötuna og vöfflujárnið við árásina.

Við meðferð málsins greindi Bjarki frá því að hann hefði ráðist á Braga eftir að átök brutust út á milli þeirra þegar þeir stigu inn í herbergið. Eftir að hafa setið að neyslu fyrr um daginn hefðu þeir farið að kýta, Bragi hefði verið með stæla við hann, hefði bitið hann fast í fingurinn og reynt að ræna hann. Bjarki sagðist hafa talið að Bragi bæri hníf á sér og hafi því gripið lítið borð „í brjálæðiskasti“ og látið höggin dynja á honum.



**MUNDI LÍTIÐ** Bjarki hefur setið í gæsluvarðhaldi síðan hann var handtekinn. Með honum á myndinni er Guðrún Sesselja Arnardóttir, verjandi hans. FRÉTTABLAÐIÐ / GVA

Þetta kemur hins vegar ekki heim og saman við staðreyndir málsins. Bragi hafði engan hníf á sér, á fingrum Bjarka voru engin bitför og auk þess bendir allt til þess að tvímenningarnir hafi verið í herberginu í tvær klukkustundir áður en morðið var framið.

Í geðrannsókn sem Bjarki gekkst undir segir að hann hafi verið í óreglu frá unglingsárum. Hann sprauti sig með ýmsum efnum og hugsanlegt sé að hann hafi hlotið heilaskaða á táningsaldri vegna sniffs. Hann hafi átt við kvíða og þráhyggju að stríða.

Þá segir í dómnum að Bjarki virðist ekki hafa verið með sjálfum sér þegar hann framdi morðið vegna neyslu. „Árás ákærða var ofsafengin og hrottaleg og hlaut ákærða að vera ljóst að hún myndi leiða til dauða“, segir enn fremur.

Bjarki hefur ellefu sinnum hlotið dóm frá 1998, fyrir fíkniefnabrot, umferðarlagabrot og þjófnaði.

Bjarki er jafnframt dæmdur til að greiða foreldrum Braga 700 þúsund krónur í miskabætur hvoru um sig og móðurinni auk þess 600 þúsund krónur vegna kostnaðar við útför Braga. **stigur@frettabladid.is**

Kafli á Vestfjarðavegi:

## Þarf að fara í umhverfismat

**STJÓRNSÝSLA** Umhverfisráðherra hefur ákveðið að lagning Vestfjarðavegar, milli Eiðis í Vattarfirði og Þverár í Kjálkafirði, skuli sæta umhverfismati. Sú ákvörðun er samhljóða úrskurði Skipulagsstofnunar.

Svandís Svavarsdóttir umhverfisráðherra upplýsti þetta á Alþingi í gær þegar Einar K. Guðfinnsson, Sjálfstæðisflokki, spurðist fyrir um málið. Kvaðst hún hafa kveðið upp úrskurð sinn á föstudag.

Einar benti á að úrskurðurinn væri kveðinn upp fimm mánuðum eftir lögboðinn frest. Svandís sagði það rétt og áhyggjuefni væri hve oft farið væri fram úr slíkum frestum í ráðuneytinu. Unnið væri að úrbótum. **- bþs**

Ársreikingur RÚV birtur:

## RÚV tapaði 271 milljón í fyrra

**FJÖLMIÐLAR Tap á rekstri Ríkisútvarpsins ohf. nam 271 milljón króna samkvæmt ársreikningi sem birtur var í gær. Í tilkynningu til Kauphallarinnar segir að afkoma Ríkisútvarpsins hafi batnað um 465 milljónir króna frá árinu á undan. Tap ársins megi að öllu leyti rekja til mikils fjármagnskostnaðar vegna verðbólgu og gengislækkunar íslensku krónunnar.**



PÁLL MAGNÚSSON

**Launakjör Páls Magnússonar útvarpsstjóra, námu 18 milljónum króna. Laun hans rýrnuðu ekki þrátt fyrir launalækkun starfsmanna RÚV á síðasta ári. Ástæðan er sú að inn í launakjör útvarpsstjóra reiknast hlunnindamat bíls, en það hefur hækkað verulega.** **- jhh**

VIÐ MÆLUM HEYRNINA ÞÍNA ÓKEYPIS!

HEYRNARSTÖÐIN

Læknastöðin, Kringlunni • Tímapantanir 568 7777 • heyrnarstodin.is

## VEÐURSPÁ



Elísabet Margeirsdóttir Veðurfréttamaður

**KALT Í VEÐRI**

Spákort dagsins er ansi kuldalegt enda frost víðast 1-10 stig. Það verður yfirleitt úrkomulítið í dag, sums staðar dálítil él norðan- og austan til en undir kvöld bætir í úrkomuna suðaustanlands. Það hlýnar lítillega á morgun og hlánar líklega syðst á landinu.




**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 17° |
| Basel | 6° |
| Berlín | 6° |
| Billund | 4° |
| Eindhoven | 9° |
| Frankfurt | 5° |
| Friedrichshafen | 2° |
| Gautaborg | 6° |
| Kaupmannahöfn | 6° |
| Las Palmas | 22° |
| London | 7° |
| Mallorca | 15° |
| New York | 9° |
| Orlando | 25° |
| Ósló | -1° |
| París | 7° |
| San Francisco | 17° |
| Stokkhólmur | 7° |

Vindhraði er í m/s. Hitastig eru í °C. Gildistími korta er um hádegi.




VÍS státar af öflugu þjónustuneti og eru þjónustustaðir félagsins á 42 stöðum víðsvegar um landið. Þannig geta viðskiptavinir VÍS sótt fyrsta flokks þjónustu hvar á landinu sem þeir búa.

Vátryggingafélag Íslands hf. | Ármúla 3 | 108 Reykjavík | Sími 560 5000 | vis.is

## KJÖRKASSINN



*Styður þú áform ríkisstjórnarinnar um afnám sjómannaafsláttarins?*

| | |
|---|---|
| Já | 57,9 |
| Nei | 42,1 |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Er kjör nýs oddvita Framsóknar í Reykjavík merki um nýja tíma í stjórnmálum?*

Segðu þína skoðun á Vísi.is

vísir

Samherji launar starfsfólki sínu fyrir vel unnin störf á árinu:

# Launauppbót í annað skipti

**ATVINNA** Útgerðar- og fiskvinnslufyrirtækið Samherji hefur ákveðið að greiða 300 starfsmönnum sínum í landi hundrað þúsund króna launauppbót, miðað við fullt starf. Uppbótin verður greidd með launum í dag og bætist við umsamda desemberuppbót sem greidd er á sama tíma.

Miðað við mjög krefjandi rekstrarumhverfi hefur rekstur Samherja gengið vel á árinu. Starfsfólk félagsins hefur lagt sig fram í störfum sínum og um að þjónusta kröfuharða viðskiptavini félagsins eftir bestu getu. Fyrir það vill Samherji þakka með þessari launauppbót núna í aðdraganda jólanna, segir á heimasíðu fyrirtækisins.

„Þetta er í annað skipti á árinu sem Samherji greiðir starfsfólki sínu launauppbót umfram kjarasamninga, en það var einnig gert síðastliðið vor. Nú fer í hönd einn útgjaldamesti mánuður ársins hjá flestum fjölskyldum og þess vegna ákváðum við nú að umbuna starfsfólki okkar fyrir frábært starf á árinu,“ segir Gestur Geirsson, framkvæmdastjóri landvinnslu Samherja.

Landvinnsla Samherja fer fram í landvinnslu fyrirtækisins í Dalvíkurbyggð og fiskeldisfyrirtækjum í Grindavík, á Núpum, í Öxarfirði og Mjóafirði. **- shá**



**LANDVINNSLA Á DALVÍK** Samherji greiðir landvinnslufólki launauppbót í dag í annað skipti á árinu. MYND/SAMHERJI

Dræmt hjá uppsjávarskipum:

# Lítil gulldepluveiði hjá öllum

**SJÁVARÚTVEGUR Skip HB Granda, Faxi RE og Ingunn AK, komu til hafnar á Akranesi í lok síðustu viku með samtals um 1.200 tonn af gulldeplu til bræðslu. Faxi var inni á föstudag með rúmlega 700 tonna afla og Ingunn kom degi síðar með tæplega 500 tonn.**

**Að sögn Vilhjálms Vilhjálmssonar, deildarstjóra uppsjávarsviðs HB Granda, hefur veiðin verið léleg á miðunum suður af Reykjanesi síðustu dagana. Frá þessu er sagt á heimasíðu fyrirtækisins. Skipum á gulldepluveiðum hefur fjölgað að undanförnu. - shá**

## SJÁVARÚTVEGUR

### Gegn ólöglegum veiðum

Undirritað hefur verið samkomulag milli Íslands og ESB um framkvæmd á reglugerð sem á að koma í veg fyrir innflutning sjávarafurða sem eiga uppruna sinn í ólöglegum veiðum. Samkvæmt reglugerðinni þarf að fylgja veiðivottorð með öllum íslenskum sjávarafurðum sem fluttar eru inn á markaðssvæði ESB.

## FRÆÐI

### Málþing í dag

Málþing félags- og mannvísindadeildar Háskóla Íslands býður í dag, fullveldisdaginn, upp á mörg fróðleg erindi um þjóðfélagsbreytingar í kjölfar kreppunnar, stöðu Íslands og framtíðarmöguleika út frá sjónarhóli fræðigreina innan deildarinnar. Málþingið verður í stofu 101, Háskólatorgi, klukkan 13.00-16.00.


VEÐURBÓK STORMSINS






Handhæg bók eftir **„Sigga storm“** og **Hólmfríði Þórisdóttur** um hagnýta veðurfræði og það hvernig fólk getur gert sínar eigin veðurathuganir og haldið veðurdagbók þar sem einnig er að finna veður- og hamfaraannál alla daga ársins.

VERÖLD
Bræðraborgarstíg 9


# Uppsagnarákvæði Icesave orðið virkt

**Bretar og Hollendingar geta frá og með deginum í dag rift samningunum um Icesave-skuldbindingarnar. Önnur þingumræðan um málið þokast hægt áfram. Stjórnarandstaðan lagði í gær til frestun en stjórnarliðar vilja halda áfram.**

**ALÞINGI** Bretar og Hollendingar geta, frá og með deginum í dag, sagt upp samningum við íslensk stjórnvöld um lánveitingar til Tryggingarsjóðs innstæðueigenda. Helgast það af því að í gær átti Alþingi að hafa samþykkt ábyrgð íslenska ríkisins á lántökunum, samkvæmt samningi stjórnvalda þar um.

Enn er langt í land í að slík samþykkt liggi fyrir enda þokast önnur umræða um málið hægt áfram.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hafa Bretar og Hollendingar ekki ámálgað uppsögn samninganna en þeim er haldið upplýstum um gang mála á Íslandi. Í ljósi þess að frumvarpið er í farvegi í þinginu halda þeir enn ró sinni. Innan raða stjórnarliða og í stjórnsýslunni eru þó uppi áhyggjur af að þeir kunni að ókyrrast ef ekki tekur að sjá fyrir endann á málinu.

Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra gerði í gær forystumönnum stjórnarandstöðunnar grein fyrir afstöðu sinni til málsmeðferðarinnar á lokuðum fundi. Samkvæmt upplýsingum blaðsins ítrekaði hann þá eindregnu skoðun sína að nauðsynlegt væri að samþykkja málið sem allra fyrst. Margt væri undir því komið, meðal annars lánshæfismat ríkissjóðs og um leið stórra fyrirtækja.

Illugi Gunnarsson, formaður þingflokks Sjálfstæðisflokksins, bar á þingfundi í gær upp tilboð við stjórnarflokkana um framhald þingstarfanna. Í því fólst að gera hlé á Icesave-umræðunni, taka frumvarp til fjáraukalaga til umræðu og koma því til fjárlaganefndar. Ræða svo skattafrumvörp ríkisstjórnarinnar á miðvikudag og vísa þeim þá til nefndar.

Stjórnarliðar gengu ekki að þessu tilboði enda sneri það ekki með nokkrum hætti að mögulegum lyktum Icesave-umræðunnar.

Árni Þór Sigurðsson, þingflokksformaður VG, segir vilja stjórnarflokkanna skýran. „Við viljum ljúka annarri umræðu svo málið komist til nefndar. Þar verður tekin afstaða til þeirra efnisatriða sem stjórnarandstaðan vill að verði skoðuð og sérfræðingar kallaðir fyrir nefndina.“

bjorn@frettabladid.is
kolbeinn@frettabladid.is



**LAGT Á RÁÐIN** Illugi Gunnarsson og Sigmundur Davíð Gunnlaugsson lögðu á ráðin í gær þegar Icesave-umræðan fór fram. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

### VILDI EKKI UPPLÝSA

Steingrímur J. Sigfússon sagði í ræðu að ljúka yrði málinu sem fyrst af ástæðum sem hann vildi ekki nefna. Þær hefði hann tíundað við forystumenn stjórnarandstöðuflokkanna. Fréttablaðið hefur heimildir fyrir því að þar hafi Steingrímur vísað í uppsagnarákvæðið sem orðið er virkt og lánshæfismat Íslands. Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Framsóknarflokksins, kannaðist ekki við að hafa verið upplýstur um ástæðurnar.

Siv vill að forsætis- og fjármálaráðherrar fundi um Icesave með starfsbræðrum:

# Steingrímur segir málið margrætt

**ALÞINGI** Siv Friðleifsdóttir, Framsóknarflokki, vill að Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra og Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra ræði um Icesave-málin við starfsbræður sína í Bretlandi og Hollandi. Vill hún að gerð verði úrslitatilraun til að rétta hlut Íslands í málinu og að það verði gert augliti til auglitis.

Á þingfundi í gærmorgun vitnaði Siv til yfirlýsinga fjármálaráðherra Bretlands og Hollands, annars vegar um að tryggingar Bretanna taki bara til banka sem heyra undir yfirráð breska fjármálaeftirlitsins og hins vegar að regluverk EES um innstæðutryggingar eigi ekki við þegar kerfishrun verður.

Íslensku bankarnir heyrðu ekki undir breska fjármálaeftirlitið og sannanlega varð kerfishrun á Íslandi með falli bankanna fyrir rúmu ári.



SIV FRIÐLEIFSDÓTTIR



STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON

Vildi hún að þessar yfirlýsingar yrðu grunnur viðræðnanna.

Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra svaraði því til að þessi mál hefðu verið margrædd við stjórnvöld ytra og sjónarmiðum Íslendinga haldið á lofti. Réttirinn til að láta reyna á lögmæti skuldbindinga Íslendinga hafi verið viðurkenndur af Bretum og Hollendingum.

„Hvar er baráttuviljinn?“ spurði þá Siv en fékk sömu svör frá Steingrími; málið hefði margsinnis verið rætt án þess að staða þess hefði breyst. **- bþs**


Samfylkingin

# PRÓFKJÖR SAMFYLKINGARINNAR Í REYKJAVÍK

VEGNA VALS FRAMBJÓÐENDA Á FRAMBOÐSLISTA FYRIR BORGARSTJÓRNARKOSNINGAR 2010

Prófkjörið fer fram laugardaginn 30. janúar 2010. Rétt til að bjóða sig fram í prófkjörinu hafa þeir félagar í Samfylkingunni sem eru á kjörskrá í Reykjavík og fá meðmæli minnst 30 og mest 50 flokksfélaga með lögheimili í Reykjavík.

Framboðsfrestur rennur út á hádegi laugardaginn 16. janúar 2010. Frambjóðendur sem uppfylla skilyrðin skili framboði sínu skriflega til kjörstjórnar á skrifstofu Samfylkingarinnar, Hallveigarstíg 1, 101 Reykjavík, ásamt þátttökugjaldi krónur 50 þúsund.

Kosningarétt hafa allir félagar í Samfylkingarfélögunum í Reykjavík sem eiga lögheimili eða hafa kosningarétt í Reykjavík og eru skráðir félagar fyrir lok dags þann 16. janúar 2010.

**Nánari upplýsingar á samfylkingin.is og í síma 414 2200.**

*Kjörstjórn Samfylkingarinnar í Reykjavík*

*Auglýsing þessi er með fyrirvara um óbreytt kosningalög. Verði lögum breytt kann að vera nauðsynlegt að endurskoða tilhögun um val frambjóðenda á framboðslista.*

# Toyota Kópavogi

TOYOTA

## Sértilboð

Veturinn er varasamasti tími ársins í umferðinni og því er mikilvægt að vita til þess að öll öryggisatriði bílsins séu í góðu lagi. Þess vegna viljum við minna á öfluga þjónustu Toyota Kópavogi.

Reglulegt eftirlit  eykur öryggi og stórminnkar líkur á bilunum og dýrum viðgerðum. Það skilar sér einnig í betri endingu og hærra endursöluverði.

**Nýttu þér sértilboð á smurþjónustu og ástands- og öryggisskoðun þegar þú kemur með bílinn til okkar í desember og janúar.**

**Toyota Kópavogi**
**Nýbýlavegi 2 - 8**
**Sími: 570-5070**

**www.toyotakopavogi.is**

Today
Tomorrow
Toyota

## VEISTU SVARIÐ?



1. Hvað hyggst athafnamaðurinn Otto Spork fyrir á Snæfellsnesi?

2. Hvað notaði eiginkona Tiger Woods til að brjóta rúðu á bifreið hans eftir bílslys á dögunum?

3. Hvað hyggjast írönsk stjórnvöld byggja mörg kjarnorkuver á næstu árum?

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 50

Talsmaður Samtaka um betri byggð andmælir forseta borgarstjórnar um framtíð Reykjavíkurflugvallar:

# Vilji þóknast landsbyggðarhagsmunum

**REYKJAVÍK** Forseti borgarstjórnar er að þóknast landsbyggðarhagsmunum í borginni með málflutningi sínum um Reykjavíkurflugvöll og það er skammarlegt að hann hnýti í eina manninn sem gætir hagsmuna borgarbúa í Sjálfstæðisflokknum, Gísla Martein Baldursson.



ÖRN SIGURÐSSON

Svo segir Örn Sigurðsson, einn talsmanna Samtaka um betri byggð. Hann minnir á að Reykvíkingar hafi kosið sérstaklega gegn flugvellinum árið 2001.

Forseti borgarstjórnar, Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, sagði í blaðinu í síðustu viku að ljóst væri að flugvöllurinn yrði ekki færður á næstunni og vísaði til efnahagsástandins í landinu. Hann vildi ekki svara því hvort til greina kæmi að breyta aðalskipulagi til að festa völlinn í sessi.

Örn segir að Vilhjálmur hafi lofað kjósendum sínum fyrir kosningarnar 2006 að flugvöllurinn yrði farinn árið 2016. Að vilja festa flugvöll í sessi vegna efnahagsástandsins sé út í hött.

> „Það var alltaf slæmt að hafa flugvöllinn þarna en nú eftir hrunið er markaður innanlandsflugs hruninn“
>
> **ÖRN SIGURÐSSON**
> HJÁ SAMTÖKUNUM UM BETRI BYGGÐ

„Það var alltaf slæmt að hafa flugvöllinn þarna en nú eftir hrunið er markaður innanlandsflugs hruninn. Og unga fólkið sem kemur út á markaðinn næstu ár getur ekki rekið marga bíla til að búa uppi á heiði. Sá tími er liðinn. Núverandi ástand hrópar á að fleirum verði gefinn kostur á að búa á besta stað á höfuðborgarsvæðinu,“ segir Örn. Vilhjálmur horfi ekki á málið í heild sinni.

„Svo gerir hann lítið úr yfirlýsingu Gísla Marteins um að vera vallarins kosti fjóra milljarða á ári. Borgarstjóri og samgönguráðherra samþykktu að gera úttekt árið 2005 á þessum kostnaði. Samkvæmt henni kostar flugvöllurinn að minnsta kosti fjóra milljarða á ári, á verðlagi ársins 2005. Við teljum þetta vera allt að tíu sinnum dýrara,“ segir Örn.

- kóþ


10 1999 2009 ÁRA

ÖRUGGARI STAÐUR FYRIR PENINGANA ÞÍNA

Hversu stór hluti af þínum sparnaði er í ríkistryggðum bréfum?
Við bjóðum þér einfalda leið til að tryggja fjármunina þína með kaupum í Ríkisskuldabréfasjóði MP.

10,2% ávöxtun sl.12 mánuði




Eignasamsetning
Ríkisskuldabréfasjóðs MP
30.11.2009

MP BANKI

Kynntu þér Ríkisskuldabréfasjóð MP á www.mp.is, í síma 540 3200 eða hjá viðskiptastjórum í Skipholti 50d eða Borgartúni 26.

Borgartúni 26 Skipholti 50d
thjonusta@mp.is www.mp.is

MP Sjóðir hf. hefur útvistað hluta af verkefnum sínum til MP Banka hf. á grundvelli 18. gr. laga nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. MP Sjóðir hf. er fjármálafyrirtæki með starfsleyfi sem rekstrarfélag verðbréfa- og fjárfestingarsjóða skv. 7. tölul. og b-lið 6. tölul. 1. mgr. 3.gr. og 1.-3. tölul. 1.mgr. 27. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Starfsleyfið tekur til reksturs verðbréfa- og fjárfestingarsjóða og annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu skv. 7. tölul. 1.mgr. 3.gr. laga nr. 161/2002 og til eignastýringar, fjárfestingarráðgjafar og vörslu og stjórnunar fjármálagerninga í sameiginlegri fjárfestingu skv. 1.-3. tölul. 27. gr. laga nr. 161/2002. Nánari upplýsingar um verðbréfasjóði og fagfjárfestasjóði MP Sjóða hf. má finna á *www.mp.is/mp-sjodir*. **Vinsamlega hafið í huga að ávöxtun í fortíð er ekki ávísun á ávöxtun í framtíð.**



Auglýsingasími

512 50 50




– Mest lesið




**ÍSAFJÖRÐUR** Verktakafyrirtækið KNH segir upp 60 starfsmönnum í dag. Fyrirtækið er langstærsta verktakafyrirtækið á Vestfjörðum og sinnir verkefnum í vega- og jarðvegsframkvæmdum víða um land. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Stjórnvöldum kennt um uppsagnirnar

**Stærsta verktakafyrirtæki Vestfjarða hefur sagt upp 70 prósentum starfsmanna sinna. Bæjarstjóri Ísafjarðar segir ríkisstjórnina hafa fryst atvinnulífið. Formaður Verkalýðsfélags Vestfirðinga vill aðgerðir.**

**ATVINNUMÁL** Stærsta verktakafyrirtæki Vestfjarða, KNH á Ísafirði, segir upp 60 af 84 starfsmönnum sínum í dag. Í tilkynningu fyrirtækisins segir að forsvarsmenn sjái ekki fram á að geta haldið úti óbreyttri starfsemi ef stjórnvöld halda ekki áfram með þau verkefni sem þegar eru tilbúin til útboðs.

Finnbogi Sveinbjörnsson, formaður Verkalýðsfélags Vestfirðinga, segir uppsagnirnar mikinn skell. Hann hafi fundað með forsvarsmönnum fyrirtækisins í síðustu viku og farið hafi verið yfir mögulegar leiðir, en engar fundið. Hann segir að í þessu tilviki liggi ábyrgðin hjá stjórnvöldum.

„Fyrir svona stór fyrirtæki sem eru í jarðvinnuframkvæmdum skiptir meginmáli að það sé ekki dregið saman í þessum geira.“ Finnbogi segir mikilvægt að stjórnvöld grípi inn í. Menn hafi hegðað sér rangt í þenslunni með fjölda framkvæmda, en í kreppu verði að auka verkefnin.

„Ég veit að það er hart í ári hjá ríki og sveitarfélögum, en þau verða að ganga fram fyrir skjöldu og reyna að endurfjármagna sig og halda atvinnulífinu gangandi. Það má ekki endalaust skera niður í útgjöldum, þú færð engar tekjur inn þannig. Það er ekki leiðin til að vinna sig út úr kreppunni.“



HALLDÓR HALLDÓRSSON



FINNBOGI SVEINBJÖRNSSON

Finnbogi kallar eftir því að ríkisstjórnin ræði við lífeyrissjóðina um aðkomu þeirra að verkum.

Halldór Halldórsson, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar, segir uppsagnirnar reiðarslag fyrir bæjarfélagið. Hann er mjög harðorður í garð ríkisstjórnarinnar og stefnu hennar í atvinnumálum.

„Það er allt á sömu bókina lært hjá þessari ríkisstjórn, það er bara þannig. Hún er að frysta allt sem hún getur fryst í atvinnulífinu og er með stórhættulega stefnu sem verður að víkja af. Það gengur ekki að setja allt í frost og vera svo með einhverjar ótrúlegar þæfingar varðandi gífurlegar álögur á fyrirtæki.

Svo er veri að setja sjávarútveginn í svo mikla óvissu að þar er allt í frosti. Þetta er akkúrat versti tíminn til að gera nokkurn skapaðan hlut af því tagi, nú á að reyna að örva atvinnulífið og láta hjólin snúast hraðar.“

kolbeinn@frettabladid.is

*Jólaleikur*

# Færð þú áfyllinguna endurgreidda eða 250.000 kr. matarúttekt?

Daglega fram að **Þorláksmessu** fær einn heppinn dælulykilshafi áfyllinguna endurgreidda. Nöfn vinningshafa verða dregin út í beinni útsendingu í þætti Rúnars Róberts á Bylgjunni, virka daga milli klukkan 14 og 16.

Á Þorláksmessu mun Rúnar Róberts draga út nafn heppins dælulykilshafa, sem kaupir eldsneyti í desember, og fær hann **250.000 kr. matarkörfu** frá Krónunni.

**Fáðu þér dælulykil á www.atlantsolia.is eða hringdu í síma 591 3100.**

KRÓNAN





ATLANTSOLIA

Atlantsolía / Lónsbraut 2 / 220 Hafnarfjörður / Sími 591 3100 / www.atlantsolia.is



**KERTAVAKA** Hjúkrunarnemar héldu í gær kertavökur víða á Indlandi á heimsdegi eyðni. Um 2,5 milljónir Indverja eru taldar HIV-smitaðar og mörgum hefur verið hafnað af fjölskyldum og vinum vegna sjúkdómsins. NORDICPHOTOS/AFP

Humar og síld:

## Vertíðarlok sama daginn

**SJÁVARÚTVEGUR** Humar- og síldarvertíð hjá Skinney-Þinganesi hf. á Höfn í Hornafirði lauk í gær.

Þetta er afar óvenjulegt en undanfarin ár hefur humarvertíð verið lokið þegar síldarvertíð hefst. Humarvertíðin hefur staðið frá lok mars, eða í átta mánuði.

Heildaraflinn á þessu tímabili er 225 tonn af slitnum humri. Þrír bátar félagsins hafa séð um hráefnisöflunina.

Síldarvertíðin var stutt í báða endana, en afli haustsins er rétt um átta þúsund tonn. Síðastliðið haust var aflinn rúm þrjátíu þúsund tonn.

Uppsjávarskip félagsins, Jóna Eðvalds og Ásgrímur Halldórsson, skiptu aflanum bróðurlega á milli sín.

- shá

# Konur heilbrigðari en karlar

**Rannsókn á heilsu og lífsstíl Íslendinga benda til þess að almennt lifi fólk heilsusamlegu lífi hér á landi. Meiri menntun skilar sér í heilbrigðara líferni. Konur lifa heilsusamlegra lífi en karlar.**

**HEILSA** Þeir sem meira eru menntaðir eru líklegri til að finna sér heilsusamlegri lífsstíl en þeir sem minni menntun hafa og konur lifa almennt heilsusamlegra lífi en karlar. Þetta kemur fram í greiningu Rúnars Vilhjálmssonar, prófessors í félagsfræði við hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands, sem hann byggir á umfangsmiklum könnunum sem gerðar voru á heilsufari Íslendinga á árunum 2006 til 2007.

„Ég ákvað að skoða svokallaða lífsstílsþætti sem hefð hefur verið fyrir að tengja heilsufari síðan gerðar voru viðamiklar rannsóknir í Bandaríkjunum á áttunda áratugnum þar sem sýnt var fram á að tengsl eru á milli heilsusamlegs lífsstíls og heilbrigðis.“ Lífsstílsþættirnir sem kannaðir voru hjá fólki voru eftirfarandi, líkamsþyngd, hvort fólk borðaði aukabita á milli mála, hvort það borðaði morgunmat, hversu lengi fólk svaf á næturnar, hvort það hreyfði sig, hvort það reykti og hversu mikið það drakk af áfengi í viku að jafnaði. Í stuttu máli sagt eru gefin stig fyrir það þegar fólk svarar á þá lund sem heilsusamlegt þykir, stig fæst til dæmis fyrir að reykja ekki, vera í kjörþyngd, drekka í hófi og svo framvegis.

Meðal þess sem kom í ljós þegar Rúnar fór að kanna lífsstíl Íslendinga er að flestir lifa frekar heilbrigðu lífi, fá stig fyrir að minnsta kosti einhverja af þáttunum. Annað sem kom í ljós var að það voru ekki sérlega sterk tengsl á milli þáttanna, það er að segja að þó að fólk stundaði óhollustu af einhverju



**RÚNAR VILHJÁLMSSON**

tagi þá fékk það kannski stig fyrir aðra lífsstílsþætti. „Það voru margir í blönduðum lífsstíl, hvorki mjög óhollum né mjög hollum,“ segir Rúnar.

Töluverður munur kom þó á daginn þegar rýnt var í niðurstöðurnar. „Eftir því sem fólk verður eldra borðar það til dæmis frekar morgunmat. Eldra fólki er hins vegar hættara við að vera yfir kjörþyngd.“

Þegar einstakir hópar voru skoðaðir betur kemur í ljós að þeir sem eru meira menntaðir lifa almennt hollara lífi en þeir sem minna menntaðir eru. Einnig lifa konur heilbrigðara lífi en karlar að meðaltali.

Tekjur og búseta skiptu líka máli, þótt tengslin væru ekki jafn afgerandi. Þeir tekjuhærri lifðu heilsusamlegra lífi en þeir tekjulægri og íbúar höfuðborgarsvæðisins að einhverju leyti líka.

Rúnar segir ávinninginn af heilsusamlegum lífsstíl augljósan og þessar niðurstöður gefi vísbendingu um gott almennt heilsufar Íslendinga. Hins vegar hafi erlendar rannsóknir sýnt að efnahagslegar þrengingar hafi neikvæð áhrif á lífsstíl og því sé full ástæða fyrir stjórnvöld að sinna vel forvarnarstarfi og heilsueflingarstarfi, það sé aldrei mikilvægara en á krepputímum.

sigridur@frettabladid.is

### TENGSL GEÐHEILSU OG LÍFSTÍLS

Þátttakendur í könnuninni voru látnir svara spurningu um hvernig þeir mætu heilsu sína. Í ljós kom að 94 prósent þeirra sem voru með fullt hús stiga á samanlögðum lífsstílskvarða töldu sig við góða heilsu. Ekki einn einasti sem var með engin stig taldi heilsu sína góða. 97 prósent þeirra sem voru með fullt hús stiga á kvarðanum töldu andlega heilsu sína góða en einungis 25 prósent þeirra sem voru með engin stig.

Þess má geta að í bandarísku rannsóknunum áðurnefndu kom í ljós að dánartíðni yfir níu ára tímabil var mun lægri hjá þeim sem voru með sex til sjö stig en þeim sem voru með færri stig.

**Hollustu- og áhættuhegðun fullorðinna Íslendinga (18-75 ára)**




*Ef þú sefur hæfilega, borðar reglulegan morgunverð, borðar ekki aukabita á milli mála, ert í kjörþyngd, hreyfir þig að minnsta kosti einu sinni í viku, reykir ekki og drekkur minna en 3 skammta af áfengi á viku færðu sjö stig á lífsstílskvarðanum.

**BMI stendur fyrir Body mass index, talan fæst með því að deila í þyngd í kílóum með hæð í metrum í öðru veldi. Dæmi um 60 kílóa manneskju sem er 1,70 á hæð: 60/(1,70x1,70) = 20,8. Manneskjan er með BMI 20,8 og er í kjörþyngd.



ENNEMM / SÍA / NM39898



**FRÁ BRUNAREITNUM** Ein elstu hús borgarinnar brunnu hér í apríl 2007, meðan á þáverandi meirihlutasamstarfi Framsóknar og Sjálfstæðisflokks stóð. Borgarstjórinn, Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, hét því þá þegar að gömlu húsin yrðu endurreist. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Þrjú verkefni á síðustu þremur árum hjá borginni:

# Eykt með verk fyrir nærri 600 milljónir

**REYKJAVÍK** Verktakafyrirtækið Eykt hefur fengið verkefni fyrir 585,1 milljón króna fyrir Reykjavíkurborg í þremur verkefnum síðustu þrjú ár, samkvæmt upplýsingum frá Framkvæmda- og eignasviði borgarinnar.

Árið 2007 vann fyrirtækið að flutningi Strætós að Hesthálsi fyrir 423,6 milljónir, eftir að hafa fengið verkefnið í gegnum útboð.

Árið 2009 fékk Eykt samning í tengslum við frágang lóðar umhverfis Höfðatorg, upp á 17,9 milljónir króna. Verkið fólst í gatnagerð og lagnavinnu.

Í september 2009 fékk fyrirtækið svo uppsteypuverkefni á brunareitnum svokallaða við Lækjargötu og Austurstræti í gegnum umdeilt útboð. Það verkefni hljóðar upp á 143,6 milljónir króna.

Fonsi ehf. hafði boðið minna, 137,8 milljónir, í þetta síðastnefnda verk, en fékk það ekki.

Framkvæmdastjóri Fonsa hefur síðan sakað fulltrúa Framsóknarflokksins um spillingu vegna þessa, í ljósi þess að Eykt styrkti flokkinn fyrir kosningar. Flokkurinn neitar þessu með öllu.

Eykt mun engin verkefni hafa fengið hjá borginni árin 2006 og 2008.

**- kóþ**


Janúarveisla á
Kanarí
15. janúar – 12 nætur
27. janúar – vikuferð




Ótrúleg sértilboð - aðeins örfáar íbúðir!
Nú bjóðum við síðustu sætin í sólina á Kanaríeyjum í janúar á frábæru tilboði. Bjóðum nokkrar íbúðir á hinu vinsæla Jardin del Atlantico íbúðahóteli með öllu inniföldu á frábæru sértilboði. Gríptu tækifærið og njóttu lífsins á þessum vinsæla áfangastað á hreint ótrúlegum kjörum. **Ath. örfáar íbúðir í boði. Verð getur hækkað án fyrirvara! Fystur kemur, fyrstur fær!**

Frá kr. 119.900
Netverð á mann, m.v. 2-3 í íbúð á Jardin Atlantico með "öllu inniföldu" í 7 nætur. Aukalega m.v. einbýli kr. 25.000. Aukalega m.v. 12 nátta ferð 15. janúar kr. 20.000. Aukalega m.v. einbýli kr. 40.000. Sértilboð 15. og 27. janúar. Aukavika kr. 40.000.

Heimsferðir
Skógarhlíð 18 • sími 595 1000
Akureyri • sími 461 1099 • www.heimsferdir.is
Ferðaskrifstofa Leyfishafi Ferðamálastofu
Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.






# Segir úrskurð skapa óvissu í Miðskógum

**Kristján Sveinbjörnsson, bæjarfulltrúi á Álftanesi, segir deilu um Miðskóga 8 alls ekki lokið þrátt fyrir úrskurð um að lóðin sé byggingarlóð. Deilan sé rætin, pólitísk og persónuleg. Hann muni hugsanlega leita til umboðsmanns Alþingis.**

**SKIPULAGSMÁL** „Deilurnar hafa verið langar, pólitískar, persónulegar, rætnar og erfiðar,“ segir Kristján Sveinbjörnsson bæjarfulltrúi í bréfi til bæjarstjórnar Álftaness um mál lóðarinnar á Miðskógum 8.

Bæjarstjórnin samþykkti nýlega byggingarleyfi fyrir einbýlishús á sjávarlóðinni á Miðskógum 8. Kristján býr þar fyrir ofan, á Miðskógum 6, og sendir bréf sitt til bæjarstjórnar sem íbúi þar. Hann gerir að umtalsefni úrskurð úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála um að lóðin á Miðskógum 8 sé byggingarlóð. Kristján hefur ávallt lagst gegn byggingu húss á þessari nágrannalóð sinni.

„Úrskurðurinn er ákveðinn áfangi en um leið skapar hann óvissu og vandræði sem ekki hafa verið leyst né leiða leitað til lausna. Því er þessu máli langt í frá lokið þrátt fyrir úrskurðinn,“ skrifar Kristján bæjarstjórninni.

Í bréfi sínu rekur Kristján þá ókosti sem fylgi byggingu húss á Miðskógum 8, meðal annars slæm áhrif á Skógtjörn sem byggðin stendur við. Samþykki bæjarstjórn byggingarleyfi muni hann „skoða þann möguleika“ að fá sérstakan úrskurð frá Úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála um þá ákvörðun. Eins sé hugsanlegt að leita til umboðsmanns Alþingis.

Kristján vék sæti á bæjarstjórnarfundinum en félagar hans í minnihluta Á-listans lögðu til að skoðaður



**MIÐSKÓGAR 6 OG 8** Eigendur Miðskóga 8 á Álftanesi segja nágranna sinn á Miðskógum 6, sem er bæjarfulltrúi og fyrrverandi forseti bæjarstjórnar, hafa beitt sér gegn byggingu einbýlishúss á lóðinni til að tryggja sjálfum sér óskerta sjávarsýn úr húsi sínu. Hann segist hins vegar verja hagsmuni sveitarfélagsins.



**KRISTJÁN SVEINBJÖRNSSON**

yrði grundvöllur þess að kæra úrskurð úrskurðarnefndarinnar. Nefndin hefði gert mistök með því að kanna ekki ný gögn heldur byggja á dómi sem gekk í Hæstarétti. „Bæði röksemdafærsla og niðurstaða nefndarinnar vekur áleitnar spurningar um hvort verjandi er að túlka atburðarás og gjörninga eingöngu til að undirbyggja vörn um einkahagsmuni og um leið hunsa alfarið stefnu sveitarfélagsins í skipulagsmálum,“ segir í bókun fulltrúa Á-listans. Þeir nefndu þann möguleika til lausnar að eigendur Miðskóga 8 fengju nýja lóð annars staðar.

Byggingarleyfið var hins vegar samþykkt í bæjarstjórn af meirihluta fulltrúa Sjálfstæðisflokks og eins bæjarfulltrúa sem sagt hefur skilið við Á-listann. „Niðurstaða málsins kemur ekki á óvart. Þetta mál hefur kostað bæjarfélagið verulegar fjárhæðir í lögfræði- og málskostnað, fyrir utan neikvæða umræðu í bæjarfélaginu. Það er löngu orðið tímabært að finna þessu máli farsælan endi,“ bókaði meirihlutinn.

gar@frettabladid.is






# Stuðningur til sjálfstæðis!
# Eldri borgarar

Stærsti hópur blindra og sjónskertra á Íslandi eru eldri borgarar. Blindrafélagið leggur á það mikla áherslu að sjónskerðingin verði ekki til þess að þeir einangrist. Meðal annars heldur Blindrafélagið úti ferðaþjónustu,ráðgjöf, trúnaðarmannakerfi, hljóðmiðlaútgáfu og félagslífi sem sérstaklega er sniðið að þörfum blindra og sjónskertra eldri borgara.

Brynja Arthúrsdóttir varð alvarlega sjónskert vegna gigtarsjúkdóms 27 ára gömul og blind 29 ára. Brynja starfar sem kynningarfulltrúi og yfirtrúnaðarmaður hjá Blindrafélaginu. Trúnaðarmenn Blindrafélagsins gegna því mikilvæga hlutverki að veita jafningjafræðslu og stuðning til félagsmanna Blindrafélagsins. Brynja er Reykvíkingur og hefur því aðgang að Ferðaþjónustu blindra, sem er akstursþjónusta með leigubílum sem Reykjavíkurborg og Blindrafélagið í sameiningu tryggja lögblindum Reykvíkingum. Ferðaþjónustan er Brynju og öðrum lögblindum Reykvíkingum mjög mikilvægur stuðningur til sjálfstæðis.

## Happdrættismiði frá Blindrafélaginu í heimabankanum þínum. Dregið verður 11. desember

Hugtök Markaðsráðgjöf Nóvember 09

Blindrafélagið, samtök blindra og sjónskertra á Íslandi, er samfélagslegt afl – mannréttindasamtök – sem berst fyrir því að blindir og sjónskertir einstaklingar geti lifað sjálfstæðu, innihaldsríku og ábyrgu lífi og að þeim sé tryggður jafn réttur og jöfn tækifæri til ábyrgrar, virkrar og viðurkenndrar þátttöku í öllum þáttum samfélagsins. Blindrafélagið fjármagnar starfsemi sína að langmestu leyti með sjálfsaflafé. Þar gegnir happdrætti félagsins veigamiklu hlutverki. Með því að kaupa happdrættismiða tekur þú virkan þátt í að styðja blinda og sjónskerta einstaklinga á öllum aldri til sjálfstæðis og stuðlar þannig að auknum lífsgæðum þeirra og um leið betra samfélagi.

**Svona tekur þú þátt í gegnum heimabankann þinn:**

Í heimabankanum þínum birtist valkrafa frá Blindrafélaginu að upphæð kr. 1.939,-. Þú getur opnað kröfuna til að sjá ítarupplýsingar um hana.




Dregið verður í happdrættinu þann 11. desember n.k. en það er sami dagur og eindagi kröfunnar. Númer kröfunnar, þ.e. seðilnúmerið, er það sama og númerið á happdrættismiðanum þínum.
Vinningar í happdrættinu eru glæsilegir, alls um 300 talsins.
Þar á meðal eru 2 bílar, 120 ferðavinningar, 75 gistivinningar og 100 gjafakort í Kringluna. Heildarverðmæti vinninga er um 50 m.kr.

# Þinn stuðningur skiptir máli!

**BLINDRAFÉLAGIÐ**
Samtök blindra og sjónskertra á Íslandi
STOFNAÐ 1939

70

Upplýsingasími 525 0000.
Vinningaskrá birt í textavarpi sjónvarpsins á síðu 290 og á www.blind.is

Hamrahlíð 17 • 105 Reykjavík • Sími 525 0000 • Fax 525 0001 • www.blind.is • Netfang blind@blind.is

# MIKIÐ ÚRVAL



Dantax **FÆST Í 2 LITUM**

**Dantax RR303SV**
FERÐATÆKI með vönduðum CD spilara, 2 hátölurum, FM/AM útvarpi ofl.

**VERÐ ▶ 7.990**
FRÁBÆRT VERÐ




GRUNDIG

**Grundig CLOCK360**
ÚTVARPSVEKJARI með vönduðu útvarpi og tveimur vekjurum.

**VERÐ ▶ 5.990**
FRÁBÆRT VERÐ



GRUNDIG

**Grundig MUSICBOY50**
Mjög vandað ÚTVARP með FM og langbylgju. Fyrir 220v og rafhlöður.

**VERÐ ▶ 8.990**
FRÁBÆRT VERÐ




UNITED

**United DVP8077**
Fjölkerfa DVD FERÐASPILARI með 7" LCD skjá með LED baklýsingu og Lithium hleðslurafhlaða. 12v og 220v.

**VERÐ ▶ 19.990**
FRÁBÆRT VERÐ



PHILIPS

**Philips MC147**
Hljómgóð MÍKRÓSAMSTÆÐA með geislaspilara og FM útvarpi með stöðvaminnum, Dynamic Bass Boost, heyrnartólstengi ofl.

**TILBOÐ ▶ 21.990**
FULLT VERÐ kr. 25.990



JVC

**JVC UXG100**
10w RMS MÍKRÓSAMSTÆÐA með með MP3/WMA geislaspilara, RDS útvarp með 32 minnum, heyrnartólstengi klukku og tímastilli.

**VERÐ ▶ 27.990**
FRÁBÆRT VERÐ



Panasonic

**Panasonic SCHC3**
Örþunn 2x20W SAMSTÆÐA með innb. iPod vöggu, D.Bass, MASH CD spilara, stafr. RDS útvarpi með 30 minnum, klukku, vekjara og svefnrofa, USB, heyrnartólstengi, vönduðum Bamboo Cone hátölurum ofl. Spilar MP3.

EISA AWARD Best Product 2009-2010
MICRO SYSTEM
Panasonic SC-HC3

**TILBOÐ ▶ 64.990**
FULLT VERÐ kr. 69.990



UNITED **DVD MEÐ KARAÓKÍ**

**United DVD7054**
DVD SPILARI með karaókí, Progressive Scan, Dolby Digital og 2 Mic inng. Hljóðnemi og karaókí diskur fylgja.

**TILBOÐ ▶ 9.990**
FULLT VERÐ kr. 10.990

Blu-ray Disc



PHILIPS

**Philips BDP3000**
Full HD Blu-Ray SPILARI með Deep Color (yfir milljarður lita), x.v. Colour, PIP, Progressive Scan, USB 2.0, DivX, HDMI ofl. 1080p uppskölun á DVD. Dolby True HD hljóð, DTS 2.0 + Digital out ofl.

**TILBOÐ ▶ 49.990**
FULLT VERÐ kr. 57.990



Panasonic

**Panasonic SCPT70**
Fjölkerfa 330w HEIMABÍÓ með DVD, Progressive scan, 5 hát. og bassaboxi, Dolby Digital, DTS og Dolby Pro-Logic II, FM útvarpi með minnum, HDMI ofl.

**VERÐ ▶ 49.990**
FRÁBÆRT VERÐ




TOSHIBA

**Toshiba 19DV555DG**
19" LCD Sjónvarp með innbyggðum DVD spilara, HD-READY, 1440x900 punkta upplausn, stafrænum DVB-T móttakara, HD-Ready, HDMI, Component, Composite & Scart, Digital Coaxial, CF, heyrnatólstengi ofl.

**TILBOÐ ▶ 79.990**
FULLT VERÐ kr. 94.990




UNITED

**United 22DD91HD**
22" LCD BREIÐTJALD með innbyggðum DVD spilara, stafrænum móttakara (DVB-T), 1440x900 upplausn, Nicam Stereó, sjálfvirkri stöðvaleit, HDMI, Scart, S-Video & VGA (PC) tengjum. **Tekur 12v og 220v straum.**

**TILBOÐ ▶ 72.990**
FULLT VERÐ kr. 79.990




UNITED

**United LTV9732**
32" LCD BREIÐTJALD með 1366x768p uppl., 3D Comb filter, FullPIX2 / FullPIX HD, 100.000:1 skerpa, PIP (mynd í mynd) og PAP, DVB-T stafr. móttakari, 2 x HDMI, VGA ofl.

**TILBOÐ ▶ 119.990**
FULLT VERÐ kr. 139.990




Panasonic

**Panasonic TXP42C10**
42" Plasma BREIÐTJALD með 1024x768 uppl., 100Hz, 24p, Vreal 4, Real Black Drive 2000.000:1 dýnamískri skerpu, 3D Colour, Sub Pixel Control, Viera Link, DVB-T stafr. móttakara, SD/SDHC kortalesara, 2 x Scart, 2 HDMI, Component, CI rauf, SVHS, CVBS ofl.

**TILBOÐ ▶ 199.990**
FULLT VERÐ kr. 249.990

## MIKIÐ ÚRVAL HLJÓMTÆKJA OG HEIMABÍÓKERFA FRÁ JBL OG HARMAN/KARDON



GÆÐI Á GÓÐU VERÐI
AKG
AKG K912
Mjög vönduð þráðlaus heyrnartól með hleðslustöð. Tíðni 18Hz-20kHz.
VERÐ 11.990
FRÁBÆRT VERÐ
MP3
SanDisk
Hæð: 5.5 Breidd: 3.4 Dýpt: 1.6sm
Sandisk Clip2GB
Örsmár MP3 SPILARI með 2GB innb. minni, diktafóni, USB 2, hleðslurafhlöðu ofl. Mikill hljómur og bjartur skjár. Hreinasta snilld.
VERÐ 11.990
FRÁBÆRT VERÐ
SanDisk
FÆST EINNIG MEÐ 8GB MINNI Á KR. 29.990
SanDisk FUZE4GB
4GB Sansa Fuze MP3 SPILARI með 1.9" LCD litaskjá, FM útvarpi, Diktafóni með innb. míkrafóni. Tekur microSD kort. Spilar Videó, tónlist og ljósmyndir.
VERÐ 20.990
FRÁBÆRT VERÐ
2 LITIR HVÍTT SVART
JBL
Ath. iPod fylgir ekki.
JBL ONSTAGE MICRO
HÁTALARAR með innb. 30w magnara og fjarstýringu, iPod vöggu, Aux tengi fyrir MP3,CD ofl.
TILBOÐ 19.990
FULLT VERÐ kr. 21.990
Panasonic
Panasonic KXTG1311
Þráðlaus DECT SÍMI með baklýstum LCD skjá, 50 númera skrá með nöfnum, númerabirtir fyrir síðustu 50, endurval í síðustu 10, klukku og dags., 17 klst í notkun og 150 í bið.
TILBOÐ 5.990
FULLT VERÐ kr. 6.990
tasco
Tasco 168RB
FERÐASJÓNAUKI með 10x stækkun og 25mm glerjum.
VERÐ 4.990
FRÁBÆRT VERÐ
tasco
Tasco 2023BRZ
SJÓNAUKI með 10x stækkun, 50mm glerjum og Wide angle breiðlinsu. Taska fylgir.
VERÐ 10.990
FRÁBÆRT VERÐ
FÆST Í 2 LITUM
OLYMPUS
12MP
Olympus FE26
12 millj. punkta uppl., Face Detection, Autofocus, Contrast Detection, DSP hristivörn, 2.7" LCD skjá, 3x Optical og 4x Digital Zoom, 6.3 - 18.9mm linsu, hreyfimyndatökua með hljóði, USB, 19MB minni, rauf fyrir xD kort ofl.
TILBOÐ 19.990
FULLT VERÐ kr. 22.990
FÆST Í 2 LITUM
Ultra-Slim Body – Ótrúlega nett
OLYMPUS
12MP
Olympus FE4000
12 millj. punkta uppl., 4x Optical Zoom, 4.65 - 18.6 mm linsu, Intelligent Auto, Advanced Face Detection, 2.7" LCD skjár, hreyfimyndatöku, sjálfv. ISO 100-1600, innb. flassi með Red Eye Reduction, Lithium hleðslurafhlöðu, 19MB innb. minni ofl. Styður xD og microSD kort.
TILBOÐ 27.990
FULLT VERÐ kr. 29.990
Nikon
FÆST Í 5 LITUM
Nikon S220
10 millj. punkta uppl., 2,5" LCD skjá, NIKKOR linsu, 4x fókusvörn, 3x Optical og 7x Digital Zoom, rafrænni titringsjöfnun, hreyfiskynjun, besta mynd valin, blikkprófun, brosstilling, hábróuð AF-andlitsstilling, D-lýsing skugga, hreyfimyndatöku, Ísl. leiðarvísir ofl.
TILBOÐ 32.990
FULLT VERÐ kr. 34.990
HÁGÆÐA LJÓSMYNDIR OG VÖNDUÐ HÁSKERPU HREYFIMYNDATAKA
LEICA DC LENS
Panasonic
4GB KORT OG VÖNDUÐ LEÐURTASKA FYLGIR
Panasonic DMCTZ7
10.1 millj. punkta uppl., Advanced iA, Venus Engine HD, Auto Focus Tracking, Face Detection, LEICA DC Vario Elamrit linsu með MEGA OIS hristivörn, 12x Optical og 4x Digital Zoom, 3" LCD skjá, AVCHD Lite HD hreyfimyndatöku, 40MB minni, rauf fyrir SD/SDHC kort ofl. 300 mynda rafhlaða.
VERÐ 89.990
FRÁBÆRT VERÐ
JÓLATILBOÐ
VÖNDUÐ TASKA + 2x 2GB KORT FYLGIR VÉLINNI
Nikon
10.2 DX
Fæst líka með AFS18-55VR linsu með hristivörn á kr. 122.995
Nikon D3000 KIT1855DX
Digital SLR með 10.2 millj. punkta uppl., DX myndflögu með Nikon EXPEED, ISO 100 -1600, 3" LCD skjá, mjög skörpum 11 svæða sjálfv. fókus, Active D-Lighting, skjámynd snýst, Stop-motion ofl.
TILBOÐ 114.990
FULLT VERÐ kr. 129.990
Full HD 1080p
PASSAR Í LÓFA
Toshiba P10
Handhæg stafræn TÖKUVÉL með 1080p HD upplausn, 5MP kyrrmyndavél, 4x Digital Zoom, 2.5" LCD skjá, 128MB innbyggðu minni og Red-Eye Reduction. Tekur SDHC kort að 32GB.
VERÐ 39.990
FRÁBÆRT VERÐ
2,7"
JVC
JVC GZMS120S
Digital TÖKUVÉL með innb. kyrrmyndavél, 2.7" LCD skjá, 35x Optical / 40x Dynamic Zoom / 800x Digital Zoom, Laser Touch viðmóti, 1/6" CCD upptökuflögu, Konica Minolta F1.8 linsu, MicroSD rauf, USB, A/V út ofl. Þyngd aðeins 290g.
VERÐ 64.990
FRÁBÆRT VERÐ
harman/kardon
HarmanKardon AVR155
5x40w RMS 5.1 HEIMABÍÓMAGNARI með Dolby Digital, DTS ES, Dolby Pro-Logic II og 3 rása stereó, RDS útvarpi með minnum, miklum fjöldi tenginga fyrir öll helstu tæki að aftan og framan. Fjarstýring sem getur stýrt öðrum tækjum.
VERÐ 94.990
FRÁBÆRT VERÐ
VÖNDUÐ MINNISKORT Í ALLAR GERÐIR MYNDAVÉLAR OG TÖKUVÉLA
EINNIG HÁGÆÐA MINNISLYKLAR SEM TREYSTANDI ER FYRIR VIÐKVÆMUM UPPLÝSINGUM!
Extreme Pro 16GB SanDisk
Alltaf gæði og góð kaup!
1971 - 2008
Sjónvarpsmiðstöðin
RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is
SanDisk MINNISKORT
ALLAR GERÐIR
UMBOÐSMENN UM LAND ALLT ► REYKJAVÍKURSVÆÐIÐ: Hagkaup, Smáralind. VESTURLAND: Hljómsýn, Akranesi. Hagkaup, Borgarnesi. Samkaup, Borgarnesi. Blómsturvellir, Hellissandi. Skipavík, Stykkishólmi. VESTFIRÐIR: Kaupfélag Steingrímsfjarðar, Drangsnesi. Samkaup, Ísafirði. NORÐURLAND: KF Steingrímsfjarðar, Hólmavík. KF V-Húnvetninga, Hvammstanga. Krákur, Blönduósi. Skagfirðingabúð, Sauðárkróki. Hagkaup, Akureyri. Heimilistæki, Akureyri. Öryggi, Húsavík. AUSTURLAND: Samkaup, Egilsstöðum. Kauptún, Vopnafirði. KF Héraðsbúa, Seyðisfirði. Sparkaup, Fáskrúðsfirði. Martölvan, Höfn Hornafirði. SUÐURLAND: Mosfell, Hellu. Fossraf, Selfossi. Rás, Þorlákshöfn. Geisli, Vestmannaeyjum. REYKJANES: Tæknirað, Grindavík. Hagkaup, Njarðvík.




Strandríkin slitu öðrum samningafundi sínum um stjórn makrílveiða:

# Pattstaða í makrílviðræðum

**SJÁVARÚTVEGUR** Fundi strandríkja um stjórn makrílveiða á árinu 2010 var slitið í Edinborg í síðustu viku án þess að niðurstaða næðist. Greint var frá þessu í vefútgáfu norska dagblaðsins VG. Þar er haft eftir fulltrúum norska sjávarútvegsráðuneytisins að andrúmsloftið á fundinum hafi verið erfitt og markast af deilum Norðmanna og Evrópusambandsins um veiðirétt þeirra fyrrnefndu innan lögsögu ESB. Fyrsti fundur deiluaðila í Bergen var árangurslaus.

Sjávarútvegsráðherra gaf nýlega út reglugerð um makrílveiðar Íslendinga á næsta ári, þar sem heimilt er að veiða 130 þúsund tonn.

Friðrik J. Arngrímsson, framkvæmdastjóri LÍÚ, fagnar þeirri ákvörðun eins og kemur fram á heimasíðu samtakanna. „Sem fyrr er strandríkisréttur Íslands hunsaður og við útilokuð frá þátttöku í stjórn veiðanna þrátt fyrir skýlausan rétt okkar þar um. Það var því mjög mikilvægt að tilkynna um áætlaðan afla okkar fyrir fundinn. Þannig geta þessir aðilar tekið tillit til hans við ákvörðun um afla sinn á næsta ári og tryggt að heildarveiðin verði innan marka.“

- shá



**SIGHVATUR BJARNASON** Íslensku skipin fá 130 þúsund tonna makrílkvóta á næsta ári sem er ákveðinn með einhliða ákvörðun Íslendinga. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR

Vísindamenn í Ástralíu:

## Rækta umhverfisvænni kindur

**ÁSTRALÍA, AP Vísindamenn í Ástralíu vonast nú til þess að geta ræktað kindur sem menga minna.**

**Að sögn vísindamannanna reyna þeir nú að komast að því hvað veldur því að sumar kindur ropa minna en aðrar, og eru þannig umhverfisvænni. Að þeirra sögn eru ropar kindanna mun meira mengandi en annar vindgangur.**

**Þótt vitað sé að því meira sem kindurnar borði, því meira ropi þær, skýrir það alls ekki allt.**

**Um sextán prósent þeirra gróðurhúsalofttegunda sem Ástralar losa ár hvert koma frá landbúnaði.**

- þeb






**DEMJANJUK Á LEIÐ Í DÓMSALINN Í GÆR** Fyrir 23 árum var Demjanjuk dæmdur til dauða í Ísrael en síðar sýknaður þar sem talið var að honum hefði verið ruglað saman við annan mann. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Réttarhöld yfir Demjanjuk eru hafin í München:

# Átti þátt í dauða 28 þúsund gyðinga

**ÞÝSKALAND, AP** Réttarhöld yfir John Demjanjuk, sem ákærður er fyrir að hafa átt þátt í að myrða nærri 28 þúsund gyðinga í útrýmingarbúðunum Sobibor í Póllandi í seinni heimsstyrjöldinni, hófust í München í Þýskalandi í gær.

Réttarhöldin töfðust um klukkustund þar sem mikill fjöldi manna hafði safnast saman fyrir utan dómhúsið í von um að fá að fylgjast með réttarhöldunum. Demjanjuk, sem er 89 ára gamall, var ekið inn í dómsalinn í hjólastól. Hann var fölur og með augun lokuð. Fjölskylda hans segir hann alvarlega veikan en skömmu áður en réttarhöldin hófust úrskurðaði læknir að hann hefði heilsu til að sitja réttarhöldin.

„Demjanjuk setti á svið leikrit,“ sagði Efraim Zuroff, starfsmaður Simon Wiesenthal-stofnuninni. „Hann hefði frekar átt að fara til Hollywood en til Sobibor.

Demjanjuk er sakaður um að hafa starfað sem fangavörður í útrýmingarbúðunum í Sobibor. Hann er ættaður frá Úkraínu en flutti til Bandaríkjanna eftir stríð. Hann var hermaður í Rauða hernum en árið 1942 var hann handtekinn af nasistum. Verjendur Demjanjuk segja að hann hafi verið neyddur til starfa sem fangavörður. Hefði hann ekki hlýtt hefði hann verið drepinn. Þessi röksemdafærsla verjenda hans er ný af nálinni því allt til þessa dags hefur Demjanjuk neitað því að hafa verið fangavörður í Sobibor.

- th




Maður slasaðist í áflogum:

## Ákærður fyrir líkamsárás á Fjörukránni

**DÓMSMÁL** Karlmaður á sextugsaldri hefur verið ákærður fyrir Héraðsdómi Reykjaness fyrir líkamsárás á skemmtistaðnum Fjörukránni í Hafnarfirði.

Honum er gefið að sök að hafa í ágúst 2008 tekið utan um háls manns og síðan tekið með báðum höndum utan um brjóstkassa hans í því skyni að bera hann út af veitingastaðnum. Við þetta missti fórnarlambið meðvitund. Hinum meinta árásarmanni er einnig gefið að sök að hafa þá sleppt takinu á manninum, sem féll þá fram fyrir sig á gangstétt. Við þetta hlaut hann 2,5 sentimetra breitt sár á höku sem sauma þurfti með fimm sporum, fleiður á tungu og hægri fótlegg og tognun í framanverðum hálsvöðvum auk þess sem brotnaði úr tveimur tönnum.

- jss

Auglýsing Símans í Fréttablaðinu 27.11.2009




Það sem gleymdist

# Heildarmyndin sýnir að **Allur pakkinn er ódýrastur** hjá okkur

| **Ódýrastir fyrir fjölskylduna** | Tal | Vodafone | Síminn |
|---|---|---|---|
| **Net** 10 GB erlent niðurhal | 2.990 kr. | 3.690 kr. | 4.190 kr. |
| **Heimasími** 0 kr. Í alla heimasíma | 1.390 kr. | 1.590 kr. | 1.745 kr. |
| **GSM áskrift** 6 vinir óháð kerfi* | 1.090 kr. | 1.580 kr. | 1.990 kr. |
| **Samtals mánaðargjöld:** | **5.470 kr.** | **6.860 kr.** 25% verðmunur | **7.925 kr.** 45% verðmunur |

* Hjá Vodafone eru 5 vinir óháð kerfi

**Þjónustuver 1817 | Sími 445 1600 | Fax 445 1601 | tal@tal.is | Suðurlandsbraut 24 | 108 Reykjavík**






**STÖÐVAÐUR EFTIR HÁSKAFÖR** Ökuníðingurinn lauk háskaakstrinum við lögreglustöðina á Hverfisgötu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Ríkissaksóknari ákærir ökuníðing á fertugsaldri:

# Stímdi á slökkvistöð og lögreglu

**DÓMSMÁL** Karlmaður á fertugsaldri hefur verið ákærður í Héraðsdómi Reykjavíkur fyrir háskaakstur um borgina, þar sem hann stímdi meðal annars á bíl, fimm útkeyrsluhurðir á slökkvistöðinni í Skógarhlíð og lögreglubifreið. Tveir lögreglumenn sem voru í stórskemmdum bílnum áttu fótum fjör að launa þegar maðurinn gerði sig líklegan til að aka aftur á hann.

Maðurinn er einnig ákærður fyrir tvö fíkniefnabrot. Hann stundaði kannabisræktun og var auk þess tekinn í tvígang með fíkniefni í fórum sínum.

Það var svo sunnudagskvöldið 21. júní í sumar sem maðurinn hóf að aka langt yfir leyfilegum hraða um götur Reykjavíkur. Lögregla reyndi að stöðva hann en án árangurs. Hann var þá bæði undir áhrifum áfengis og fíkniefna. Í látunum ók maðurinn utan í kyrrstæða bifreið, sem í voru ökumaður og tveir farþegar. Sú bifreið kastaðist upp á aðra bifreið sem í var ökumaður. Ökufanturinn skeytti engu um það en ók áfram.

Fjórir slökkviliðsmenn voru inni í slökkvistöðinni þegar maðurinn hóf að stíma á útkeyrsluhurðirnar. Hann kom bílnum inn í stöðina og komust mennirnir fjórir við illan leik undan honum. - jss



# Frábærar jólagjafir

## fyrir fyrirtæki og einstaklinga



### Jólapakki 1

Hamborgarhryggur Hagkaups
Skagfirskt hangikjöt, úrbeinað læri
Ítalía hráskinka
Jólapylsa
Taðreykt lambainnralæri
Jóla pate
Skógarberjasósa
Brie m/hvítlauksrönd

Verð 11.999 kr.

### Jólapakki 3

Hamborgarhryggur Hagkaups
Kabanos pylsa
Parmaskinka
Jólapylsa
Camembert
Jóla pate
Skógarberjasósa
Blönduð ávaxtasulta

Verð 6.799 kr.





### Jólapakki 5

Camembert
Höfðingi
Stóri Dímon
Ostarúlla m/blönduðum pipar
Gullostur
Bóndabrie
Carrs Table Water kex
Melba Toast
Skógarberjasósa
Hindberjasulta

Verð 4.699 kr.

### Jólapakki 7

After Eight 200 g
Quality Street 480 g
Nestle Smarties 170 g
M&M brúnn
Maltesers stór 175 g
Nóa konfekt 1 kg
Kaffitár Selebs kaffi
Nóa konfekt gullmolar 300 g
Toblerone gult 200 g

Verð 8.599 kr.






**EINFALT AÐ PANTA:**
Sendir tölvupóst á jolagjafir@hagkaup.is eða hringir í síma 563-5082 virka daga milli 10:00 og 16:00

50 ára HAGKAUP fyrir Íslendinga í 50 ár

FBL-GREINING: KÚRDAR

# Þjóð án eigin ríkis

Tyrkneska stjórnin lýsti því nýlega yfir að hún ætlaði að veita Kúrdum réttarbætur sem þeir hafa lengi barist fyrir.

### ■ Hvar búa Kúrdar?

Forsaga Kúrda er lítt þekkt, en talið er að þeir hafi búið á sömu slóðum í tugi þúsunda ára. Þeir hafa aldrei átt eigið ríki og dreifast nú á milli nokkurra landa. Flestir þeirra búa í Tyrklandi, líklega 12 til 14 milljónir. Í Íran búa fimm til sjö milljónir, í Írak eru þeir fjórar til sex milljónir og í Sýrlandi um ein og hálf milljón. Nokkrar milljónir búa í Vestur-Evrópu og Ameríku, flestir í Þýskalandi. Heildarfjöldi Kúrda er líklega á bilinu 20 til 30 milljónir.

### ■ Fyrir hverju hafa þeir barist?

Í Tyrklandi eru Kúrdar um 20 prósent íbúanna. Áratugum saman hafa þeir ekki notið almennra mannréttinda. Meðal annars hefur tungumál þeirra verið bannað og þeir hafa hvorki mátt starfrækja stjórnmálaflokka né fjölmiðla. Þeir hafa barist hart fyrir afnámi þessa ranglætis. Vopnuð uppreisn hófst fyrir um þremur áratugum undir forystu Verkamannaflokks Kúrda. Sú barátta hefur kostað tugi þúsunda lífið. Leiðtogi flokksins, Abdullah Öcalan, var handtekinn árið 1999 og hefur setið í fangelsi síðan.



### ■ Hverjar verða réttarbæturnar?

Kúrdar í Tyrklandi hafa fengið ýmsar réttarbætur á undanförnum árum, ekki síst vegna þrýstings frá Evrópusambandinu, sem tyrknesk stjórnvöld vilja ólm fá aðild að. Á síðasta ári leyfði stjórnin Kúrdum að nota tungumál sitt og sjónvarpsstöð hóf útsendingar á kúrdísku. Nú hefur stjórnin heitið því að tungumál þeirra verði opinbert mál í Tyrklandi og nöfn á bæjum og þorpum í Kúrdahéruðunum verði færð aftur til fyrra horfs. Þá verður sett á stofn óháð nefnd sem á að hafa eftirlit með réttindamálum Kúrda og getur tekið við umkvörtunum þeirra á hendur stjórnvöldum.

**FRÉTTAVIÐTAL:** Stofnandi WikiLeaks sækir landið heim

# Frjáls miðlun á Netinu varðar heiminn allan

**Upplýsingar á WikiLeaks stuðluðu að stjórnarskiptum í Keníu og komu í veg fyrir ritskoðunartilburði í ástralskri netlöggjöf. Á vefinn hafa ratað margvísleg leyndarmál, meðal annars frá Íslandi. Á næstu dögum birtast á WikiLeaks smáskilaboð milli stjórnarmanna einhverra stóru íslensku bankanna á tímum hrunsins. Lokakönnun á áreiðanleika gagnanna stendur yfir.**

„Ég held það myndi jafngilda pólitísku sjálfsvígi að fara að handtaka okkur hér,“ segir Julian Assange, ástralskur maður á fertugsaldri, fyrrum tölvuhakkari og stofnandi vefsíðunnar WikiLeaks.

Hugmyndin er þó ekki alveg fjarri lagi, því í júlílok á þessu ári hótaði skilanefnd Kaupþings WikiLeaks málsókn fyrir að rjúfa hér bankaleynd og fór fram á lögbann á fréttaflutning upp úr gögnum bankans sem birst höfðu á vefnum. Julian Assange er hér með félaga frá WikiLeaks, Daniel Schmitt, en þeir koma fram á ráðstefnu Félags um stafrænt frelsi á Íslandi.

„En auðvitað er synd að vera ekki handtekinn, því það myndi vekja athygli á málstaðnum,“ segir Julian íbygginn. Hann á þó líkast til ekki í vandræðum með það því stöðugt birtast nýjar og forvitnilegar upplýsingar á vef hans. Núna segir hann ein tvö mál héðan í skoðun, en á næstu dögum muni líkast til birtast á vefnum smáskilaboðasamskipti milli stjórnarmanna einhverra af þremur stærstu viðskiptabönkunum sem hér störfuðu fyrir hrun. „Það eru svona 80 prósent líkur á að þetta séu gögn sem hægt er að birta,“ segir hann, en varar um leið við of mikilli eftirvæntingu. „Þau vekja líkast til fleiri spurningar en þau svara.“

#### Ritskoðun í skjóli klámbaráttu

Málstaðurinn snýst um frelsi upplýsinga og miðlunar á internetinu, en þar segir Julian þrengt að úr öllum áttum. Ritskoðunartilburðir fari þá gjarnan fram undir þeim formerkjum að sía eigi út efni sem sýni kynferðisbrot gegn börnum. Reyndin sé hins vegar sú að þar sé ekki nema lítið brot af því sem ætlunin er að halda frá notendum Netsins. Hann segir ástæðu til að hafa áhyggjur af aukinni samleitni laga í Evrópu sem komi til með að þrengja að málfrelsi á Netinu, en í Þýskalandi vanti bara uppáskrift forseta til að koma á slíkum lögum. Þar gerði lögregla húsleit í kjölfar þess að WikiLeaks birti gögn um sambærilega löggjöf sem var í smíðum í Ástralíu.

„Við birtum lista yfir þá hluti sem ritskoða átti og í ljós kom að einungis um 32 prósentum tilvika sneru þeir að klámfengnu myndefni af fólki undir átján ára aldri.“ Svarti listinn hafi að hluta verið af pólitískum toga og fullur af villum. „Þetta varð til þess að hætt var við löggjöfina í Ástralíu,“ segir hann, en það hafi stjórnvöld í Þýskalandi túlkað sem ógn við öryggi þar.

„Öll fjölmiðlum er með einhverjum hætti komin á Netið og málfrelsi þar snýr því ekki bara að Netinu, heldur að samfélaginu öllu,“ segir Julian og áréttar að vald til ritskoðunar á Netinu feli í sér vald til að ritskoða fjölmiðlun í heild. „Tilfellið er að heimurinn er allur tengdur og vestræn ríki hagnast á misrétti sem viðgengst annars staðar í heiminu. Tilhneigingin er því frekar í þá átt að hamla upplýsingagjöf sem stuðlað gæti að breytingum,“ segir Julian og telur eitt vísasta merkið um að upplýsingar eigi erindi við almenning að einhver vilji leggja á sig að reyna að leyna þeim. „Nær öll hneykslismál sem getið hafa af sér umbætur hafa snúist um áhrifahópa sem reynt hafa að halda upplýsingum leyndum.“



Julian Assange segir upplýsingarnar sem lekið var úr lána-





**JULIAN ASSANGE** Stofnandi WikiLeaks segir að í byrjun hafið aðstandendur vefsins haft töluverðar áhyggjur af því að reynt yrði að koma á vefinn röngum og villandi upplýsingum. Síðustu tvö ár hafi hins vegar bara tíu sínnum, í milljónum sendinga, orðið uppvíst um að þeim hafi verið send fölsuð skjöl. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## RÁÐSTEFNA FSFI UM STAFRÆNT FRELSI

Í dag stendur Félag um stafrænt frelsi á Íslandi (FSFÍ) fyrir ráðstefnu um stafrænt frelsi. Að sögn félagsins er um árvissan viðburð að ræða, en þetta er í annað sinn sem haldin er ráðstefna af þessu tagi, nú í Háskólanum í Reykjavík við Ofanleiti 2.

„Hér munu mætast hugmyndir um framtíð hugverkaréttar, leynd og gegnsæi, frelsi og framfarir,“ segir á vef samtakanna um ráðstefnuna, en aðalfyrirlesarar eru Eric Saltzman, einn stofnenda Creative Commons verkefnisins, auk Daniels Schmitt og Julians Assange, talsmanna Wikileaks-verkefnisins.



Ókeypis er inn á ráðstefnuna sem hefjast á klukkan níu árdegis með kaffi og skráningu. Klukkan tíu setur Tryggvi Björgvinsson, formaður FSFÍ, svo ráðstefnuna. Dagskrárlok eru svo klukkan fimm síðdegis, en þá verða líka veitt svonefnd frelsisverðlaun FSFÍ 2009.

bók Kaupþings hreint ekkert einsdæmi. Þannig hafi WikiLeak þurft að standa fyrir sínu eftir að svissneski bankinn Julius Baer höfðaði mál á hendur vefnum í San Fransisco í Bandaríkjunum í febrúar í fyrra. Bankinn hafði ekki erindi sem erfiði og tapaði málinu og uppskar ekki annað en fleiri hundruð milljóna kostnað. „Þeir urðu að leggja af starfsemi sína í Bandaríkjunum vegna umfjöllunarinnar og þó nokkrar rannsóknir voru settar í gang.“ Þá segir hann að á vefnum hafi einnig komið fram gögn sem varða fall breska bankans Northern Rock, en hann var eitt af fyrstu fórnarlömbum alþjóðlegu fjármálakreppunnar og það hafi getið af sér lögsókn, auk þess sem fjárfestingabanki í Dubaí hafi nýverið höfðað mál á hendur vefnum.



### Birta ekki hvað sem er

Assange gefur ekki mikið fyrir gagnrýni í þá veru að með því að birta gögn sem varða bankaleynd kunni WikiLeaks að skemma fyrir bankaþjónustu í viðkomandi landi, því án leyndarinnar þrífist ekki bankastarfsemi. „Sviss er nú í hlutverki tækifærissinnans og dregur til sín skattfé annarra landa. Ég held ekki að Ísland vilji feta sömu slóð. En vilji landið skáka í skjóli bankaleyndur þá gengur ekki að bæta þar við rotnum innviðum. Bankaleynd er slæm ein og sér, en bætist spilling við, þá er komin banvæn blanda,“ segir Julian Assange.

Minnihluti þeirra gagna sem WikiLeaks berst er af fjármálalegum toga, en margt af því sem þar hefur komið hefur vakið heimsathygli og jafnvel breytt gangi sögunnar. „Það er óhemjugefandi að fá að vera hluti af slíku,“ segir Julian og nefnir sérstaklega sem dæmi upplýsingar sem komið hafi fram í Keníu og hafi haft úrslitaáhrif í kosningum þar í landi.

WikiLeaks berst óhemjumagn af gögnum en ekkert er þó birt fyrr en farið hefur verið yfir málin og þau staðreynd. „Stundum vinnum við líka meira í málunum, ef þau vekja áhuga okkar. Við höfum rekið okkur á að sumum málum sinna aðrir fjölmiðar ekki vegna þess að innan þeirra skortir ef til vill sérhæfingu og/eða tíma. Við leggjum því ekki jafnmikla vinnu í þau mál sem við vitum að aðrir miðlar koma til með að henda á lofti og leggjum frekar vinnu í að koma öðrum málum í það horf að frá þeim verði greint.“

Þá er heldur ekki svo að hægt sé að „leka“ hverju sem er á WikiLeaks. „Efnið þarf að hafa gildi frá sögulegu, siðfræði-, eða stjórnmálalegu sjónarhorni. Við höfum engan áhuga á að segja frá ástarbréfum eiginkonunnar, nema þá að hún sé gift forsetanum. Þá breytist sjónarhornið.“

### Fátt fólk, mikil áhrif

Julian segir mikilvægt að til staðar sé einfaldur rammi að fara eftir þegar gögn eru metin. „Við lítum ekki á það sem okkar hlutverk að róta upp hneykslismálum, eða safna flettingum. Við bjóðum almannaþjónustu á alþjóðavettvangi og erum málsvarar flautuþyrla og annarra sem þurfa að koma upplýsingum á framfæri, sem öðrum kosti hefði verið haldið leyndum. Og við sköpum okkur um leið trúnaðarskyldu gagnvart heimildarmönnum.“

Starfsemi WikiLeaks er furðuhófleg miðað við umfang og áhrif. Í raun starfa ekki nema þrír til fjórir í fullu starfi við að sinna vefnum. „Okkur innan handar eru svo 1.200 sjálfboðaliðar. Og í tengiliðaskrá fjölmiðla eru um átta þúsund manns,“ segir Julian og bætir við að á félagsvefnum Twitter séu svo um 18 þúsund sem tilbúnir séu að áframsenda til þeirra gögn. „Allt er þetta fólk sem er til í að hlaupa undir bagga. En það er kannski ekki nema einu sinni á ári hjá flestum. Síðan eru aðrir sem aðstoða oftar og svo þessi fámenni hópur sem er í þessu 18 tíma á dag.“

Fjármögnunin kemur svo frá þeim sem vilji vinna málstaðnum gagn, segir Julian. „Þetta er mikið hugsjónastarf. Ég legg sjálfur til fjármagn, aðrir koma með framlög og enn aðrir gefa af tíma sínum. Við erum fámennur hópur fólks með mjög skýra sýn, nánast trúarlega.“ Þá segir Julian að WikiLeaks hafi fengið nokkur vilyrði um fjármögnun frá nokkrum félagsamtökum, en þau mál séu enn vafin nokkurri skriffinnsku. „Starfsfólk okkar vinnur hins vegar allt á jafningjagrunni, engir stjórnendur.“

WikiLeaks er með starfsstöðvar víða um heim. „Við erum í Bandaríkjunum og með með gott fólk í þó nokkrum Evrópulöndum, í Keníu, Ástralíu og víðar. En þetta snýr að stórum hluta að lögfræðiþáttum, því þau mál geta komið upp hvar sem er. Við erum svo með netmiðlara í Svíþjóð og Belgíu, en í þessum tveim löndum er afbragðslöggjöf sem verndar heimildarmenn.“ Julian bendir á að sænsk lög geri ekki bara stjórnvöldum óheimilt að grafast fyrir um heimildarmenn fjölmiðla, heldur sé aukinheldur refsivert fyrir fjölmiðlafólkið sjálft að greina frá heimildarmönnum. „Rétturinn til nafnleysis er stjórnarskrárvarinn. Netþjónustan okkar starfar innan þess ramma.“



FRÉTTASKÝRING
**ÓLI KR. ÁRMANNSSON**
olikr@frettabladid.is



HUGURINN BER ÞIG AÐEINS HÁLFA LEIÐ

Það er alltaf stutt heim um borð hjá Icelandair

HVERS VEGNA VELUR ÞÚ ICELANDAIR?

- Allar áhafnir um borð hjá Icelandair eru íslenskar.
- Allar flugvélar í flota Icelandair eru skráðar á Íslandi.
- Allt viðhald á flugvélum Icelandair er á Íslandi.

Við hjá Icelandair höfum þjónað Íslendingum í meira en 70 ár



BERÐU SAMAN VERÐ OG ÞJÓNUSTU
NÆST ÞEGAR ÞÚ FLÝGUR

ICELANDAIR
WWW.ICELANDAIR.IS

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Hvar hafa dagar lífs þíns lit sínum glatað?

## Fullveldið

**PÁLL BALDVIN BALDVINSSON SKRIFAR**

Í viðtækinu má svissa milli Baggalúts og Alþingis: háðhvörfin í útúrsnúningi æringjanna á amerískum slagara, hvað má gefa þeim sem allt á, eru í sláandi mótsögn við heiftarlegar stagl-umræður um stóru skuldina Icesave. Þar takast á hugmyndir manna sem sitja á pólitískum strandstað eftir að hafa brotið öll okkar skip og hinna sem stóðu hjá og fylgdust úr skjóli stjórnarandstöðu með frækilegum glæfrasiglingum á sundum alþjóðaviðskipta: nú er það þeirra sósíalistanna og sósíaldemókratanna að berjast fyrir að þjóðin taki á sig klafa skulda fyrir óreiðumenn, skjólstæðinga íhaldsins og Framsóknar. Hin sögulega íronía getur tekið á sig stórfenglegar myndir.

Og skuldaskilin eru ekki síður stórfengleg: nú eru stjórnvöld krafin um að standa á sínu, ári eftir að uppgjöfin var undirrituð, skilmálar samþykktir í stórum dráttum – og þeir sem þá stóðu að undirritun eru nú kvabbandi við dyrnar og kvarta yfir smáa letrinu. Og enn stækkar sá hópur sem leggur hart að forseta Íslands að nýta málskotsréttinn og skjóta samþykkt þessa skuldasamnings til þeirra sem eiga að taka upp veskið og borga – þjóðarinnar sjálfrar.

Er nema von að menn beri ótta í brjósti yfir framtíð lýðveldisins á þessari eyju, telji dag sjálfstæðis liðna – svo langt sem það dugar nema að nafninu til margskuldugum ríkissjóði, gjaldþrota fyrirtækjum og heimilum? Glutruðum við því niður með opin augun? Var lýðveldið fórnin sem við gáfum eftir fyrir einkavæðingar- og viðskiptafrelsisdrauma Verslunarráðs og Sjálfstæðisflokksforystunnar, allra sem fylgdu þeirra hugsjónum um „frelsið“ að málum í kosningum eftir kosningum? Rætist það á næsta áratug eru það einhver ömurlegustu eftirmæli um borgaralegar hreyfingar sem má hugsa sér.

Á sama hátt væri það athyglisvert hlutskipti hreyfinga sem kenna sig við lýðræði að setja sig upp á móti kröfu Indefence-manna. Ekki hefur í annan tíma verið jafnbrýnt að allir atkvæðabærir menn fái að taka ákvörðun og ábyrgð á þeim dýra samningi sem nú er í umræðu á Alþingi, jafnskjótt og öll samningsatriðin hafa verið afgreidd svo meirihluta þingsins líki – eða líki ekki – því þannig er sá samningur.

Ekki er að finna sterkari samningsstöðu en þá að skuldasamningur sem þessi fari í þjóðaratkvæði. Sú afgreiðsla myndi njóta alþjóðlegrar athygli. Hvað sem það þýddi fyrir skuldir lands, bankastofnanir, fyrirtæki og heimili? Vilji menn láta hræðslugæðin lönd og leið og láta skeika á sköpuðu – taka slaginn – er hverjum manni hollast að vita hvaða afleiðingar slík fullveldisyfirlýsing hefur í samfélagi vestrænna ríkja: þá er ríkisstjórnin sem taldi sig hafa meirihluta fyrir samningnum að óbreyttu samsett af ómerkingum, allt embættismannahyskið líka, svo ekki sé talað um stjórnarandstöðuna sem breytir um afstöðu eftir stólum. Yrðu forystumenn fullveldisins þá endanlega afgreiddir í samfélagi þjóðanna sem óreiðumenn líka? Og hvað þýddi færi ríkisábyrgð í þjóðaratkvæði og yrði samþykkt? Eða felld?

Ættbálkurinn íslenski stærir sig mjög af þjóðarheitinu. Það er stórt orð Hákot. Í dag er okkur hollt að minnast aðstæðna í Reykjavík 1. desember 1918 í miðjum mannskæðum inflúensufaraldri eftir jarðelda og á nýbyrjuðum hörkuvetri. Þá vorum við fátæk til alls, áttum hvorki för né föt.

Hvaða manndóm kjósum við að sýna nú?

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Jón Kaldal *jk@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
Issn 1670-3871

SÉRSMÍÐI ÚR PARKETI

Gólfþjónustan er með sérlausnir í smíði borða fyrir fyrirtæki og heimili. Við smíðum borð algjörlega eftir þínu máli svo sem borðstofuborð, sófaborð og fundarborð.



GÓLFÞJÓNUSTA ÍSLANDS

SÉRHÆFING Í VIÐHALDI GÓLFA

S: 897 2225

info@golfthjonustan.is | golfthjonustan.is

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Framsókn réttir sinn hlut

Nýverið upplýstist að umframkostnaður Seðlabankans af setu hins útlenda Daniel Gros í bankaráði Seðló er um fimm milljónir á ári. Gros er fulltrúi Framsóknarflokksins í ráðinu. Þessar upplýsingar komu greinilega illa við framsóknarmenn sem nú ætla að rétta sinn hlut. Spyrja þeir því, í nafni Eyglóar Harðardóttur, um kostnaðinn við störf Sveins Haralds Öygards og Önnu Sibert sem situr í peningastefnunefnd bankans. Bæði eru/voru á vegum Samfylkingarinnar. Hahaha, munu framsóknarmenn segja þegar í ljós kemur að kostnaðurinn vegna Sveins var hærri en vegna Daniels. Þannig er nú pólitíkin.



### Á annars vegum

Fátt bendir til þess að Guðlaugur Sverrisson, formaður stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur, sé í því starfi á eigin forsendum. Og fátt bendir reyndar til að hann sé formaður stjórnar þessa risavaxna borgarfyrirtækis fyrir hönd Framsóknarflokksins. Ákvörðun hans um að hætta við að sækjast eftir þriðja sæti á lista flokksins fyrir kosningarnar í vor eftir að Óskar Bergsson hafði fallið út í slagnum um fyrsta sætið rennir stoðum undir þá kenningu að Guðlaugur sé formaður stjórnar OR á forsendum Óskars og fyrir hönd Óskars. Það er skrýtið.



### Bara n

Einhver undarlegasta röksemdafærsla í gjörvallri stjórnmálasögu lýðveldisins var færð fram á þingi í síðustu viku. Þá sagði Kristján Möller samgönguráðherra efnislega að þar sem sjór og snjór væru lík orð væri í góðu lagi að nota peninga sem ætlaðir eru til snjóflóðavarna til sjóflóðavarna. Aðeins munaði einu n-i. Samkvæmt þessu væri annað upp á teningnum ef mar og fönn væru viðteknu orðin í málinu. En þó að n til eða frá skipti ekki alltaf máli í hugum ráðherrans þá skiptir það stundum máli. Í gamla daga var Kristján Möller ritstjóri málgagns kratanna á Siglufirði. Þeir kölluðu blaðið sitt Neista.

**bjorn@frettabladid.is**

# Söguleg ráðstefna



**SVERRIR JAKOBSSON**

**Í DAG** | Loftslagsmál

Umhverfisráðstefnan sem haldin verður í Kaupmannahöfn 8.-15. desember gæti orðið ein mikilvægasta alþjóðaráðstefna seinni tíma. Á hinn bóginn gæti hún einnig orðið enn ein misheppnuð tilraun til að taka á vanda sem ríki heimsins hafa ekki ráðið við til þessa: Vanda hnattrænnar mengunar. Hnattræn mengun af manna völdum er glænýtt fyrirbæri í mannkynssögunni; afleiðing af iðnvæðingu og fólksfjölgun undanfarinna áratuga. Hvort tveggja kallar á aukna orkunýtingu sem bæði gengur á auðlindir heimsins og skapar hnattræna mengun.

Mengun af manna völdum var einungis staðbundin fram á 19. öld. Staðbundin mengun verður af völdum efna sem fara út í andrúmsloftið og geta valdið mengun í nánasta umhverfi ef styrkurinn fer yfir ákveðin mörk. Þessi efni geta haft neikvæð áhrif á lífríki og heilsu manna í nánasta umhverfi. Hnattræn mengun er annars eðlis. Hún orsakast af því að mikið magn tiltekinna efna, svokallaðra gróðurhúsalofttegunda, safnast fyrir í andrúmsloftinu og getur aukinn styrkur þessara lofttegunda í andrúmslofti leitt til loftslagsbreytinga. Ekki skiptir máli hvar á hnettinum uppsprettur slíkrar losunar eru, heldur skiptir máli hvert er heildarmagnið sem er losað út í andrúmsloftið á allri jörðinni. Aukin hitnun andrúmsloftsins undanfarna öld stafar m.a. af þessum ástæðum og getur haft varhugaverðar afleiðingar. Vistkerfi jarðarinnar er háð sífelldum breytingum en miklar hnattrænar breytingar á skömmum tíma munu raska lífskjörum manna og fleiri lífvera á hátt sem erfitt er að spá fyrir um.

Það kemur illa við marga þegar bent er á neikvæðar afleiðingar af þeirri auknu velsæld sem iðnvæðingin hefur skapað fyrir stóran hluta mannkyns og flestar þjóðir dreymir um að öðlast. Jafnvel hefur verið talað um dómadagsspár í því samhengi eða þá að gefið er í skyn að náttúrufræðingar um víða veröld séu í alheimssamsæri gegn blásaklausum orkufyrirtækjum. Þar að auki ganga hugmyndir um minni orkunýtingu gegn grunnhugmynd kapítalismans um ótakmarkaða þenslu. Aukin orkunýting, að verulegu leyti ósjálfbær, var grundvallarþáttur í hagvexti 20. aldar.

Þetta er ástæðan fyrir því að Bandaríkjastjórn kom í veg fyrir heimssamkomulag um minnkun á losun gróðurhúsalofttegunda í Kyoto 1997. Þar var á ferð sendinefnd mönnuð frjálslyndum demókrötum og leidd af sjálfum Al Gore. Vilji bandaríska öldungaráðsins var hins vegar skýr og setti ríkisstjórn Bandaríkjanna óyfirstíganlegar skorður sem snerust eingöngu um efnahagslega hagsmuni. Kostnaður við að ná kjöri á Bandaríkjaþing er svo mikill að orkufyrirtækin hafa öflugt tak á þingmönnum og virðist ekkert vera að draga úr því. Þess vegna hafa væntingar til þess að Bandaríkjaforseti muni standa að samkomulagi sem mark er á takandi verið frekar litlar. Á hinn bóginn kemur þægilega á óvart að leiðtogar Kína hafa sýnt vilja til að draga úr orkuneyslu en til þessa hefur stefna þeirra verið sú að þetta sé fyrst og fremst vandamál sem ríkustu þjóðir heims þurfi að taka á. Yfirlýsing forseta Bandaríkjanna og Kína í síðasta mánuði um að þeir vilji bindandi samkomulag um minnkun á losun gróðurhúsalofttegunda gefur góð fyrirheit, en rétt er þó að gera þann fyrirvara að þeir voru fáorðir um það hversu langt þurfti að ganga. Forsætisráðherra Danmerkur er hins vegar ómyrkur í máli og talar um 80% niðurskurð í losun gróðurhúslofttegunda fyrir 2050. Það verður enda að teljast lágmark ef meiningin er að takast á við vandamálið af alvöru.

Ef einhver ástæða er til þess að binda vonir við fundinn í Kaupmannahöfn felst hún í því að æ fleiri gera sér grein fyrir þeim kostnaði sem felst í núverandi nýtingu á takmörkuðum gas- og olíulindum jarðar. Í fyrsta lagi er það augljóst að rányrkja á takmörkuðum auðlindum gengur ekki til lengdar; það er einungis spurning um tíma hvenær þarf að hugsa málin upp á nýtt og í hlut hvaða kynslóðar það kemur. Í öðru lagi þá er fyrirsjáanlegur kostnaður við að viðhalda núverandi orkunýtingu næstu áratugina gríðarlegur og jafnast á við kostnaðinn af því að draga úr orkunýtingu og eyða frekar peningum í að þróa vistvænni orkugjafa. Það er einungis tímaspursmál hvenær þarf að taka á þeim vandamálum sem orkufrekur iðnaður hefur skapað. Þarf allt að vera komið í þrot áður en leitað verður annarra lausna?

# Óstjórn í borginni

**UMRÆÐAN**

Sigrún Elsa Smáradóttir skrifar um fjármál Reykjavíkurborgar



**SIGRÚN ELSA SMÁRADÓTTIR**

Drög að fjárhagsáætlun eru nú í mótun þar sem við blasir sársaukafullur niðurskurður. Meðal annars í mennta- og leikskólamálum. Stjórnlaus hækkun húsnæðiskostnaðar á kjörtímabilinu eykur mjög á vandann og gerir niðurskurðinn sársaukafyllri. Á kjörtímabilinu hefur kostnaður borgarinnar vegna húsnæðis rokið upp úr öllu valdi og nálega tvöfaldast. Var 4,6 milljarðar í árslok 2005, síðasta heila árið sem Reykjavíkurlistinn var við völd, en er í árslok 2009, eftir kjörtímabil sjálfstæðismanna 8,8 milljarðar. Þessi hækkun er í engu samræmi við verðlagsþróun. Þetta þýðir að nú þegar skera þarf niður kemur það enn harðar niður á þjónustu borgarinnar við borgarbúa.

Húsnæðiskostnaður menntasviðs hefur til dæmis aukist á kjörtímabilinu úr 2,1 milljarði í 4,1 milljarð. Þetta tekur verulega í nú þegar boðaður hefur verið niðurskurður í menntamálum. En þar sem ekki er hægt að skera niður húsnæðiskostnaðinn, sem hefur vaxið frá upphafi kjörtímabilsins úr 16% af heildarútgjöldum menntasviðs í 22%, mun niðurskurðurinn bitna harðar á innra starfi skólans.

Samfylkingin lagði fram eftirfarandi tillögu við afgreiðslu síðustu fjárhagsáætlunar, fyrir um ári síðan: Borgarstjórn samþykkir að við endurskoðun fjárhagsáætlunar fyrir 1. mars verði unnar tillögur að hagræðingu í húsnæðismálum þannig að 2-5% sparnaður náist á næstu þremur árum. Sérstaklega verði hugað að bættri nýtingu húsnæðis og endurskoðun dýrra leigusamninga við einkaaðila sem taka til sín mikið fé, s.s. Höfðatorg, Íþrótta- og sýningahöll og Egilshöll í Grafarvogi. Meirihlutinn hundsaði tillöguna eins og aðrar góðar tillögur frá minnihlutanum.

Eftir fyrirspurnir og eftirgangsmuni hefur einnig fengist staðfest að verklagsreglum hefur ekki verið fylgt þegar kemur að ákvarðanatöku um nýframkvæmdir. Þannig hafa framkvæmdir verið samþykktar án þess að nokkur grein hafi verið gerð fyrir rekstrarkostnaði (innri leigu) sem af þeim leiðir eða sá kostnaður samþykktur. Þannig hefur húsnæðiskostnaður aukist í blindni hjá borginni eftir að sjálfstæðismenn tóku við stjórn hennar, þannig er ekki hægt að reka sveitarfélag.

*Höfundur er borgarfulltrúi Samfylkingarinnar.*

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*



JÓLATILBOÐ
20-30% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM RÚMUM FRÁ KING KOIL!
KING KOIL
110TH ANNIVERSARY
COMFORT solutions
By King Koil
SVEFNSÓFAR Í ÚRVALI
ÁTTU VON Á GESTUM? LÁTTU FARA VEL UM ÞÁ SEM ÞÉR ÞYKIR VÆNT UM.
AMERÍSKAR HEILSUDÝNUR Í HÆSTA GÆÐAFLOKKI
King Koil hefur framleitt hágæða rúm í Bandaríkjunum frá 1898 eða í 111 ár. King Koil framleiðir nú einu rúmin sem eru bæði með vottun frá FCER (Alþjóðarannsóknasamtökum kíropraktora) og Good Housekeeping (stærstu neytendasamtökum Bandaríkjanna).
LIMITED WARRANTY TO CONSUMERS
Good Housekeeping Promises
REPLACEMENT OR REFUND IF DEFECTIVE
AMELIA
Queen size (153x203)
Verð 155.800 kr.
JÓLATILBOÐ
124.640 kr.
20% AFSLÁTTUR!
BALTIC PILLOW
Queen size (153x203)
Verð 272.840 kr.
JÓLATILBOÐ
190.988 kr.
30% AFSLÁTTUR!
GRAND HAVEN
Queen size (153x203)
Verð 424.304 kr.
JÓLATILBOÐ
318.226 kr.
25% AFSLÁTTUR!
AMELIA
• 3 svæðaskipt svefnsvæði
• Lagar sig að líkamanum
• Veitir góða slökun
• Stuðningur við bak
• Tvíhert sérvalið stál í gormum
• Styrktir kantar
GRAND HAVEN
• 5 svæðaskipt gormakerfi
• 7 svæðaskipt svefnsvæði
• svefnsvæðið er með latexi sem skorið er með leysi (laser).
• Lagar sig að líkamanum
• Veitir fullkomna slökun
• Stuðningur við bak
• Steyptir kantar
• 20% stærri svefnflötur
BALTIC PILLOW
• 5 svæðaskipt svefnsvæði
• Lagar sig að líkamanum
• Veitir fullkomna slökun
• Stuðningur við bak
• Tvíhert sérvalið stál í gormum
• Steyptir kantar
• 20% stærri svefnflötur
ATH! ÖLL RÚMIN ERU TIL Í ÖÐRUM STÆRÐUM
ARGH!!! 011209
rekkjan
HEILSURÚM
Rekkjan ehf ·· Suðurlandsbraut 48 (Bláu húsin í Faxafeni) ·· 108 Reykjavík ·· 588 1955 ·· www.rekkjan.is ·· Opið virka d. 10–18 og lau 11–16

# Á hverja hlustar ríkisstjórnin?

**UMRÆÐAN**
Elín Björg Jónsdóttir skrifar um kjaramál


ELÍN BJÖRG JÓNSDÓTTIR

Innan verkalýðshreyfingarinnar gerum við okkur vissulega grein fyrir því að nú, þegar unnið er að lokafrágangi fjárlaga á Alþingi fyrir komandi ár, standa spjótin á stjórnvöldum úr öllum áttum. Margir vilja koma sínum sjónarmiðum á framfæri. Samtök atvinnulífsins leggjast gegn álögum á stóriðju en hafa hins vegar illu heilli tekið undir með þeim sem tala fyrir því að í staðinn verði ýmsar aðrar álögur hækkaðar, svo sem tryggingagjald og aðrir launaskattar á lágtekju- og millitekjuhópa. Ekki fáum við heldur stuðning úr þeim herbúðum til að verja almannaþjónustuna.

Ljóst er að auknar skattaálögur munu ekki nægja til að rétta af fjárlagahalla komandi árs og því er nauðsynlegt að gera hvort tvennt í senn, skera niður og taka lán.

BSRB hefur ekki lagst gegn niðurskurði en bandalagið telur þó að samkvæmt fyrirliggjandi fjárlagafrumvarpi sé niðurskurðurinn í velferðarþjónustunni of mikill. Við höfum bent á að niðurskurður þar geti reynst dýrkeyptur. Hann bitni ekki einungis á þeim sem eiga undir högg að sækja heldur samfélaginu öllu. Þetta var kjarninn í boðskap nýafstaðins aðalfundar BSRB – boðskap sem ætlast er til að ríkisstjórnin hugleiði og taki tillit til.

Og nú fyrirhuga stjórnvöld að skerða fæðingarorlof. Ef skerðingin nær fram að ganga verður vegið að félagslega kerfinu og þó sérstaklega að hagsmunum kvenna. Aðför að fæðingarorlofinu veldur miklum vonbrigðum og spyrja má: Hvernig stendur á að ríkisstjórn sem segist hafa „sett jafnrétti kynja, mannréttindi og kvenfrelsi í öndvegi“ ætli sér að ganga á bak orða sinna með þessum hætti?

*Aðför að fæðingarorlofinu veldur miklum vonbrigðum og spyrja má: Hvernig stendur á að ríkisstjórn sem segist hafa „sett jafnrétti kynja, mannréttindi og kvenfrelsi í öndvegi“ ætli sér að ganga á bak orða sinna með þessum hætti?*

Við eigum að taka alvarlega varnaðarorð þeirra þjóða sem gengið hafa í gegnum kreppu eins og nú blasir við okkur og ljóst er að við þurfum að glíma við næstu misserin. Þannig hafa Finnar bent á að enn sé finnska þjóðin að súpa seyðið af misráðnum og illa grunduðum niðurskurði fyrir tæpum tveimur áratugum. Lærið af mistökum okkar, sagði finnskur ráðherra sem hér var nýlega á ferð. Þessi varnaðarorð ganga vissulega þvert á ráðleggingar og kröfur Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. En á hverja ætlar ríkisstjórnin að hlusta: AGS og Samtök atvinnulífsins eða Finna og BSRB? Hvort skyldi nú vera meira í takt við þá norrænu velferðarstjórn sem ríkisstjórnin segist vera?

*Höfundur er formaður BSRB.*

NVL og Nordplus á Íslandi bjóða til
RÁÐSTEFNU UM TÆKIFÆRI Í NORRÆNU SAMSTARFI?
Fimmtudaginn 3. desember 2009
Hótel Sögu, Yale
Á ráðstefnunni verður styrkjaáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar um fullorðinsfræðslu kynnt sem og tækifæri í gegnum Norræna tengslanetið um nám fullorðinna
Dagskrá:
13:30 Setning
**Antra Carlsen**, framkvæmdastjóri NVL
13:35 NVL; að koma á sambandi
**Sigrún Kristín Magnúsdóttir** fulltrúi Íslands í tengslaneti NVL
13:50 . . en þið á Íslandi? Starfað í norrænum starfshópi
**Bernharður Guðmundsson**, í samstarfshópi um eldri starfsmenn í atvinnulífinu
14:05 Nordplus voksen – nokkrar matarholur
**Ragnhildur Zoëga**, verkefnastjóri Alþjóðaskrifstofu háskólastigsins
14:20 Hvað græði ég á norrænu samstarfi?
**Hróbjartur Árnason**, lektor við menntavísindasvið Háskóla Íslands
14:35 Hlé – Kaffi
14:55 Hvaða verkefni er þörf fyrir á Íslandi
**Hróbjartur Árnason**, stýrir þankahríð og hópastarfi
16:30 Slit
Fundarstjóri: **Ingibjörg Elsa Guðmundsdóttir**
Ráðstefnan er öllum opin og aðgangur er ókeypis
Þátttakendur þurfa að skrá sig á
**www.frae.is/taekifaeri-i-norraenu-samstarfi**
NORDPLUS Voksen
nvl
FRÆÐSLUMIÐSTÖÐ ATVINNULÍFSINS
SKAPARINN AUGLÝSINGASTOFA

# Jólaþorp-ið

**UMRÆÐAN**
Gunnar Axel Axelsson skrifar um verslun


GUNNAR AXEL AXELSSON

Því var slegið upp á forsíðu Fréttablaðsins á laugardaginn að Hafnfirðingar hafi sótt um einkaleyfi fyrir notkun orðsins jólaþorp. Reyndar sagði fyrirsögn blaðsins að Hafnfirðingar „heimti“ slíkt leyfi en það er auðvitað orðum aukið, enda Hafnfirðingar almennt kurteist og gott fólk sem kann að færa óskir sínar fram á tilhlýðilegan hátt.

Af frásögn Fréttablaðsins má auðveldlega sjá málið í nokkuð skondnu samhengi, enda er framsetningu þess hagað þannig að auðvelt er að skilja vísun til orða undirritaðs á þann hátt að Hafnfirðingar ætli sér ekki aðeins að slá eign sinni á þá hugmynd að reka jólamarkað, heldur líka á tilvist þeirra hjóna Grýlu og Leppalúða. Tilurð málsins er þó sú að nýlega ákvað stofnun sem tengist Reykjavíkurborg að setja á laggirnar jólamarkað og völdu forsvarsmenn hennar að nota sama heiti á markaðinn og notað hefur verið undanfarin sjö ár yfir sambærilegt verkefni í Hafnarfirði, þ.e. Jólaþorpið.

Eins og fram kom í Fréttablaðinu þá eru jólamarkaðir útbreitt fyrirbæri og þekkjast víða um heim. Sá markaður sem Hafnfirðingar hafa komið sér upp og hefur risið á aðventunni á hverju ári frá 2003 hefur þó hingað til verið sá eini sinnar tegundar hérlendis. Þeir sem hafa komið þangað og upplifað þá skemmtilegu stemningu sem þar hefur tekist að skapa, vita að notkun orðsins „jólaþorp“ er ekki gripið úr lausu lofti, enda er markaðurinn hannaður frá grunni á þeirri hugmynd að um sé að ræða lítið þorp, þar sem gestir geta gengið um þröng stræti og keypt jólagjafir í fagurlega skreyttum húsum.

Nú kann einhver að spyrja hvers vegna Hafnarfjarðarbær hafi ekki sótt um einkaleyfi fyrr fyrir notkun orðsins en staðreyndin er sú að hingað til hafa umrædd sveitarfélög átt í mjög góðu samstarfi á sviði menningar- og ferðamála og virt þau mörk sem liggja í mótun sérstöðu á hvorum stað.

Þó svo að hinir reykvísku hugmyndasmiðir hafi valið að leita í smiðju vina sinna í Hafnarfirði að þessu sinni, þá verða þeir að sætta sig við þær reglur sem gilda og eiga að koma í veg fyrir að menn nýti vörumerki sem aðrir hafa skapað og hafa fest sig í sessi í hugum neytenda. Vörumerki geta verið af mjög fjölbreyttum toga, t.d. notkun orðs sem vísað getur til tiltekinnar vöru eða þjónustu, t.d. eins tiltekins jólamarkaðar af mörgum slíkum. Þá ber einnig að hafa í huga að þrátt fyrir að ekki hafi verið sótt um einkaleyfi fyrir notkun orðsins Jólaþorp sem vísun til jólamarkaðar áður, þá er hins vegar flest sem bendir til þess að skapast hafi lagalegur vörumerkjaréttur á notkun orðsins í þessu tilfelli, en slíkur réttur getur skapast þó vörumerki séu ekki skráð.

Af því leiðir að Reykvíkurborg er fullkomlega heimilt að efna til jólamarkaðar og starfsmönnum hennar er einnig velkomið að leita í smiðju nágranna sinna í Hafnarfirði með hugmyndir að framsetningu. Ef ætlunin er hins vegar að búa til eftirmynd hins hafnfirska markaðar, líkt og virðist vera raunin í þessu tilfelli, þá hlýtur það að teljast nokkuð sanngjörn krafa að hinir reykvísku hugmyndasmiðir byggi a.m.k. upp sitt eigið vörumerki í kringum framkvæmdina. Það er allavega þar sem við Hafnfirðingar drögum mörkin.

*Höfundur er formaður menningar- og ferðamálanefndar Hafnarfjarðarbæjar.*

# Betra ESB með Lissabonsáttmálanum

**UMRÆÐAN**
Janos Herman skrifar um Evrópusambandið


JANOS HERMAN

Lissabon-sáttmáli Evrópusambandsins, sem aðildarríkin samþykktu nýlega, gengur í gildi 1. desember. Áhrif sáttmálans verða víðtæk og hann mun setja mark sitt á samskipti ESB við nágrannaríki, þ.á.m. Ísland.

Sáttmálinn er niðurstaða átta ára flókinna samninga og umræðna. Leiðin að settu marki var á köflum þyrnum stráð en mikilvægast er að áfangastaðnum er nú náð. Það er ástæða til að ætla að Lissabon-sáttmálinn komi til með að styrkja ESB á að minnsta kosti þremur mikilvægum sviðum.

Fyrir það fyrsta mun sáttmálinn bæta lýðræði og gagnsæi í ESB. Möguleikar almennings til áhrifa á vettvangi sambandsins aukast, til dæmis með svokölluðu „borgaralegu frumkvæði“, en með því getur tiltekinn fjöldi einstaklinga haft bein áhrif á stefnu sambandsins. Völd Evrópuþingsins, sem og þjóðþinga aðildarríkjanna, aukast. Með sáttmálanum verður stofnskrá um grundvallarréttindi borgaranna (Charter of Fundamental Rights) lagalega bindandi. Einnig kveður sáttmálinn á um rétt aðildarríkja til að segja sig úr sambandinu.

Í öðru lagi styrkjast innviðir sambandsins. Reglur um ákvarðanatöku verða samræmdar og meirihlutaákvarðanir innleiddar í fleiri málaflokkum. Frá og með 2014 mun ákvarðanataka í ráðherraráðinu lúta reglunni um „tvöfaldan meirihluta“. Hún gerir ráð fyrir að á bak við hverja ákvörðun sé 55% atkvæða aðildarríkja og 65% af fólksfjölda sambandsins. Hinn nýkjörni forseti leiðtogaráðs ESB, Herman Van Rompuy, tekur að hluta til yfir formennsku í ESB. Aðildarríkin halda þó áfram að skiptast á um að gegna formennskuhlutverki.

Í þriðja lagi verður ESB í betri stöðu til að láta að sér kveða á alþjóðavettvangi. Samningsstaða ESB styrkist samfara því að sambandið fær stöðu sjálfstæðs lögaðila. Hlutverk nýs talsmanns á sviði utanríkis- og öryggismála, Catherine Ashton, verður að samræma utanríkismálastefnu sambandsins og gera hana sýnilegri. Að auki hefur Lissabon-sáttmálinn þýðingu fyrir frekari stækkun ESB, en sterkari innviðir gera sambandinu betur kleift að taka á móti fleiri aðildarríkjum. Það er von til þess að nýtt og sterkara ESB geti um sinn hætt innri naflaskoðun og einbeitt sér að því að takast á við brýn alþjóðleg úrlausnarefni.

Stundum er sagt í gamansömum tón að ESB vanti eitt símanúmer sem leiðtogar heims geti hringt í. Að hluta til er Lissabon-sáttmálanum ætlað að bæta úr þessu. En þó ég hafi mínar efasemdir um að eitt númer dugi er ég viss um að sá eða sú sem hringir mun fá skýrari svör en áður.

Ég er sannfærður um að breytingarnar sem Lissabon-sáttmálinn hefur í för með sér verði jákvæðar fyrir Ísland. Almenningur, viðskiptalíf og stjórnvöld í ESB og á Íslandi hafa tengst nánum böndum ekki síst fyrir tilstilli samningsins um evrópska efnahagssvæðið og Schengen-samkomulagsins. Lissabon-sáttmálinn styrkir þau sameiginlegu gildi sem mynda grunninn að nánu samstarfi okkar.

Árið sem senn er á enda hefur um margt verið erfitt og áhrifa alþjóðlegu fjármála- og efnahagskreppunnar gætir enn. Víða má þó sjá fyrstu batamerkin í efnahagslífi álfunnar. Það ásamt löggildingu Lissabon-sáttmálans gefur von um að betri tíð sé fram undan.

*Janos Herman er sendiherra framkvæmdastjórnar ESB gagnvart Íslandi og Noregi, með aðsetur í Osló.*

Toyota Kópavogi
Auka- og varahlutaverslun

3 ára ábyrgð
TOYOTA
15% afsláttur af Optifit rafgeymum
Frí ísetning hjá hraðþjónustu Toyota
OPTIFIT
Toyota Kópavogi
Nýbýlavegi 2-8, Sími: 570-5070
www.toyotakopavogi.is
Today Tomorrow Toyota


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
FRÁBÆRT VERÐ
539 KR.KG
BÓNUS FERSKUR HEILL KJÚLINGUR
698 KR.STK
MATFUGL STEIKTUR HEILL KJÚKLINGUR
1598 KR.KG
BÓNUS FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR
FRYSTIVARA
198 KR.KG
BÓNUS FROSNIR KJÚKLINGAVÆNGIR
40% AFSLÁTTUR
K.F KOFAREYKT FOLALD M/BEINI
40% AFSLÁTTUR MERKT VERÐ 776 KR.KG.
466 kr.kg.
40% AFSLÁTTUR
K.F SALTAÐ FOLALDAKJÖT
40% AFSLÁTTUR MERKT VERÐ 776 KR.KG.
466 kr.kg.
40% AFSLÁTTUR
ALI FERSKT GRÍSAHAKK
40% AFSLÁTTUR MERKT VERÐ 798 KR.KG. 479 kr.kg.
35% AFSLÁTTUR
K.B FERSKT UNGNAUTAHAKK
35% AFSLÁTTUR MERKT VERÐ 1498 KR.KG. 974 kr.kg.
FRYSTIVARA
579 KR.KG
N.F STEIKTAR FISKIBOLLUR
FRYSTIVARA
198 KR.KG
K.S FROSINN INNMATUR
HJÖRTU OG LIFUR
FRYSTIVARA
998 KR.KG
N.F GRÆNMETISBUFF 1 kg
Fiskbúðin okkar
998 KR.KG
FERSK ÝSUFLÖK ROÐ OG BEINLAUS
298 KR.KG
ALI SALTAÐIR GRÍSASKANKAR
239 KR.
PAMPERS SIMPLY BLAUTÞURRKUR
72 stk. í pakka/tvær teg
159 KR.
CLEAN&FRESH UPPÞVOTTALOGUR 625ml
FRYSTIVARA
598 KR.KG
K.S FROSIÐ LAMBASÚPUKJÖT 1.FLOKKUR
ALLIR BESTU BITARNIR Í ÞESSUM POKA.
139 KR.KG
SÉRVALDAR KARTÖFLUR Í LAUSU
GULLAUGA OG RAUÐAR
259 KR.
COLGATE TANNKREM 100 ML TOTAL WHITENING GEL
159 KR.
COLGATE TANNBURSTI EXTRA MEDIUM
BÓNUS BÝÐUR BETUR
VISA
AFGREIÐSLUTÍMI: ÞRIÐJUDAGUR FRÁ 12.00 - 18.30

# Eykt og gegnsæið

**UMRÆÐAN**

Sigurfinnur Sigurjónsson skrifar um skipulagsmál

Gunnar Valur Gíslason, forstjóri byggingarfélagsins Eyktar, skrifaði grein í Fréttablaðið laugardaginn 21. nóvember sl. þar sem hann fer yfir mikilvægi þess að útboðsferli í opnum útboðum séu gagnsæ og opin. Undirritaður er fullkomlega sammála Gunnari um mikilvægi þess að afgreiðsla mála eftir opnun útboða séu opin og gagnsæ. Þótt þetta eigi að sjálfsögðu við um öll opin útboð er þetta sérstaklega mikilvægt hjá sveitarfélögunum og öðrum opinberum aðilum sem höndla með opinbert fé. Það er óþolandi þegar verkkaupar í opnum útboðum ganga fram hjá lægstbjóðendum til að koma „sínum mönnum“ að.

Þetta virðast Eyktarmenn hafa fengið að reyna á eigin skinni á Akureyri nýlega, og varð þeim tilefni til skrifa.

Gunnar Valur nefnir tvö nýleg dæmi þar sem Eykt átti hlut að máli. Annað þeirra er útboð Reykjavíkurborgar vegna framkvæmda á horni Lækjargötu og Austurstrætis, þar sem Gunnari þótti sjálfsagt og eðlilegt að samið yrði við Eykt ehf. Gunnar eyðir nánast hálfri grein sinni í að réttlæta afgreiðslu borgarinnar, þar sem hann segir lægstbjóðanda ekki hafa uppfyllt tvö atriði í skilyrðum útboðsgagna, þ.e. eigið fé ekki hærra en 30 milljónir og að lægstbjóðandi hafi ekki áður unnið verkefni af sömu stærðargráðu og umrætt verkefni. Þar fer Gunnar Valur einfaldlega með rangt mál. Það liggur algjörlega fyrir að lægstbjóðandi, Fonsi ehf., uppfyllir öll skilyrði sem gerð voru í útboðsgögnum. Að mati verkkaupa voru upplýsingarnar um eiginfjárstöðu of nýjar en fannst ekki taka því að biðja um upplýsingar um reynslu Fonsa ehf. í verkefni af sömu stærðargráðu heldur nýtti sér nokkurra mánaða gömul gögn sem send voru inn til borgarinnar af öðru tilefni.


SIGURFINNUR SIGURJÓNSSON

Fólk getur svo velt því fyrir sér, í ljósi þess ástands sem nú ríkir í þjóðfélaginu, hvort séu betri og áreiðanlegri upplýsingar, ársskýrsla fyrir árið 2008 eða 8 mánaða uppgjör ársins 2009. Eða var það kannski eitthvað annað sem þarna hafði áhrif? Skipti það kannski megin máli í þessu tilviki hver var næstlægstur?

Fram hefur komið í fréttum að Eykt ehf. styrkti Framsóknarflokkinn í Reykjavík um 5 milljónir króna fyrir síðustu sveitarstjórnarkosningar. Formaður innkauparáðs Reykjavíkurborgar sagði svo í sjónvarpsfréttum nýlega að „Eyktin hafi líka styrkt Samfylkinguna og Sjálfstæðisflokkinn um milljónir“. Við aðstæður sem nú eru á byggingamarkaði, þar sem verktakar berjast um öll verkefni, stór og smá, kemur kannski ekkert á óvart að menn fari að krefja um „endurgreiðslu“.

Getur Fonsi ehf. eða aðrir verktakar sem ekki hafa greitt í kosningasjóði gert ráð fyrir að fá sanngjarna og eðlilega meðferð við slíkar aðstæður?

Í ljósi þess að Gunnar Valur vill hafa hlutina „opna og gagnsæja“ væri kannski eðlilegt að hann upplýsti okkur um hvaða stjórnmálaflokka og einstaklinga Eykt ehf. styrkti fyrir síðustu sveitarstjórnarkosningar, í hvaða sveitarstjórnum og um hve háar upphæðir. Þá væri líka fróðlegt fyrir mig, sem aldrei hef styrkt nokkurn stjórnmálamann eða flokk fjárhagslega, að fá að vita hvað menn hafa upp úr slíku. Hvernig fá menn greitt til baka? Varla setur nokkur aðili margar milljónir í slíkt og fær ekki neitt fyrir, eða hvað?

Ég vil taka það fram að það hefur alls ekki verið ætlun mín að fara í karp við Eyktarmenn og lít á engan hátt á þá sem andstæðinga eða óvini, en tel mig hins vegar knúinn til að svara þessum skrifum Gunnars vegna þeirra röngu upplýsinga um fyrirtæki mitt sem hann heldur fram í grein sinni.

Ég styð Eykt fullkomlega í máli þeirra gegn Akureyrarbæ, þar sem verkkaupi virðist hafa gengið fram hjá lægstbjóðanda til að koma öðrum verktaka að, kannski vegna þess að hann er heimamaður eða af öðrum ástæðum sem eru okkur hinum ókunnar.

Að lokum tek ég undir það með Gunnari, að það er gríðarlega mikilvægt að í opnum útboðum séu verkferlar opnir og gagnsæir. En legg áherslu á það til viðbótar að þetta eigi við í öllum tilvikum.

Það er hins vegar jafn mikilvægt að verktakar starfi á gagnsæjan og heiðarlegan hátt og „kaupi“ sér ekki velvild verkkaupa.

*Höfundur er framkvæmdastjóri Fonsa ehf.*

# Nöldur um nöldur

**UMRÆÐAN**

Árni Björnsson skrifar um íslenskt mál


ÁRNI BJÖRNSSON

Bergsteinn Sigurðsson skrifar bakþanka í Fréttablaðið 27. nóvember og kvartar yfir áhyggjum ‘sjálfskipaðra málverndara’ á bloggsíðum af ‘hnignun íslenskunnar’. Viðhorf hans er gamalkunnugt. Svo lengi sem ég man eftir hafa kokhreystimenn á borð við hann klifað á því að íslensk tunga hlyti að vera löngu komin niður í endaþarm, ef nokkurt mark væri takandi á málræktendum. Það virðist fara þessi lifandis skelfing í taugarnar á sumu fólki að nokkur skuli voga sér að amast við ambögum í málfari. Af hverju bregðast menn svona illa við? Af hverju finnst mönnum ekki heldur gaman að þessu?

Ég man sjálfsagt lengra aftur en Bergsteinn eða rúma sex áratugi þegar fyrst var farið að halda úti leiðbeiningum um málfar í útvarpinu. Þar reið á vaðið Björn Sigfússon, fyrrum háskólabókavörður. Ég er ekki í nokkrum vafa um að stöðug árvekni opinberra eða sjálfskipaðra málverndara, ekki síst inni á heimilum, hefur átt mikinn þátt í því að íslensk tunga er þrátt fyrir allt enn í fremur þokkalegu horfi. Án þeirra er öldungis óvíst hvernig ástandið væri. Hugsanlega hefði allt bjargast af sjálfu sér, en hefði illa farið, yrði það aldrei aftur tekið. Og það er ógerningur að sjá að árvekni í tunguræktarmálum sé nokkrum einasta manni til skaða.

Það hefur verið furðuleg árátta síðustu áratugi meðal ákveðins hóps að stimpla málrækt og þjóðrækt sem þjóðrembu og jafnvel fasisma. Maður spyr hvort það sé ástæða þess að enginn fjölmiðill vogar sér lengur að gagnrýna mállýti. Hvorki Morgunblaðið né Fréttablaðið þótt skylt sé að geta þess að hið síðarnefnda er nýlega byrjað að birta notalegar athugasemdir um málfar undir samheitinu Tungutak. Ekki einu sinni Ríkisútvarpið virðist þora að taka á þessu, þótt það hafi myndað sér málstefnu fyrir hálfum þriðja áratug. Útvarpið hefur mjög haldið að sér höndum í þessu efni á seinustu árum og látið sér nægja að spjalla um ýmis skemmtilegheit í orðaforðanum sem vissulega er góðra gjalda vert. Þá er ekki annað en bloggið eftir til daglegrar umræðu, en nú er líka farið að amast við því að menn bloggi um málfarsefni.

*Höfundur er þjóðháttafræðingur.*

NÝTT Á ÍSLANDI
FLJÚGÐU ÓDÝRT 5. MAÍ – 29. SEPT. 2010

Grænland
önnur leiðin frá aðeins:
23.179 ISK*
911 DKK

Nú getur þú flogið ódýrt frá Keflavík til Grænlands. Það kostar aðeins **23.179 kr.*** að fljúga aðra leiðina að fljúga á slóðir Eiríks Rauða í Narsarsuaq og fyrir **27.657 kr.**** kemstu til Nuuk, höfuðborgar Grænlands. Flogið verður til beggja áfangastaðanna á tímabilinu 5. maí - 12. júlí og 8. - 29. september 2010, en einnig verður flogið til Nuuk frá 19. júní - 4. september. Innifalið í verðinu er flug aðra leiðina ásamt öllum sköttum og gjöldum.

**Gríptu tækifærið og bókaðu núna á airgreenland.com**

** Miðað við MasterCard kortagengi 27.11.09: 25,44 ISK = 1 DKK, með fyrirvara um breytingar á gengi ISK.*
*** Verð 1.087 DKK - miðað við MasterCard kortagengi 27.11.09: 25,44 ISK = 1DKK, með fyrirvara um breytingar á gengi ISK.*

50 1960-2010
air greenland

**LÝÐHEILSUSTÖÐ** ráðleggur að menn neyti að minnsta kosti tveggja fiskmáltíða á viku. Algengur skammtur af fiski er um 150 grömm og ágætt að reikna með því að fiskneysla sé að minnsta kosti 300 grömm á viku.



# ;ALLT

FRÉTTABLAÐIÐ
Sölufulltrúi Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473














„Ætli áhugann megi ekki meðal annars rekja til þess að ég hef alltaf fílað mig betur í einstaklingsíþróttum en í liði," segir Sveinn Jóhannesson Kjarval, sjálftitlaður útrásarvíkingur með brennandi áhuga á bardagaíþróttum og líkamsrækt. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Útrásarvíkingur í vígahug

**Sveinn Jóhannesson Kjarval er stórhuga maður, sjálftitlaður útrásarvíkingur sem vílar ekki fyrir sér að lyfta allt að 40 kílóa þungum ketilbjöllum og getur slengt eigin líkamsþyngd yfir höfuð sér án þess að blása úr nös.**

„Ég hef aldrei verið í betra formi, að minnsta kosti ekki síðan ég var átján ára," segir Sveinn Jóhannesson Kjarval, sem hefur æft af kappi combat conditioning og kettle bells, eða ketilbjöllur, sem hafa verið að ryðja sér til rúms hérlendis.

„Combat conditioning er hreinræktuð alhliða líkamsþjálfun, þar sem mikið er unnið með laus lóð, þol og eigin líkamsþyngd," útskýrir Sveinn fyrir blaðamanni og bætir við að þessi tegund líkamsþjálfunar njóti sívaxandi vinsælda og einkum og sér í lagi á meðal þeirra sem stunda bardagaíþróttir.

„Samt er þetta í sjálfu sér ekki bardagaíþrótt og á lítið skylt við þær," bætir Sveinn við, en hann hefur allt frá bernsku heillast af slíkum íþróttum. „Ég hef alltaf verið aðdáandi bardagaíþrótta og lá alveg yfir myndum með Bruce Lee og Jean-Claude van Damme á unglingsárum. Þetta voru náttúrulega harðir naglar," segir hann og hlær.

Áhuginn varð til þess að Sveinn fór að æfa jiu jitsu og taekwondo og gerði það í nokkur ár, áður en hann sneri sér síðan að combat conditioning og ketilbjöllunum. Hann náði ágætis árangri í taekwondo, vann til einna silfurverðlauna á Íslandsmóti og síðan til tvennra gullverðlauna á alþjóðlegum mótum.

Þetta áhugamál virðist vera arfgengt þar sem yngri systir Sveins, Þóra Kjarval, fetaði til skamms tíma í fótspor stóra bróðir. „Það kom fyrir að maður lamdi litlu systur sína á æfingum. En það var allt í lagi, hún kunni nú alveg að sparka frá sér," segir Sveinn hlæjandi og neitar því ekki að ýmis ágreiningsefni hafi verið leyst í taekwondo-tímum. „Nú heldur hún sig mestmegnis í ræktinni og stendur sig vel."

Þótt bardagaíþróttirnar hafi alltaf heillað mest segist Sveinn fá heilmikið út úr rútínunni sem hann hefur komið sér upp á síðustu árum. „Þú sérð það að ég næ að taka allan pakkann á aðeins 45 mínútum í hádeginu svona fjórum til fimm sinnum á viku," útskýrir hann og bætir við að hann sé alltaf að bæta við sig. „Nú get ég til að mynda slengt eigin líkamsþyngd yfir höfuð. Það er nýjasti árangurinn."

*roald@frettabladid.is*




**HÚÐHREINSUN** er mikilvæg áður en við setjum á okkur andlitskrem og þá allt árið um kring eigi kremin að virka.





Glæsilegu
Vanity Fair haldararnir
komnir aftur. 7990 kr.
Ynja
UNDIRFATAVERSLUN
HAMRABORG 20A • KÓPAVOGI 544-4088 • YNJA.IS








LAGERSALA
Mikið úrval af ódýrum skóm á alla fjölskylduna
Light Step


herraskór stærðir 39-47
dömuskór stærðir 36-42
Opið virka daga 12:00 - 18:00 - laugardaga 12:00 - 16:00
Gabor
xena
Grensásvegi 8 - 108 Reykjavík
Allar upplýsingar í síma 517-2040


# Vakir yfir framleiðslunni

**Krem, smyrsl og tinktúrur úr lífrænum íslenskum lækningajurtum komu á markað fyrir skemmstu. Anna Rósa Róbertsdóttir grasalæknir tínir jurtirnar og vakir yfir framleiðslunni ferlið á enda.**



Anna Rósa tínir jurtirnar og hrærir þær síðan sjálf í þar til gerðum pottum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Anna Rósa Róbertsdóttir grasalæknir hefur sett á markað krem, smyrsl og tinktúrur undir eigin nafni en þær eru búnar til úr handtíndum íslenskum lækningajurtum. „Ég er auk þess með örfáar erlendar jurtir en þær eru undantekningarlaust lífrænt vottaðar," segir Anna Rósa.

Anna Rósa heldur samhliða úti heimasíðunni www.annarosa.is en þar er hægt að nálgast allar upplýsingar um þær jurtir og þau efni sem eru í vörunum. „Það hefur alltaf farið svo í taugarnar á mér að geta ekki lesið mér almennilega til um hvað er í hinum ýmsu vörum og var ég staðráðin í því að bæta úr því en við hverja vöru á síðunni er að finna lista yfir innihald. Með því að smella á orðin birtast upplýsingar um hvert efni og hverja jurt fyrir sig," upplýsir Anna Rósa, sem notar engin paraben-rotvarnarefni eða kemísk ilmefni í vörurnar. „Það er þó ekki hægt að búa til hvít krem án rotvarnarefna en ég nota blöndu sem er samþykkt af bresku lífrænu vottunarstofunni Soil Association og hana má finna í lífrænt vottuðum kremum frá Bretlandi."

Anna Rósa réðst í verkefnið í byrjun árs, eyddi sumrinu í að tína jurtir um allt land og er nú komin með vöruna á markað. „Ég fékk styrk frá atvinnumálasjóði kvenna og þá varð ekki aftur snúið," segir Anna Rósa innt eftir því hvað varð til þess að hún fór af stað. „Ég var lengst að þróa hvítu kremin en tinktúrurnar og smyrslin hef ég verið að fást við síðan ég útskrifaðist árið 1992." Anna Rósa segist hafa farið út í að gera krem þar sem hún hafi ekki fundið nein dagkrem sem henni líkaði en í línunni eru dagkrem, 24 stunda krem, græðikrem, hand- og fótaáburður.

Anna Rósa handhrærir vörurnar sjálf í þar til gerðum pottum. „Ég notast ekki við neinar vélar og hleypi engum í framleiðsluna mína. Ég vil vaka yfir þessu og þannig stefni ég að því að hafa framleiðsluna til frambúðar."

Grasalækningar og upplýsingamiðlun eru Önnu Rósu mikið hjartans mál en hún heldur úti vinsælli facebook-síðu þar sem hún gefur ráð og svarar spurningum áhugasamra en auk þess er hún með stofu í Heilsuhvoli. Útsölustaði nýju línunnar er að finna á forsíðu heimasíðunnar www.annarosa.is

*vera@frettabladid.is*



Tinktúrurnar innihalda jurtir sem hafa reynst vel við ýmsum kvillum sem Anna Rósa hefur meðhöndlað í gegnum tíðina.

Ítarlegar upplýsingar um öll innihaldsefni í vörunum er að finna á heimasíðu Önnu Rósu.

## Glíman við súkkulaði



**Ýmis ráð eru í boði til að vinna bug á löngun í súkkulaði.**

Sum hver erum við haldin svo óstjórnlegri löngun í súkkulaði að við hreinlega ráðum ekki við okkur. Förum jafnvel að haga okkur eins og súkkulaðifíklar, sem er ekki skrítið þar sem sykurinn í súkkulaðinu örvar sömu heilastöðvar og ákveðin fíkniefni. Ýmislegt má þó gera til að fyrirbyggja eða draga úr löngun í súkkulaði. Til dæmis með því að borða hnetusmjör, banana, hnetur eða ávexti í staðinn fyrir súkkulaði. Eða bíða í korter en þá eru líkur á að löngunin hverfi. Svo getur verið gott að hreyfa sig, því enda þótt hreyfing sé kannski ekki eins fullnægjandi og gómsætt súkkulaði eykur hún framleiðslu serotónóins við heilann, sem vitað er að gerir menn glaða. Þá hafa sumir reynt dáleiðslu- eða nálastungumeðferð til að sigrast á vandanum. Ef ekkert virkar er alltaf ágætt að muna að dökkt súkkulaði er hollara en ljóst.




Aldrei kalt
í allan vetur með
Webasto bílahitara



Bílasmiðurinn hf • Bíldshöfða 16, 110 Reykjavík • Sími: 567 2330
bilasmidurinn@bilasmidurinn.is

Kynning



Nýjasti rétturinn kallast Tostada og er pitsa á mexíkóskan máta, en hún er aðeins fáanleg á Culiacan.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



Sólveig Guðmundsdóttir leggur mikla áherslu á hollan og góðan mat, sem gerður er úr fersku hráefni.

# Grillað og gómsætt á hverjum degi

**Á veitingastaðnum Culiacan fæst bragðgóður skyndibiti á mexíkóska vísu. Þar er áhersla lögð á ferskt hráefni, hollustu og ekta grillbragð.**

„Hér þarf engan heilsumatseðil því allur matur frá okkur er hollur og góður,“ segir Sólveig Guðmundsdóttir eigandi og stofnandi skyndibitastaðarins Culiacan að Faxafeni 9 og í Smáralind (inni í Hagkaup). Sólveig stofnaði staðinn í maí árið 2003 að bandarískri fyrirmynd en hún var í námi í Bandaríkjunum um skeið og er iðnhönnuður að mennt.

„Ég féll gersamlega fyrir þessum mat,“ segir hún en Sólveig hefur lengi haft áhuga á líkamsrækt og forðast að borða brasaðan og djúpsteiktan mat og kýs heldur hollustuna. „Þetta er því hinn fullkomni matur fyrir mér,“ segir hún en á Culiacan er maturinn, hvort sem er kjúklingur, grænmeti eða annað, grillaður en ekki steiktur. Þá er ávallt notað ferskt hráefni í sósurnar og á hverjum morgni er búið til ferskt salsa og guacamole.

„Hingað kemur mikið af íþróttafólki til að borða, bæði fitnessfólk og annað íþróttafólk. Til dæmis koma hingað lið fyrir leiki því maturinn er toppbensín og er auk þess léttur í maga,“ útskýrir Sólveig og bætir við að maturinn sé fitulítill og fullur af vítamínum enda aðeins notað ferskt hráefni og ferskar kryddjurtir.

Á matseðli Culiacan eru ávallt fastir liðir á borð við burrito, tacos, quesadillas, salat og nachos. „Við reynum einnig að koma reglulega með nýjar útfærslur út frá sama holla hugtakinnu,“ segir Sólveig en nýjasti rétturinn heitir Tostada. „Þetta er pítsa á mexíkóskan máta,“ lýsir hún og tekur fram að réttinn sé aðeins hægt að fá á Culiacan. „Í botninn er tortilla, heilhveiti eða venjuleg. Svo er á þessu sterk salsasósa sem við búum til á hverjum morgni frá grunni. Síðan er kornsalsa sem í eru maísbaunir, chili, límóna, kóríander, salt og pipar, mulið nachos, ostur og loks grillaður kjúklingur að hætti Culiacan,“ segir Sólveig en rétturinn er borinn fram með guacamole og sýrðum rjóma. Marineringin á kjúklingnum hefur verið í þróun í mörg ár. „Við erum nú loksins komin með það frábæra grillbragð sem við vildum,“ segir hún og bætir glettin við að margir viðskiptavinir haldi að maturinn hljóti að vera fitandi þar sem hann sé svo góður. Hins vegar verði þeir glaðir þegar þeir heyra að hollustan sé í fyrirrúmi.

Til nánari glöggvunar á matseðli og verði má benda á vefsíðuna www.culiacan.is.



Skaðleg áhrif áfengis á lifur og önnur líffæri eru þau sömu hvort sem hreyfing fylgir í kjölfar áfengisneyslu eða ekki. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Hreyfing lagar ekki allt

**Hreyfing getur haft góð áhrif á timburmenn en hún bætir ekki upp þann skaða sem mikil áfengisneysla veldur.**

Samkvæmt niðurstöðum nýrrar breskrar könnunar stundar einn af hverjum fimm Bretum líkamsrækt til að bæta upp fyrir áfengisneyslu en jafnmargir Bretar drekka meira en helmingi meira áfengi á degi hverjum en ráðlagt er. Samkvæmt National Health Service (NHS) er konum ráðið frá því að drekka meira en tvö lítil vínglös á dag og karlar mega fá þrjú.

Sumir halda því fram að með því að hreyfa sig og svitna dragi þeir úr skaðlegum áhrifum áfengisins á líkamann en einu áhrifin eru í raun skárri líðan. „Áhrifin á lifrina og fleiri líffæri eru eftir sem áður hin sömu,“ segja forsvarsmenn átaks á vegum bresku ríkisstjórnarinnar sem ber yfirskriftina Þekktu takmörk þín eða Know Your Limits. *-ve*



Með því að lyfta lóðum byggir maður upp vöðvamassa líkamans. Þar sem vöðvarnir brenna hitaeiningum verður meiri brennsla eftir því sem vöðvamassinn er þéttari. Og með reglubundinni vöðvastyrkingu ýtir maður undir fitubrennslu allan sólarhringinn.

**500 hollráð**










Auðvelt, þægilegt, flott, ódýrt! ...eftir þínu höfði. Tilboð Jólakort með umslagi 99 kr.- www.prentlausnir.is




Auðvelt, þægilegt, flott, ódýrt! ...eftir þínu höfði. www.prentlausnir.is




Auðvelt, þægilegt, flott, ódýrt! ...eftir þínu höfði. www.prentlausnir.is

**Tilboð**
Berg handhrærivélar, EHR 110 BEL 2ja gíra. Kr. 22.350.- m/vsk. EHR 130 BEL 2ja gíra kr. 28.640.- m/vsk. Steypustöðin ehf, Malarhöfða 10, 110 Rvk. Múrverslunin S. 440 0500.

Ískápur á 10þ. Þvottavél á 20þ. Stór amerísk á 30þ. Þurrkari á 20þ. Barkalaus á 40þ. Stór amerískur á 30þ. Uppþvottavél á 20þ. Keramik helluborð á 10þ. bakaraofn á 10þ. Innihurðar með karmi á 15þ. 14" TV á 5þ. Bílageislaspilari á 5þ. Barnakerra á 4þ. S. 896 8568.

**Þvottavélar, varahlutir.**
Til sölu yfirfarnar þvottavélar, 3, 5 og 10 kg. og þurrkarar. Tökum bilaðar upp í. Einnig mjög ódýrir VARAHLUTIR í þvottavélar. S. 847 5545.

## Óskast keypt

**Kaupi gull !**
**Ég Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi af fólki. Og veiti ég góð ráð. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið.**
**Leitið til fagmanns.**
**Upplýsingar á demantar.is í s. 699 8000 eða komið í Pósthússtræti 13,**
**Verið velkomin**

Óska eftir stórum þurrkara, helst sameignarþurrkara (Elctrolux). Má vera bilaður. S. 847 5545.

Óska eftir að kaupa Overlock vél í góðu standi. 868 3938.

## Atvinna

**Framkvæmdastjóri óskast fyrir Landvernd**

Um er að ræða hálft starf frá áramótum til að byrja með. Nánari upplýsingar á **www.landvernd.is**

Umsóknir óskast sendar á netfang **bth@landvernd.is**.

## Til sölu

**Saltker og saltdreifarar**



**Sýnum aðgát í hálkunni!**

HAFNARBAKKI FLUTNINGATÆKNI
Hringhella 6 • 221 Hafnarfjörður • Sími: 535 2550
info@hafnarbakki.is • www.hafnarbakki.is

## Vélar og verkfæri




**Járnsmíðavélar**
Óska eftir bandsög, standborðvél, bandslípivél og fleira. Uppl. s. 869 6690.

## Verslun






NÝ SENDING!! Kjóll 9.900 kr. Emilía Bláu húsin Faxafeni s: 588-9925 www.emilia.is

## Til bygginga




Krossviður, timbur, mótaborð, kambstál, gips og fl. uppl. í s: 555 7905 og ulfurinn.is

Sérvinnum utan/innanhússklæðningar í þeim prófíl sem þú óskar. Bandsöguð eða hefluð áferð. Smíðum glugga í gömul hús. S 899 6778.

# HEILSA

## Heilsuvörur



Aloe Vera Heilsunnar vegna Betri lífstíll - meiri orka. Magnús og Hlíf sjálfstæðir dreifingaraðilar 822 8244 www.flp1.is

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

Árangur með Herbalife í 29 ár. Pantaðu fríían prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.

**ÓKEYPIS RÁÐGJÖF Í ÞYNGDARSTJÓRNUN!**
Hringdu núna, Drífa 695 8464, Pétur 773 1025, Katrín 699 6617.

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd

Fullkomið nudd. Uppl. í s. 662 0841.

## Þjónusta

**Er andlega orkan á þrotum?**
Miðlun og heilun vinnur á sorg, kvíða, verkjum og streitu. Tímapantanir Guðrún 695 5480.

## Ýmislegt

Frábær leið til að hætta reykja. Skaðlaus raf-retta. Pantaðu á www.gaxa.is eða komdu við í Vaxtarvörur Helluhraun 14 HFJ. Frír mánaðarskammtur fylgir frítt með besta pakkanum TILBOÐ í stuttan tíma 13.980 kr.

# HEIMILIÐ

## Dýrahald

Flottir Miniature Pinscher hvolpar til sölu. Ættbók frá íshundum. Uppl. í s. 897 8848.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**www.leiguherbergi.is**
**1-2 manna herb.Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj aðganur að internet, baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535. Room for rent 1-2 person,. Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj Internet, bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is**

Rúmott herbergi í 101 til leigu. Nálægt HÍ. Sími. 863 6687

ROOM FOR RENT W/FURNITURE 108 NEAR KRINGLA AND IN 109 AND 111 BREIÐHOLT 8973611

Góð 2ja herbergja einstaklingsíbúð í Garðabæ til leigu, laus strax. Upplýsingar í síma 554 5504 eftir kl. 13:00

3ja 95 fm á 2.hæð í Lindum Kóp. Mjög falleg og góð. 130þús. 8444615 / ragnarmar@hotmail.com

Stúdíóíbúð rúmlega 20fm við HÍ. Uppl. í s. 557 5058 & 866 4754.

2 Herb. 30 fm einbýlishús í Vesturbæ, til leigu frá 2. des. S. 868 4658.

furnished room for rent (13sqm) in 105. all bills included 30.000kr. 662 2993.

2 samliggjandi herb. til leigu í 101. V. 45þ. Einnig forstofuherb. Uppl. í s. 551 2450 & 899 8208.

**Leiguliðar ehf Fossaleyni 16**
Skrifstofa Leiguliða auglýsir lausar íbúðir, leiguverð frá kr. 58.000. Reykjavík, Selfoss, Þorlákshöfn, Akranes, Hafnarfjörður. Gæludýr leyfð. Sjá www.leigulidar.is eða 517 3440.

**Leigjendur, takið eftir!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Til leigu herb. í Álftamýri, einnig í Hraunbæ. Reglusemi áskilin. S. 865 9637.

Einstaklingur óskast sem meðleigjandi í frábæra íbúð á svæði 101 búin húsgögnum. Laus strax. Uppl. í s. 618 2100.

## Húsnæði óskast

Vantar húsnæði til leigu á suðurlandi. Er með 2 hunda. Má einnig vera sumarhús. S. 899 1799.

## Atvinnuhúsnæði

BREIÐHELLA HF. Til leigu eða sölu 134 fm iðnaðarbil. Hurð 4x4m. Ýmis skipti. Uppl. S 822 5588.

Til leigu nyl. 70m2 iðnaðarbil í Garðabæ góð hurð gott aðgengi v.85þ. uppl. s. 892 7858.

Til leigu 300 fm hæð í Höfðahverfi Gott húsnæði. Góðar innkeyrsludyr. Gott verð. Sími 861-8011.

Til leigu 70fm iðnaðarhúsnæði á Dalvegi Kóp. Gott húsnæði með góðum innkeyrsludyrum. Uppl. í s. 699 4185.

Snyrtileg lítil skrifstofuherb. til leigu við Suðurlandsbraut. Gott útsýni. Uppl. í s. 899 3760.

## Geymsluhúsnæði

**www.buslodageymsla.is**
Búslóðageymsla Olivers 100 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

**Geymsluhús.is**
Mjög gott 3000m2 upphitað geymsluhús í Innri Njarðvík, hjólhýsi, fellihýsi, tjaldvagnar, bílar ofl. ATH!gott verð!! Uppl. í síma 770-5144.

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Góð verð. Opið 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað.S: 564-6500

**geymslur.com**
Geymslur frá 3990.- kr á mán. Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464.

## Gisting

stracta
CONSTRUCTION AND DEVELOPMENT

**GISTING Í KAUPMANNAHÖFN GÓÐ STAÐSETNING GOTT VERÐ!**
Fullbúnar lúxus íbúðir í göngufæri frá miðbænum. Góður kostur fyrir fyrirtæki og einstaklinga. Verð 950 dkr. nóttin fyrir 3ja herb. íbúð. Nánari uppl. í s. 891-8612, +45 27111038, www.stracta.com eða annalilja@stracta.com

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Veitingahús í Kópavogi**
**Óska eftir íslenskumælandi starfsmanni vönum matreiðslu, einnig starfsmann í sal. Æskilegur aldur 28+**
**Upplýsingar í síma 894 0292.**




Kol ehf
hringjum út

**Kvöld- og helgarvinna**
Kvöld- og helgarvinna. Tímakaup og bónusar. Okkur vantar öflugt og skemmtilegt fólk til úthringinga! Hringdu núna í síma 550 3610 kol@kol.is

Óska eftir stúlku til að kynna og selja snyrtivörur hálfan fimtudag, föstudag og laugardag uppl. sendist á rekstur@gmail.com

Firma sprzatajaca poszukuje ludzi do pracy dziennej. Poszukujemy pracownikow aktywnych, uczciwych i pelnych zycia ze znajomoscia jezyka angielskiego oraz gotowych do nauki jezyka islandzkiego. CV oraz pytania prosze kierowac na adres eignaumsja@eignaumsja.is

Vantar vélstjóra og háseta á 30 tonna bát frá Sandgerði. Uppl. í s. 845 1546

HJÚKRUNARFRÆÐINGAR óskast til vinnu í NOREGI.Sendið ferilskrá til thulekraft@gmail.com Óskum einnig eftir LYFJAFRÆÐINGUM OG APÓTEKURUM. Thulekraft ehf atvinnumiðlun sími:6628877

SOKKABÚÐIN COBRA Kringlunni. Óskar eftir starfsmanni í hlutastarf. Viðkomandi þarf að vera 20 ára eða eldri og reyklaus. Áhugasamir sendi umsókn með mynd og upplýsingum um meðmælendur á ari@leistar.is.

# TILKYNNINGAR

## Tilkynningar

Jólakonukvöld Kvennadeild Gusts býður til jólaskemmtunar 2. des. Í salnum á efri hæð reiðhallarinnar. Húsið opnar klukkan 19:30 en dagskrá kvöldsins hefst klukkan 20:00, frítt inn. Frábær skemmtiatriði - Lára Rúnarsdóttir - Óskar Pétursson - Helgi Björns - Edda Björgvinsdóttir - les uppúr bók Flosa Happadrætti.

## Einkamál

**Símadömur 908 1616**
**Nú er ný stúlka að byrja bráðum! Stundum dettur hún inn. Hringdu og láttu okkur vera góðar, hvernær sem þú vilt. Vodafone/Tal 908 1616**

Chevrolet Kalos til sölu. Beinskiptur. árg. 2005 keyrður 75 þús. Eyðslulítill. 600-700 þúsund. uppl. 849 2469.

**Ertu með ábendingu er varðar dreifingu Fréttablaðsins ?**

**Við tökum vel á móti öllum ábendingum.**

**www.visir.is/posthusid – sími 585 8330**



FRÉTTABLAÐIÐ

# Atvinnulífið I: Vélin sem knýr stóriðjustefnuna

UMRÆÐAN

Dofri Hermannsson skrifar um atvinnumál



DOFRI HERMANNSSON

Allir vita að fjölbreytt atvinnulíf er sveigjanlegra og samkeppnishæfara en einhæft og að fjölga þarf undirstöðum atvinnulífsins. Þó þetta hafi lengi verið vitað er stutt síðan stjórnvöld fóru markvisst að bæta hag hátækni- og sprotafyrirtækja, ferðaþjónustu, skapandi iðnaðar og annarra fyrirtækja þar sem flest störf skapast og einstaklingar geta hafið rekstur án mikils stofnkostnaðar.

Þvert á heildarhagsmuni atvinnulífsins hafa stjórnvöld lagt ofuráherslu á einn atvinnuveg umfram aðra, stóriðju. Sú staðreynd að þessi iðnaður skapar einungis lítinn hluta af verðmætaaukningu landsframleiðslunnar og aðeins um 1-2% allra starfa í landinu vekur óneitanlega grun um að stjórnmálamenn hafi frekar verið farþegar í þessari þróun en gerendur þótt þeir hafi oft haft hönd á stýri. Nánar um það síðar.

Í leit að þeim sem í raun hafa stýrt þróun mála í atvinnulífi landsmanna undanfarinn áratug berast böndin fyrst að Samtökum atvinnulífsins, öflugum samtökum með um 300 milljónir í iðgjaldatekjur á ári. Innan þeirra samtaka eru Samtök iðnaðarins afar sterk, Samtök verslunar og þjónustu greiða mikið til SA og það gerðu líka Samtök fjármálafyrirtækja hvað sem verður. LÍÚ greiða mun minna til SA en eiga þó fulltrúa í framkvæmdastjórninni á meðan Samtök ferðaþjónustunnar verða að láta sér nægja áheyrnarfulltrúa þrátt fyrir að greiða litlu minna en LÍÚ í sjóði SA. Þetta vekur athygli.

Það er eðli samtaka að þrátt fyrir fagra stefnu sem allir geta skrifað undir vega hagsmunir fárra öflugra aðila iðulega þyngra en hagsmunir hinna smærri og mörgu þegar á hólminn er komið. Í þessu má e.t.v. finna skýringuna á að Samtök ferðaþjónustunnar hafa ekki völd í samræmi við gjöld og að þau, ásamt SVÞ og yfirgnæfandi fjölda fyrirtækja innan SI, létu yfir sig ganga hækkun tryggingargjalds svo stóriðja og útgerð sleppi við auðlindaskatt. Þar náðu fáir stórir aðilar að velta byrðum sínum yfir á fjöldann í krafti valda sem hvorki verður réttlættur með fjölda fyrirtækja eða framlagi í krónum til Samtaka atvinnulífsins.

Þessi lýðræðishalli er einnig áberandi innan Samtaka iðnaðarins. Ástæðan kann að vera að SI eru tryggðar tekjur með lögum um iðnaðarmálagjald sem er hlutfall af veltu alls iðnaðar. Innan samtakanna eru yfir 1.200 fyrirtæki sem skiptast í heilbrigðistækniiðnað, húsgagnaiðnað, líftækniiðnað, mannvirkjagerð, matvælaiðnað, málmiðnað, prentiðnað, sprotafyrirtæki, stóriðju, upplýsingatækniiðnað og þjónustuiðnað. Ekki þarf að efast um að þetta fyrirkomulag, að tekjur SI eru hlutfall af veltu fyrirtækja, hefur áhrif á ákvarðanir stjórnar SI veltumiklum iðnaði í hag. Einkum þegar fáir stórir aðilar eru í aðstöðu til að þvinga sérhagsmuni sína í gegn.

Í stjórn SI á hinn veltumikli þungaiðnaður sterka fulltrúa, varaformann sem er forstjóri stórs steypufyrirtækis og tvo meðstjórnendur, forstjóra stórs byggingarfyrirtækis og forstjóra risaálvers. Þessir aðilar eru duglegir að minna stjórnendur samtakanna á hverjir borga hæstu iðgjöldin og þótt fjárfesting á bak við hvert starf í stóriðju og mannvirkjum þeim tengdum sé margfalt dýrari en í tækni- og þekkingariðnaði er hagsmunum þeirra síðarnefndu hiklaust varpað fyrir róða til að létta hinum veltumikla mannvirkjageira róður sinn.

Fyrir skömmu mættu ýmsir valda- og veltumiklu aðilar á fund iðnaðarnefndar. Þar var ekki blíðmælgi fyrir að fara heldur voru kjörnir fulltrúar almennings beittir þrýstingi og háværum skömmum af þessum aðilum sem kría vildu út sérkjör fyrir sig á kostnað almenns atvinnulífs og launþega. Einn kjörinn fulltrúi minnti á að Alþingi bæri að taka tillit til heildarhagsmuna og þeirra fjölmörgu sem ekki ættu fulltrúa eins og þá til að beita fyrir sig gegn þingmönnum þjóðarinnar. Sú athugasemd vakti litla hrifningu hinna kröfuhörðu gesta.

> Þvert á heildarhagsmuni atvinnulífsins hafa stjórnvöld lagt ofuráherslu á einn atvinnuveg umfram aðra, stóriðju.

Það hafa ekki allir kjörnir fulltrúar þann styrk sem þarf til að standa í lappirnar gagnvart öflugum og vel skipulögðum sérhagsmunahópum og sumum finnst heppilegra að láta 300 milljón króna mulningsvélar vinna með sér en á móti. Það er því mikilvægt að kjósendur viti hvernig í pottinn er búið þegar umræður um atvinnumál fara fram. Þar er ekki allt á yfirborðinu og hagsmunir fárra eru iðulega teknir fram yfir hagsmuni fjöldans.

Í næstu grein um atvinnulífið mun ég ræða um möguleika hátækni- og þekkingariðnaðar, ferðaþjónustu og skapandi iðnaðar til vaxtar, um mikla möguleika á fjölgun starfa innan þessara greina og hvað þarf til að svo verði.

*Höfundur er varaborgarfulltrúi Samfylkingarinnar og verkefnisstjóri í Hátækni- og sprotavettvangi.*






**WOODY ALLEN FÆDDIST Á ÞESSUM DEGI ÁRIÐ 1935.**

*„Ég vil ekki verða ódauðlegur í gegnum kvikmyndir mínar. Ég vil öðlast ódauðleika með því að deyja ekki.“*

***Woody Allen (fæddur Allen Stewart Königsberg) er bandarískur leikari og leikstjóri, sem leitar gjarnan innblásturs í sálfræði, bókmenntum, gyðingdómi, heimspeki, evrópskri kvikmyndagerð og New York-borg, þar sem hann er fæddur og uppalinn.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 1. DESEMBER 1955

## *Rosa Parks handtekin fyrir óhlýðni*

Rosa Louise McCauley Parks (1913–2005) var bandarísk blökkukona sem barðist fyrir afnámi milli svartra og hvítra. Barátta Parks varð til þess að hún var handtekin á þessum degi árið 1955 fyrir að standa ekki upp fyrir hvítum manni í strætisvagni í bænum Montgomery í Alabama.

Á þeim tíma voru fremstu bekkirnir í strætisvögnum ætlaðir hvítum farþegum, en þeir svörtu urðu að færa sig aftar ef vagnarnir fylltust. Parks neitaði hins vegar að verða við þeim tilmælum á þessum örlagaríka degi sem varð til þess að hún var fangelsuð, ákærð og dæmd til að greiða sekt.

Málið hratt brátt af stað hrinu mótmæla í Montgomery, þar sem blökkumenn sniðgengu meðal annars strætisvagna. Einn þeirra sem skipulögðu mótmælin var Martin Luther King, sem síðar varð einn helsti talsmaður fyrir mannréttindum blökkumanna í Bandaríkjunum.

Þess má geta að heilum 44 árum síðar var



Parks sæmd heiðursorðu Bandaríkjaþings fyrir framlag sitt til mannréttindamála.

## MERKISATBURÐIR

**1878** Fyrsti viti á Íslandi tekinn í notkun, Reykjanesviti á Valahnúk.

**1918** Sambandslagasamningur Íslands og Danmerkur gengur í gildi og verður Ísland þá frjálst og fullvalda ríki. Íslenski fáninn dreginn að húni í fyrsta sinn sem fullgildur þjóðfáni.

**1931** Minnisvarði um Hannes Hafstein afhjúpaður við Stjórnarráðshúsið.

**1932** Sjálfvirkar símstöðvar teknar í notkun í Reykjavík og Hafnarfirði.

**1974** Hús Jóns Sigurðssonar vígt í Kaupmannahöfn.

**1975** Silfurbergsnáman hjá Helgustöðum í Reyðarfirði friðlýst sem náttúruvætti.

**1994** Þjóðarbókhlaðan opnuð.

## AFMÆLI



**BETTE MIDLER** leik- og söngkona er 64 ára.



**GILBERT O'SULLIVAN** söngvari er 63 ára.



**VINNINGUR AFHENTUR** Kristján Markús Sívarsson, Jón Kjartansson frá Kólusi og Júlíus. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Byrjað með stæl

Hið nýja fyrirtæki Bónstöðin Mosó í Flugumýri 24-26 efndi til happdrættis fyrsta starfsmánuðinn. Vinningurinn var 20 þúsund króna gjafabréf í Smáralind.

„Við drógum úr bílnúmerum, bíll frá sælgætisgerðinni Kólus kom upp og við afhentum heiðursmanni þaðan vinninginn,“ segir Júlíus Fjeldsted, einn af þremur eigendum stöðvarinnar.

Bónstöðin Mosó sækir og sendir bíla gegn vægu gjaldi og tilboð í desember á alþrifum og bóni hljóðar upp á 6.500 á fólksbíl og 7.950 á jeppa. Júlíus segir fyrirtækinu hafa verið vel tekið í Mosó. „Þetta hefur gengið vonum framar,“ segir hann ánægður.

**- gun**



†

*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Attli Örn Jensen**
Strikinu 10, Garðabæ,

lést á St. Jósepsspítala í Hafnarfirði mánudaginn 30. nóv. sl. Útförin verður auglýst síðar.

**Árni Valur Atlason** — **Eydís Lúðvíksdóttir**
**Markús Þór Atlason** — **Katrín Yngvadóttir**
**Jens Pétur Atlason** — **Kristín Sigurbjörnsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

*Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og vinarhug við andlát og útför móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

**Herdísar Steinsdóttur**
Akurgerði 44, Reykjavík

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki öldrunardeildar Landspítalans í Fossvogi fyrir nærgætni og góða umönnun.

**Lóa Gerður Baldursdóttir** — **Örn Ingólfsson**
**Jón Birgir Baldursson** — **Þórunn Stefánsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

**ATLI HEIMIR SVEINSSON TÓNSKÁLD:** HEFUR SAMIÐ LAG VIÐ GUNNARSHÓLMA

# Jónas eitt af því fallega sem við eigum öll sameiginlegt

„Ég hef samið lagabálk við ýmis kvæði Jónasar, þau eru orðin 24 eða 25. Ætli þetta verði ekki lokahnykkurinn í því verkefni? segir Atli Heimir Sveinsson tónskáld um nýtt lag við Gunnarshólma Jónasar Hallgrímssonar. Fífilbrekkuhópurinn frumflytur það í dag í Salnum í Kópavogi á fullveldishátíð Heimssýnar, hreyfingar sjálfstæðissinna í Evrópumálum, sem stendur frá klukkan 17 til 19.

Atli Heimir veit ekki til að aðrir hafi glímt við að semja tónlist við þetta mikla kvæði en vill ekki segja neitt um hvort það hafi verið strembið. „Ég tek nú ekki allt kvæðið,“ segir hann. „Gunnarshólmi skiptist í þrennt. Í fyrsta lagi söguna sem er tekin úr Njálu, þegar þeir bræður Gunnar og Kolskeggur ríða til skips og Gunnar snýr aftur sem frægt er orðið. Í öðru lagi magnaðar náttúrumyndir – lýsingu á Suðurlandi, gullfallega og í lokin er smá hugleiðing um stöðuna, þar sem minnst er á hnípna þjóð í vanda. Ég held mig bara við söguna þannig að ákveðin erindi eru sungin og hinum sleppt, annars hefði þetta orðið svo langt. En laglínan sem liggur til grundvallar er þannig úr garði gerð að það mætti kveða allt kvæðið. Ég fór svipaða leið þegar ég gerði tónlist við Ferðalok. Þá gerði ég einfalda melódíu og valdi út þrjú erindi. En svo var einn snilldarsöngvari sem kvað allt kvæðið. Eflaust mætti hafa sama hátt á með Gunnarshólma en Fífilbrekkuhópurinn mun flytja þessi völdu erindi í dag. Það er Eyjólfur Eyjólfsson tenórsöngvari sem syngur einsöng. Ég var á æfingu í fyrradag og flutningurinn hljómaði vel í mínum eyrum.“



**TÓNSKÁLDIÐ** „Ég held mig bara við söguna þannig að ákveðin erindi eru sungin og hinum sleppt,“ segir Atli Heimir Sveinsson um lagið við Gunnarshólma. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Spurður hvort nýja lagið sé tilkomumikið svarar Atli hæverskur: „Það veit ég ekki. Ég ætla að láta vera að hæla mér fyrir fram.“

Í Gunnarshólma standa rímorðin gjarnan ekki á sama stað og punktarnir en Atli Heimir segir þann bragarhátt ekki hafa verið til trafala við gerð lagsins. „Það kom laglína sem einhverra hluta vegna leysti það á eðlilegan hátt held ég. En það er rétt að Jónas er kunnáttumikið skáld og hann gerir þetta kvæði á mjög sérstakan hátt. Hann gerir það reyndar alltaf. Hvert kvæði hans er sérstakt. Hins vegar finnst mér fallegt að minnast þess nú þegar ég er að segja skilið við Jónas, því ég er aðallega að semja nútímalegar sinfóníur, að gamall ljóðaunnandi, Páll Bergþórsson veðurfræðingur, sagði eitt sinn: „Það er einkennilegt með Jónas Hallgrímsson. Hann er alltaf að batna.“ Þannig er það með góðan skáldskap, hann batnar bara með tímanum.

Tildrög þess að lagið við Gunnarshólma er frumflutt í dag rekur Atli Heimir til kaffispjalls heima hjá honum við Styrmi Gunnarsson, fyrrverandi ritstjóra. „Styrmir er gamall vinur minn og skólabróðir og ég lofaði honum að heyra lagið. Hann vildi drífa í að láta flytja það nú á fullveldisdaginn. Ég er fylgjandi því að við ræðum inngöngu í Evrópubandalagið en þótt Styrmir sé á móti því þá vil ég ekki að það komi í veg fyrir að fólk njóti Jónasar. Hann er yfir dægurþras okkar hafinn og verður ekki dreginn í neinn dilk. Jónas er eitt af því fallega sem við eigum öll sameiginlegt.“

gun@frettabladid.is

# Jólin eru Baggalúti ofarlega í huga

Baggalútur verður með sérstakt jóladagatal á Rás 2 á aðventunni. Það verður á dagskrá í Popplandinu alla virka daga milli klukkan 9.30 og 13.30 og svo hjá Bergssyni & Blöndal á laugardagsmorgnum. Það verður auk þess aðgengilegt á Hlaðvarpi Ríkisútvarpsins en hugheilar kynningarstiklur um jólaskrautið, jólamatinn, jólakortin, jólagræðgina og fleira er hægt að finna á myndbandavefnum youtube með því að skrá inn Jóladagatal Baggalúts.

Jólin eru þeim Baggalútsmönnum hugleikin og að þessu sinni verða jóla- og aðventulög þeirra svo mikið sem fjögur. Vinnuheiti þeirra eru Spádómslagið, Betlehemslagið, Hirðingjalagið og Englalagið en þau verða frumflutt í þætti Guðna Más á Rás 2 á hverjum sunnudegi aðventunnar.



**SENDA FRÁ SÉR JÓLALÖG** Jólin eru þeim Baggalútsmönnum hugleikin í ár eins og svo oft áður.



**KVENNAKÓR GARÐABÆJAR** fagnar tíu ára afmæli sínu í september á næsta ári.

# Kvennakórar sameinast í söng

Kvennakórar Garðabæjar og Hafnarfjarðar sameinast á tvennum sameiginlegum tónleikum á aðventunni. Kvennakór Garðabæjar fagnar tíu ára afmæli sínu í september á næsta ári og eru tónleikarnir liður í að gera starfsárið eftirminnilegt, auk þess sem ýmsir aðrir árlegir viðburðir verða stærri í sniðum en ella.

Fyrri tónleikarnir fóru fram í Digraneskirkju í Kópavogi í gær og þeir síðari í Víðistaðakirkju í Hafnarfirði á morgun, miðvikudaginn 2. desember.

Á sameiginlegri efnisskrá kóranna eru nokkrar sígildar jólaperlur, eins og Nóttin var sú ágæt ein og Hin fyrstu jól. Auk þess sameinast kórarnir í undurfögrum spænskum og suður-amerískum jólalögum, útsettum fyrir kvennaraddir, hörpu, gítar og marimbu.

Þá koma kórarnir fram hvor í sínu lagi og syngja eigin söngdagskrá.

Forsala aðgöngumiða er hjá kórkonum en einnig er hægt að senda póst á kvennakor@kvennakor.is.



**KVENNAKÓR HAFNARFJARÐAR** tekur lagið með Kvennakór Garðabæjar.

---



†

*Hjartkær eiginmaður minn, faðir, sonur, bróðir og mágur,*

## Hans Albert Knudsen

flugumsjónarmaður,
Lúxemborg,

lést í Lúxemborg 27. nóvember sl.
Jarðarförin auglýst síðar.

**Laufey Ármannsdóttir**
**Henrik Knudsen**
**Helen Sif Knudsen**
**Guðmunda Elíasdóttir**
**Sif Knudsen** **Stefán Ásgrímsson**

---



†

*Kær bróðir okkar,*

## Karl Hreiðar Mikaelsson

er látinn.

**Jónína Michaelsdóttir**
**Laila Michaelsdóttir**
**Ásta Michaelsdóttir**
**Linda Rós Michaelsdóttir**
**Dóra Jóhannesdóttir**

---



†

*Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð, hlýhug og vináttu við andlát og útför okkar ástkæru móður, tengdamóður, frænku, ömmu og langömmu,*

## Þóru Stefánsdóttur Bachmann, Tótu,

Tjarnarbraut 23, Hafnarfirði

Sérstakar þakkir til starfsfólks St. Jósefsspítala, Hafnarfirði fyrir góða umönnun síðustu mánuðina.

**Jónína Ágústsdóttir**
**Sjöfn Jónasdóttir**
**Rafn Hafnfjörð** **Kristín Jóhannsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



†

*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi, langafi og langalangafi,*

## Finnur Kristinsson

Kambavaði 1, Reykjavík,

lést að kvöldi föstudagsins 27. nóvember.

**Hörn Sigurðardóttir**
**Ragnar Auðun Finnsson** **Jóhanna Ragnarsdóttir**
**Sigurður Kristinn Finnsson** **Ragnheiður Torfadóttir**
**Stefán Agnar Finnsson** **Ingibjörg María Pálsdóttir**
**Guðmundur Eggert Finnsson** **Guðrún Þorvaldsdóttir**
**barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.**

---



†

*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

## Tryggva Margrét Eggertsdóttir

Garðavegi 14, Hvammstanga,

lést á Heilbrigðisstofnun Hvammstanga miðvikudaginn 25. nóvember. Útförin fer fram frá Hvammstangakirkju föstudaginn 4. desember kl. 15.00.

**Erna Snorradóttir** **Marteinn Reimarsson**
**Jóhannes Snorrason** **Valdís Valbergsdóttir**
**Elín Snorradóttir** **Högni Jónsson**
**Eggert Snorrason** **Guðfinna Jónsdóttir**
**Hulda Snorradóttir** **Ragnar Gunnarsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



†

*Innilegar þakkir fyrir samúð, hlýhug og stuðning vegna andláts*

## Árna Óskarssonar

Engjavegi 51, Selfossi.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki Fossheima, Vinaminnis og heilsugæslu við Heilbrigðisstofnun Suðurlands fyrir frábæra umönnun.

**Heiðdís Gunnarsdóttir**
**Elísabet Árnadóttir**
**Gunnar Árnason** **Anna Lóa Sigurjónsdóttir**
**Erna Jansdóttir**
**Heiðdís Gunnarsdóttir**
**Íris Gunnarsdóttir**
**Árni Gunnarsson.**

---



†

*Hugheilar þakkir færi ég öllum þeim fjölmörgu sem heiðruðu minningu eiginkonu minnar,*

## Helgu Ingólfsdóttur

semballeikara,

og sýndu mér hlýhug og stuðning við andlát hennar og útför.

**Þorkell Helgason**

---



†

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

## Þóra Þorbjarnardóttir

Aflagranda 40, Reykjavík,

andaðist á Landakotsspítala föstudaginn 27. nóvember. Útför hennar fer fram frá Neskirkju 8. desember kl. 13.00.

**Ásta Bára Jónsdóttir** **Einar Ingi Halldórsson**
**Þórhildur Jónsdóttir** **Eggert Ágúst Sverrisson**
**Kristín Jónsdóttir** **Sigurður Einarsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



†

*Elskulegur afi okkar, fósturfaðir og frændi,*

## Sigmundur Bjarnason

skipasmíðameistari,

lést á Sólvangi 27. nóvember. Útförin verður haldin í Fríkirkjunni í Hafnarfirði föstudaginn 4. desember kl. 11.00.

**Ásthildur Jónsdóttir**
**Gunnur Friðriksdóttir**
**Jón Þór Ólason**
**Sigríður Jónsdóttir**
**Sjöfn Þórarinsdóttir**
**Vilhelmína Vilhjálmsdóttir**

---



*Okkar yndislega eiginkona, móðir, tengdamóðir og amma,*

## Hulda Bergvinsdóttir

hjúkrunarfræðingur,

lést á heimili sínu hinn 27. nóvember sl.

Útförin fer fram í sal F.Í., Mörkinni 6, fimmtudaginn 3. desember kl. 15.00. Blóm og kransar eru vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem viljast minnast Huldu er beint á söfnunina Á rás fyrir Grensás.

**Gunnar Hallsson**
**Davíð Bjarnason** **María Birna Arnardóttir**
**Hallur Gunnarsson** **Andrea Hjálmsdóttir**
**Brynjar Gunnarsson** **Hlín Finnsdóttir**
**Fönn, Ísafold, Laufey og Dögun.**

---



†

*Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

## Jarl Sigurðsson

fyrrverandi skipstjóri,

lést á líknardeild Landakots 23. nóvember. Útför hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna. Aðstandendur vilja þakka starfsfólki Sunnuhlíðar sem og því góða fólki sem annaðist hann á líknardeild Landakots.

**Kristín Bjarnadóttir**
**Bjarni Jarlsson** **Ragnhildur Þorbjörnsdóttir**
**Sigurður Jarlsson** **Þórdís Elín Gunnarsdóttir**
**Kjartan Jarlsson** **Ingibjörg Jónsdóttir**
**Kolbrún Jarlsdóttir**
**Þröstur Jarlsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**





# Bannað á jólunum

**BAKÞANKAR**
**Anna Margrét Björnsson**



Gullfallegur nýfallinn snjórinn nú á sunnudaginn og kakómorgunn með litlu fjölskyldunni kom mér í leiftrandi gott jólaskap. Ég kveikti á kertum og gróf upp uppáhaldsjólatónlistina mína: hátíðlega miðaldasálma og Christmas with Elvis. Augljóst framhald var að halda niður í bæ og horfa á Óslóartréð tendrað á Austurvelli. Í mannþrönginni heyrðist lítil rödd við hliðina á mér. „Pabbi, hvar er jólasveinninn?“

**FAÐIR** barnsins hélt greinilega að hæðnisleg fyndni væri það sem koma skal á jólunum og lýsti yfir með skrýtnu brosi: „Það kemur enginn jólasveinn elskan.“ Við tók tryllingslegur hlátur. Barnið sagði ekki neitt og leit skilningslítið á hann. Til frekari útskýringar hélt maðurinn áfram, „það er kreppa! Hahahahhahaha.“ Stúlkan leit á hann rannsakandi augum og spurði: „Nei en pabbiiiiiiiii. Hvar eeeeeeeer hann?“ Faðirinn, sem hélt greinilega í eitt augnablik að hann væri Þorsteinn Guðmundsson með uppistand, leit stoltur í kringum sig og svaraði, „ætli hann sé ekki úti í löndum að borga fyrir okkur Icesave.“

**HÓ HÓ HÓ.** Ég ætlaði að forða mér burt úr kulda og biturleika Austurvallar þegar önnur lítil stúlka kallaði. „Ég vil ekki sjá þessa jólasveina. Þetta er bara gervi. Mamma og pabbi segja að jólasveinar séu bara þjóðsaga.“ Ég dró börnin í burt frá þessu ofurraunsæi sem ætlaði að drepa jólin og vonaði að þau gætu haldið í vonina um vinalegan lítinn karl sem kæmi inn um gluggann með pakka í skóinn eftir tvær vikur.

**EN ÞAÐ** eru margir að reyna að stela jólunum þessa dagana. Blöð og tímarit eru uppfull af auglýsingum frá líkamsræktarstöðvum um að koma sér í form fyrir hátíðarnar. Heilsuspekúlantar segja okkur að það sé dauðasynd að fara að eyðileggja allt sem við höfum lagt á okkur í ræktinni undanfarið ár með jólaátkasti. Best er bara að fá sér smá smakk í jólaboðunum segja þeir með yfirlætislegum svip. Jólaútlitið í ár er að líta út eins og tálguð kanilstöng með sixpack. Í útvarpinu ómar hið árlega flóð af vondum jólalögum. Geðveikisleg strumpalög og hryllingurinn úr Pottþéttum jólum sker í eyrun. Já, þegar það kemur að jólum hef ég komið mér upp góðum vana. Útiloka umheiminn, kveikja á kerti og tónlist og finna aftur jólin sem Trölli stal.

## myndasögur

### Pondus

Eftir Frode Øverli




### Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




### Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





# LAGERSALA

## 20-75% AFSLÁTTUR

af atvinnueldhústækjum

vilborga@centrum.is



## TAKMARKAÐ MAGN

**Dæmi um afslátt:**

| | |
|---|---|
| Kæliskápar, frystiskápar, eldunartæki, gufuofn og vínkælar | 50% |
| Þvottavélar og þurrkarar | 20 – 25% |
| Uppþvottavélar | 30 – 75% |

Verið velkomin í Eirvík og kynnið ykkur atvinnutæki á tækifærisverði

General Electric LIEBHERR Miele

EIRVÍK -hágæðaheimilistæki

Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Sími 588 0200 | www.eirvik.is

Auglýsingasími 512 50 50

– Mest lesið


Skoðaðu dæmi um betri notaða bíla á jólatilboði hjá Brimborg
Jólatilboð Brimborgar
mazda
Mazda3 Touring (TG195)
1,6i bensín 5 gíra 5 dyra.
Skrd. 07/2007. Ek. 71.000 km.
Verð 2.090.000 kr.
Jólaafsláttur 600.000 kr.
Til þín á jólum 1.490.000 kr.
í dag
Mazda3 Touring (DF537)
1,6i bensín 5 gíra 5 dyra.
Skrd. 09/2006. Ek. 28.300 km.
Verð 2.040.000 kr.
Jólaafsláttur 250.000 kr.
Til þín á jólum 1.790.000 kr.
Mazda Tribute (UA411)
2,3i bensín sjálfskiptur 5 dyra.
Dráttarkrókur, leðuráklæði ofl.
Skrd. 05/2005. Ek. 40.700 km.
Verð 2.490.000 kr.
Jólaafsláttur 600.000 kr.
Til þín á jólum 1.890.000 kr.
Volvo C30 (FRZ29)
1,6D dísil, 5 gíra.
Vindskeið á skott ofl.
Skrd. 09/2008. Ek. 10.000 km.
Verð 3.790.000 kr.
Jólaafsláttur 1.000.000 kr.
Til þín á jólum 2.790.000 kr.
VOLVO
Mazda Tribute (YU776)
3,0i bensín sjálfskiptur 5 dyra.
Dráttarkrókur, leðuráklæði ofl.
Skrd. 10/2005. Ek. 62.000 km.
Verð 2.690.000 kr.
Jólaafsláttur 700.000 kr.
Til þín á jólum 1.990.000 kr.
Mazda6 Touring (ZG338)
2,0i bensín sjálfskiptur 5 dyra.
Dráttarkrókur (fastur) ofl.
Skrd. 04/2006. Ek. 52.300 km.
Verð 2.350.000 kr.
Jólaafsláttur 360.000 kr.
Til þín á jólum 1.990.000 kr.
Volvo S60 SE (LI333)
2,0i Turbo bensín sjálfskiptur.
Sóllúga ofl.
Skrd. 02/2006. Ek. 71.000 km.
Verð 3.290.000 kr.
Jólaafsláttur 600.000 kr.
Til þín á jólum 2.690.000 kr.
Mazda6 Touring (OT546)
2,0i bensín sjálfskiptur station.
Skrd. 10/2006. Ek. 36.000 km.
Verð 2.550.000 kr.
Jólaafsláttur 260.000 kr.
Til þín á jólum 2.290.000 kr.
Volvo XC70 SE AWD (RX481)
2,4i D5 dísil sjálfskiptur station.
Rafdr. framsæti, viðarklæðning,
bakkskynjari ofl.
Skrd. 08/2006. Ek. 62.000 km.
Verð 5.390.000 kr.
Jólaafsláttur 500.000 kr.
Til þín á jólum 4.890.000 kr.
Volvo XC90 SE
4,4i V8 bensín s
Xenon ljós, Prem
sóllúga, dráttarb
Skrd. 11/2005.
Verð 5.990.000
Jólaafsláttur 70
Til þín á jólum
CITROËN
Citroën C3 SX (RG908)
1,4i bensín 5 gíra 5 dyra.
Skrd. 11/2005. Ek. 96.800 km.
Verð 1.330.000 kr.
Jólaafsláttur 340.000 kr.
Til þín á jólum 990.000 kr.
Ford Explorer XLT Sport AWD (LI518)
4,0i V6 bensín sjálfskiptur 5 dyra,
7 manna.
Leðuráklæði, 17" álfelgur,
dráttarbeisli, hraðastillir ofl.
Skrd. 02/2006. Ek. 98.000 km.
Verð 3.190.000 kr.
Jólaafsláttur 500.000 kr.
Til þín á jólum 2.690.000 kr.
Volvo S80 SE+ AWD (KK948)
4,4i V8 bensín sjálfskiptur.
Xenon ljós, 18" álfelgur, Bluetooth,
sóllúga ofl.
Skrd. 01/2007. Ek. 39.000 km.
Verð 6.790.000 kr.
Jólaafsláttur 1.000.000 kr.
Til þín á jólum 5.790.000 kr.
Berlingo Multispace (PB567)
nsín 5 gíra 5 dyra.
3/2007. Ek. 46.000 km.
750.000 kr.
áttur 260.000 kr.
á jólum 1.490.000 kr.
Citroën C3 SX (AB637)
1,6i bensín 5 gíra 5 dyra.
Filmur í afturrúðum ofl.
Skrd. 01/2006. Ek. 47.900 km.
Verð 1.560.000 kr.
Jólaafsláttur 270.000 kr.
Til þín á jólum 1.290.000 kr.
Ford Explorer Sport Trac Limited
AWD (KG426)
4,6i V8 bensín sjálfskiptur 4 dyra.
Leðuráklæði, lok á pall, 18" álfelgur,
dráttarbeisli ofl.
Skrd. 08/2006. Ek. 80.000 km.
Verð 3.390.000 kr.
Jólaafsláttur 600.000 kr.
Til þín á jólum 2.790.000 kr.
Ford Escape XLS AWD (VH696)
2,3i bensín sjálfskiptur 5 dyra.
15" álfelgur, stigbretti, dráttarbeisli ofl.
Skrd. 08/2005. Ek. 54.000 km.
Verð 2.560.000 kr.
Jólaafsláttur 310.000 kr.
Til þín á jólum 2.250.000 kr.
Citroën C4 Comfort (VM048)
1,6i bensín sjálfskiptur 5 dyra.
Skrd. 12/2005. Ek. 36.600 km.
Verð 2.030.000 kr.
Jólaafsláttur 540.000 kr.
Til þín á jólum 1.490.000 kr.
Citroën C4 SX (PP605)
1,6i bensín sjálfskiptur 5 dyra.
Skrd. 02/2006. Ek. 26.110 km.
Verð 1.990.000 kr.
Jólaafsláttur 300.000 kr.
Til þín á jólum 1.690.000 kr.
Ford Escape XLT AWD (ZL657)
3,0i V6 bensín sjálfskiptur 5 dyra.
16" álfelgur, hraðastillir, loftkæling,
rafdr. ökumannssæti, 6xCD
hljómtæki ofl.
Skrd. 11/2005. Ek. 60.000 km.
Verð 2.750.000 kr.
Jólaafsláttur 460.000 kr.
Til þín á jólum 2.290.000 kr.
Ford Focus Trend Collection (TK164)
1,6i bensín sjálfskiptur station.
Leðuráklæði, lok á pall, 18" álfelgur,
dráttarbeisli ofl.
Skrd. 06/2007. Ek. 70.000 km.
Verð 2.430.000 kr.
Jólaafsláttur 540.000 kr.
Til þín á jólum 1.890.000 kr.
Citroën C5 SX (JL179)
2,0i bensín sjálfskiptur 5 dyra.
Vökvafjöðrun, dráttarkrókur ofl.
Skrd. 10/2005. Ek. 60.100 km.
Verð 2.240.000 kr.
Jólaafsláttur 450.000 kr.
Til þín á jólum 1.790.000 kr.
Citroën C5 SX (DH529)
2,0i bensín sjálfskiptur 5 dyra.
Nálægðarskynjarar í fram og
afturstuðara ofl.
Skrd. 03/2006. Ek. 49.000 km.
Verð 2.390.000 kr.
Jólaafsláttur 400.000 kr.
Til þín á jólum 1.990.000 kr.
Ford Mondeo Ghia (VG154)
2,0i bensín sjálfskiptur 5 dyra.
Leðuráklæði, 16" álfelgur,
hraðastillir, tölvustýrð miðstöð ofl.
Skrd. 07/2007. Ek. 31.000 km.
Verð 3.100.000 kr.
Jólaafsláttur 510.000 kr.
Til þín á jólum 2.590.000 kr.
Komdu
Brim
Citroën C4 Comfort (PF278)
2,0i bensín sjálfskiptur 5 dyra.
Nálægðarskynjarar í fram og
afturstuðara ofl.
Skrd. 01/2006. Ek. 52.410 km.
Verð 2.290.000 kr.
Jólaafsláttur 300.000 kr.
Til þín á jólum 1.990.000 kr.
Ford
Líttu við í kaffi og piparkökur.
Spjallaðu við sérfræðinga
Brimborgar um jólatilboð fyrir þig.
atilboð
Volvo XC90 SE AWD (SA562)
2,5i Turbo bensín sjálfskiptur.
Rafdr. framsæti, Premium
hljómtæki, dráttarbeisli ofl.
Skrd. 07/2004. Ek. 113.000 km.
Verð 3.690.000 kr.
Jólaafsláttur 500.000 kr.
Til þín á jólum 3.190.000 kr.
SA 562
Kauptu jólabílinn
á jólatilboði í dag
Jólin eru í Brimborg
Náð'í jólabílinn í Brimborg í dag
Njóttu aðventunar og fagnaðu jólunum á jólatilboðsbíl frá Brimborg
brimborg
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6 og 8, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | notadir.brimborg.is
Öruggur staður til að vera á

!

**Ath kl. 12.34**

*Í dag hefst jóladagatal Norræna hússins þriðja árið í röð. Daglega kl. 12.34 til jóla er boðið upp á ókeypis skemmtun í Vatnsmýrinni. Líkt og með hefðbundin jóladagatöl er það ekki fyrr en glugginn er opnaður að það kemur í ljós hvað bíður áhorfandans.*

# menning

menning@frettabladid.is

# Pétur Ben til Evrópu

Pétur Ben er á leiðinni í þriggja vikna tónleikaferð um Evrópu í febrúar. „Þetta leggst mjög vel í mig. Ég hef ekki haft mikinn tíma til að sinna sjálfum mér. Það er búið að vera á stefnuskránni í svolítinn tíma en núna er að myndast gat,“ segir Pétur. Túrinn hefst 17. febrúar og stendur yfir til 4. mars. Förinni er heitið til Þýskalands, Hollands, Belgíu og Sviss, þar sem Pétur verður einn með kassagítarinn. „Ég hlakka mikið til því ég hef bara túrað úti með bandi. Ég spilaði mikið einn á kassagítarinn hérna heima og þetta er skemmtilegur skóli. Þetta er svolítið opið „format“. Maður getur farið í allar áttir og breytt mikið til. En ég á eftir að sakna strákanna rosalega mikið,“ segir hann og á þar við hljómsveitina sem hefur spilað með honum.

Pétur vonast til að spila ný lög á tónleikaferðinni en þrjú ár eru liðin síðan fyrsta sólóplatan hans kom út við góðar undirtektir. „Núna er ég orðinn mjög spenntur að gera mitt eigið efni,“ segir hann og vonast eftir að ný plata líti dagsins ljós fyrir næsta sumar. - fb



**PÉTUR BEN** Tónlistarmaðurinn Pétur Ben fer í tónleikaferð um Evrópu í febrúar.

## > Ekki missa af

Í dag er síðasti dagur sýningar í Þjóðarbókhlöðunni til heiðurs Þorsteini Þorsteinssyni, hagfræðingi og esperantista. Yfirskrift sýningarinnar er Eitt tungumál fyrir allan heiminn. Er sýningin haldin í tilefni af því að í ár eru hundrað ár liðin frá því að fyrsta íslenska kennslubókin í esperanto kom út. Höfundur hennar var dr. Þorsteinn Þorsteinsson, hagfræðingur og fyrsti forstöðumaður Hagstofu Íslands, og lagði kennslubókin grunninn að fjölbreyttu íslensku esperanto-starfi á Íslandi.

# Húsmæður hrifnar

Söngkonan María Magnúsdóttir hefur gefið út plötuna Not Your Housewife. „Platan var í bígerð hjá mér í um tvö ár og ég get alveg sagt að ég lagði sál mína í hana,“ segir María. „Ég veit ekki hversu harðar staðreyndir ég hef fyrir mér í þessu en oftar en ekki eru það konurnar í eldhúsunum og nútíma ofurhúsmæðurnar sem hafa sagt mér að platan fari bara ekki úr spilaranum. Svo stjórna ég gospelkór í Árbæ og þar á hver einasta kona í kórnum eintak,“ segir hún.

Á plötunni eru ellefu lög með textum eftir Maríu og er tónlistin blanda af R&B, fönki, djassi og blús. Með henni á plötunni spila bræðurnir Börkur og Daði Birgissynir, Jóhann Ásmundsson og Magnús Tryggvason Elíassen. Hlusta á má á Maríu á www.myspace.com/mariamagnusdottir.



**MARÍA MAGNÚSDÓTTIR** María hefur gefið út plötuna Not Your Housewife.


Hvað höfum við lært?

IÐA

Skrásetjarar hrunsins lesa úr bókum sínum og ræða stöðu mála í Iðu, 1. desember, kl. 20.00
Komdu og taktu þátt í spennandi umræðum.
Ólafur Arnarson / Sofandi að feigðarósi
Einar Már Guðmundsson / Hvíta bókin
Guðni Th. Jóhannesson / Hrunið
Fundarstjóri: Halla Tómasdóttir
stjórnarformaður Auðar Capital






Lækjargata 2a 101 sími 511-5001 R. opið alla daga 9.00 - 22. 00





# Gamla góða jólaguðspjallið

Leiklist ★★★★

**Jesús litli**

Höfundar: Benedikt Erlingsson (leikstjóri), Bergur Þór Ingólfsson og Halldóra Geirharðsdóttir

**Leikarar:** Bergur Þór Ingólfsson, Halldóra Geirharðsdóttir og Kristjana Stefánsdóttir

Viku eftir frumsýningu dröslaðist ég á nýjasta spunaverkefni Benedikts Erlingssonar. Hann hafði heitið mér að saman væri komin skemmtileg sýning á bernskudögum Jesú litla og hafði fengið í sitt lið Dóru Geirharðs og Berg – trúðana Barböru og Úlfar – og tónlistarkonuna Kristjönu Stefánsdóttur. Maður var bara spenntur – ofurmennaáhugi Benedikts er reyndar athyglisverður – þó hann sé í túlkun sinni á tveimur guðspjöllum reyndar að feta í fótspor Fo, það er Dario, og þar fyrir aftan er löng hefð kaþólsk að djóka með guðspjöllin á torgum fyrir múgafólk.

Nema hvað: sýningin reyndist vera undarlegur grautur af skemmtilegum hugmyndum, stílfærslum, óperustælingum, prívatskopi, sumu afar þreyttu. Ef ég þarf eina ferðina enn að sitja undir sýningu hjá Barböru og Úlfari sem trekkir áheyrendur upp á trikkinu að taka sér kúnstpásu og bíða eftir klappinu og svo gera sér mat úr því þá er mér nóg boðið. Komon krakkar. Þetta er orðið svo þreytt. Víst er samspil við áhorfendur ágætisbragð en sem aðalkryddið er það þreytandi.

Auðvitað er margt skemmtilegt í þessari sýningu, einkum þegar þau halda sig við söguna og endurgera hana, skoða aðstæðurnar og koma með sína útgáfu af þeim. En svo leiðast þau út í predikanir: þarna var langur passus um bylgjuna sem kjarna alls, sem ég hafði reyndar heyrt líka í sýningu á þessum stað nokkru fyrr, Bláa gullinu. Notkun á baktjaldi var líka á fullu þar, rétt eins og í Dauðasyndunum sem Halldóra og Bergur eru að klára núna með fleirum á Litla sviðinu.

Það er raunar áberandi með sýningar Benedikts af þessu tagi að þær slappast í byggingu þegar líður á, gliðna. Hér var reyndar gífurlega falleg viðbót við myndsmíðina þegar Snorri Freyr gerbreytir sviðinu í „coup de théâtre“, sjónrænu trikki, leikmynd sem var annars skemmtilega útfærð í klínískum litum stáls, sængurfatnaðar og grænum sjúkrahússlit. Það gerðist í kjölfar undarlega tímasetts atriðis með vitringunum þremur sem kom í ljós að eru forfeður Kaspers, Jespers og Jónatans, þar sem barnamorðin voru til skoðunar. Hinum myrtu börnum var fagnað á himnum með loforði um endurfæðingu (sic). Huggun harmi gegn eftir að þeim var slengt á veggi og möskuð á þeim höfuðin.

Það var sem sagt víða leitað fanga. Sýningin verður þannig á köflum afar hljóðlát og væmin í bland við ruddaskap og snjallan trúðleik. Gegnum þetta allt siglir svo stjarna sýningarinnar Kristjana Stefánsdóttir sem skýtur hinum ýktu trúðum ref fyrir rass með yndislega smáum leik, fullkomlega öruggri elskusemi og frábærum söng. Hún á fjórðu stjörnuna sem þessari þriggja stjörnu sýningu er hér með gefin.

**Páll Baldvin Baldvinsson**

**Niðurstaða:** Misgæfur færleikur á ferð með glæsilegum reiðmanni sem syngur: Kristjönu Stefánsdóttur



**FJÓRÐA STJARNA** Kristjana Stefánsdóttir skýtur hinum ýktu trúðum ref fyrir rass í Litli Jesú

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Þriðjudagur 01. desember 2009**

### → Tónleikar

**20.00** Fyrstu tónleikar Frostrósa verða haldnir í Höllinni í Vestmannaeyjum. Miðasala og nánari upplýsingar um næstu tónleika á www.midi.is.

**20.00** Kór Áskirkju heldur jólatónleika í Áskirkju við Vesturbrún. Á efnisskránni verða íslensk og erlend jólalög.

**21.30** Hljómsveitin Gæðablóð heldur útgáfutónleika á Bar 46 við Hverfisgötu 46.

**22.00** Jazz-kvintett Reynis Sigurðssonar kemur fram á tónleikum á Kaffi Rósenberg við Klapparstíg. Leikin verður jazztónlist úr ýmsum áttum.

### → Sýningar

Snjólaug Guðmundsdóttir hefur opnað sýningu á vefnaði og flóka í Safnahúsi Borgarfjarðar við Bjarnarbraut í Borganesi. Alla virka daga kl. 13-18.

Myndlistarnemendur við Listaháskólann hafa opnað sýningu í Kubbnum við Laugarnesveg 91. Opið alla daga kl. 13-16.

### → Kvikmyndir

**16.00** Kvikmyndasafn Íslands sýnir kvikmynd leikstjórans Peter Kahane „Die Architekten“ (1990) Sýningin fer fram í Bæjarbíói við Strandgötu í Hafnarfirði. Enskur texti. Nánari upplýsingar á www.kvikmyndasafn.is.

### → Uppákomur

**12.34** Í Norræna húsinu við Sturlugötu koma listamenn í heimsókn í hádeginu, alla daga fram að jólum og verða með uppákomur.



### → Upplestur

**20.00** Í Listasafni Árnesinga við Austurmörk í Hveragerði verður boðið upp á upplestur. Rithöfundarnir Bragi Ólafsson, Gyrðir Elíasson, Jón Kalman Stefánsson og Oddný Eir Ævarsdóttir lesa upp úr verkum sýnum.

**20.00** Í bókaverslun Iðu í Lækjagötu munu Ólafur Arnarson, Einar Már Guðmundsson og Guðni Th. Jóhannesson segja frá bókum sínum tengdum hruninu. Umræðum stjórnar Halla Tómasdóttir.

### → Fyrirlestrar

**12.05** Guðmundur Hálfdánarson flytur erindið „Er íslenskt fullveldi í kreppu“ í fyrirlestrasal Þjóðminjasafns Íslands við Suðurgötu. Allir velkomnir og enginn aðgangseyrir.

**17.30** Benedikta Jónsdóttir heilsuráðgjafi og Trausti Eysteinsson lífsstílsráðgjafi flytja erindi hjá Maður lifandi við Borgartún 24 um leiðir að heilbrigðari lífsstíl. Nánari upplýsingar www.madurlifandi.is.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is**



**SVAVAR KNÚTUR** Svavar Knútur sér um að koma fólki í jólaskap á Café Rosenberg í kvöld.

# Jólaglögg hjá tónlistarfólki

**Útón heldur árlegt jólaglögg í kvöld kl. 19 til 21 á Café Rosenberg við Klapparstíg. Glöggið er í boði félaga tónlistarmanna og útgefenda. Svavar Knútur mun sjá um að koma fólki í gott jólaskap á þessu fyrsta kvöldi jólamánaðarins. Í boði verður glögg og piparkökur auk þess sem helstu hagsmunasamtök tónlistarmanna og útgefenda kynna starfsemi sína á markaðstorgi. Allir eru velkomnir, bæði innan- og utanfélagsmenn. Aðgangur er ókeypis og hægt er að skrá sig á thorey@utflutningsrad.is.**

*Loksins á íslensku*

# Tími hamingjunnar er runninn upp!




**Útgáfufagnaður**
í Eymundsson, Skólavörðustíg,
**í dag kl. 17.**
Allir velkomnir!

★

**Karl Ágúst** með uppistand.
**Ásdís Olsen** kynnir hamingjufræðin.

★

Útgáfutilboð
aðeins í dag **2.460,-**

# Lærðu að auka hamingju þína!



**TAL BEN-SHAHAR** er vinsælasti fyrirlesarinn við Harvard háskólann. Hann hefur vakið þjóðarathygli í Bandaríkjunum með kenningum sínum og kennslu í **jákvæðri sálfræði.**

**Hamingjan er lífsgæði** sem kosta ekki neitt og það er nóg til handa öllum. Því fleiri sem auka hamingju sína því betra og gjöfulla verður samfélag okkar. Hin byltingarkennda **jákvæða sálfræði** fer nú sigurför um heiminn og miðlar hagnýtum upplýsingum til venjulegs fólks um einfaldar leiðir til að auka hamingjuna í daglegu lífi.

„Kærkomin bók í samfélagi þar sem glímt er við afleiðingar efnahagskreppu og tíðrætt er um grundvallar lífsgildi."
**– Auður R. Gunnarsdóttir, sálfræðingur**

„Gagnleg bók fyrir alla sem vilja sjá hamingjuna í kringum sig."
**– Hugo Þórisson, sálfræðingur**

„Uppbyggjandi og skemmtilegt ferðalag um götuslóðana sem liggja til hamingjunnar."
**– Ásgeir R. Helgason, dósent í sálfræði**

*Hamingjan er óþrjótandi auðlind sem allir hafa aðgang að!*

**UNDUR OG STÓRMERKI**
www.undur.is

**> ALGJÖR VINNUALKI**

**Lady Gaga** segist aldrei fara út að skemmta sér því hún sé of einbeitt að vinnu sinni. Í viðtali við sjónvarpsstöðina MTV segist söngkonan óttast að eiga aldrei eftir að geta skemmt sér. „Ég fer aldrei á næturklúbba. Ég elska vinnuna mína of mikið og vil ekki að timburmenn hafi áhrif á það sem ég er að gera. Mér finnst mjög erfitt að fara út að skemmta mér almennilega.“



# Fólk

folk@frettabladid.is

# Vinkonur búa til Heilaspuna

Vinkonurnar Sesselja G. Vilhjálmsdóttir og Valgerður Halldórsdóttir senda í vikunni frá sér borðspilið Heilaspuni. Spilið er byggt á íslenskri, tungu, þjóðlífi, menningu og sögu. „Þetta er keppni í hver er bestur í að bulla og vera skapandi,“ segja þær. „Ef þú ert í skemmtilegum hópi getur þetta verið mjög fyndið spil.“

Alls eru 2.500 spurningar í spilinu í fimm flokkum: Orð, slangur, atburðir, bækur og heilahristingur. Leikmenn semja líkleg svör við ýmsum spurningum í þeim tilgangi að plata meðspilara sína og fá þá til að giska á að svör þeirra séu þau réttu. Spilið er í anda eldra spils, Fimbulfambs, en að sögn þeirra stallsystra, töluvert fjölbreyttara.

Sesselja og Valgerður ákváðu að búa spilið til í sumar þegar þær voru báðar án atvinnu. „Við höfum alltaf haft gaman af alls konar spilum og okkur fannst vanta svona spil á Íslandi. Maður þarf ekki að vera klárasti maðurinn á landinu til að spila það heldur bara að vera frjór.“ Þær fóru á Þjóðarbókhlöðuna til að semja spurningarnar og tók verkið aðeins tvær til þrjár vikur. „Við erum örugglega búnar að lesa allar orðabækur Íslandssögunnar,“ segja þær og hlæja.

Anna Rakel Róbertsdóttir var grafískur hönnuður spilsins og Bobby Breiðholt teiknaði myndina framan á spilinu þar sem margar af þekktustu persónum Íslandssögunnar koma við sögu. -fb



**MEÐ NÝTT SPIL** Vinkonurnar Sesselja G. Vilhjálmsdóttir og Valgerður Halldórsdóttir hafa samið borðspilið Heilaspuni. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**SPICE GIRLS Á WEST END** Söngleikur um Spice Girls er nú í vinnslu, en kryddpían Geri Halliwell mun hafa átt hugmyndina.

# Spice Girls-söngleikur í vinnslu

Undirbúningur fyrir Spice Girls-söngleik er nú í fullum gangi. Samkvæmt heimildum breska dagblaðsins The Sun er búið að ákveða frumsýningardag og er nú verið að skrifa handritið, en söngleikurinn mun heita Viva Forever eftir lagi sveitarinnar sem kom út árið 1998.

Handritshöfundurinn er Kim Fuller, en hann skrifaði einnig handrit fyrir bíómynd sem gerð var um stelpurnar árið 1997, Spice World. Það er ef til vill engin tilviljun að Kim var falið að skrifa handritið, en hann er bróðir stofnanda sveitarinnar, Simon Fuller. Framkvæmdastjóri söngleiksins er hins vegar kryddpían Geri Halliwell, en hún mun hafa átt hugmyndina að verkefninu. Í söngleiknum verður saga kryddpíanna rakin og fjórtán af þeirra vinsælustu lögum sungin. Áætlaður frumsýningartími á West End er í byrjun nóvember á næsta ári og telja margir að söngleikurinn muni slá öll aðsóknarmet.

# Tónlist sem róar íslensku þjóðina

„Við höfum spilað saman í sirka tíu ár undir mismunandi nöfnum, en þessi hljómsveit hefur verið starfandi í tvö ár,“ segir Óskar Guðjónsson, saxófónleikari hljómsveitarinnar Adhd, sem hefur gefið út plötu með sama heiti. Þetta er fyrsta plata hljómsveitarinnar og var hún tekin upp í sumar í stofunni heima hjá Óskari, en með honum í sveitinni eru Davíð Örn Þórsson hljómborðsleikari, Ómar Guðjónsson á gítar og Magnús Tryggvason Elíassen sem leikur á trommur. „Við höfðum góða aðstöðu heima í stofunni hjá Óskari og okkur fannst þessi heimilislega stemning koma vel fram í upptökunum. Við höfðum afnot af mjög góðum upptökutækjum og eyddum miklum tíma í það að fá gott hljóð og drukkum kaffi og borðuðum steiktan silung,“ útskýrir Ómar.

Hljómsveitarmeðlimirnir hafa allir numið við djassdeild FÍH og hafa komið víða við á fimmtán ára löngum tónlistarferli. Tónlist sveitarinnar mætti lýsa sem afslappaðri djasstónlist með heimilislegum blæ sem mun róa landann í jólaösinni.

Sérstakir útgáfutónleikar verða haldnir hinn 13. desember í Þjóðmenningarhúsinu. Nánari tímasetning verður auglýst seinna. -sm



**HEIMILISLEGIR** Meðlimir Adhd segjast vera fullir af orku sem þeir nýti í tónlistarsköpun. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA




# Beyoncé góð auglýsing fyrir íslenska hönnun

**Gunnar Hilmarsson, formaður Fatahönnunarfélags Íslands, segir það gríðarlega jákvæða kynningu fyrir íslenska hönnun að stjórstjörnur á borð við Beyoncé og Kylie Minogue skuli sýna henni áhuga.**

Íslensk fatahönnun hefur verið í mikilli sókn undanfarið og greindi Fréttablaðið nýlega frá því að söngkonurnar Beyoncé og Kylie Minogue hafi báðar fest kaup á íslenskri hönnun, auk þess sem norska prinsessan, Metter-Marit, er mikill aðdáandi útivistarfatnaðar frá Cintamani. Að auki hefur sést til leikstjórans Quentins Tarantino í yfirhöfn frá 66° Norður og söngkonunnar Gwen Stefani í flík úr línu sem Andersen & Lauth hannaði fyrir tískuverslunina Urban Outfitters. Einnig hafa stórstjörnurnar Johnny Depp og Nicole Kidman klæðst flíkum frá Andersen & Lauth á forsíðum tímarita.

„Það að stórstjörnur sem þessar skuli sjást í íslenskri hönnun er auðvitað gríðarlega jákvæð kynning fyrir íslenska fatahönnun. Þetta er bæði afskaplega góð auglýsing fyrir hönnuði og auðvitað ákveðin viðurkenning fyrir þá þegar svona gerist. Þetta þýðir líka það að hönnunin er komin á markað og fólk er að taka eftir henni,“ segir Gunnar Hilmarsson. Hann segir auglýsingu sem þessa hjálpa til við að koma íslenskri hönnun inn á kortið auk þess sem það hjálpar til við markaðssetningu og gefur fólki þannig aukinn byr í seglin.



**ÍSLENSK HÖNNUN Á KORTIÐ** Gunnar Hilmarsson, fatahönnuður og formaður Fatahönnunarfélags Íslands, segir það góða auglýsingu fyrir hönnuð ef frægur einstaklingur klæðist flíkum hans. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Þegar Gunnar er spurður nánar út í hönnun Andersen & Lauth fyrir Urban Outfitters segir hann fyrirtækið hafa hannað þrjár línur fyrir verslunina. „Við gerðum með þeim þrjár línur fyrir Bandaríkjamarkað og síðasta línan fór í sölu nú í vor. Samstarfið gekk mjög vel og þeir vildu halda því áfram en við höfðum því miður ekki tíma fyrir fleiri hliðarverkefni þar sem við vorum að byggja upp okkar eigið nafn.“

Gunnar telur ekki ólíklegt að Ísland verði innan skamms komið í hóp hinna Norðurlandanna sem eru orðin heimsþekkt fyrir vandaða og fallega hönnun. „Mér finnst það alls ekki ólíklegt, við eigum til nóg af hæfileikaríku fólki,“ segir hann að lokum. - sm

# Clapton bíður eftir Draumey

Ellen Kristjánsdóttir gaf nýlega út sína fyrstu plötu í tvö ár. Hún nefnist Draumey og hefur að geyma hugljúf lög sem flest eru eftir Ellen og Pétur Ben, sem einnig tók upp plötuna. „Ég var búin að liggja á hálfkláruðu efni mjög lengi. Svo kom þetta tilboð um að hita upp fyrir Eric Clapton í fyrra. Þá fórum við saman og æfðum nokkur lög og svo fór ég upp í sveit í janúar á þessu ári,“ segir Ellen. „Ég var ein með hundinn í viku með upptökutæki, hörpu og gítar og tók upp alveg rosalega mikið af lögum.“ Hún segir að Clapton hafi hvatt sig til dáða við plötugerðina á tónleikunum í Egilshöllinni „Hann hlustaði allan tímann og sagði: „Þið verðið að klára þetta og senda okkur plötu þegar þið eruð búin með hana“.“ Draumey hefur þó enn ekki ratað til gítarsnillingsins. „Ég er ekki búin að senda hana. Ég verð að fara að gera það. Hann fékk Sálmana. Það var eina platan sem ég var með í bílnum,“ segir hún og hlær. Hún bætir við að Draumey sé nokkurs konar uppgjörsplata þar sem hún syngur um æsku sína í San Francisco, föður sinn heitinn og unglingsár einnar af dætrum sínum.

Ellen hefur í nógu að snúast þessa dagana því fjölmargir tónleikar eru fram undan. Á miðvikudaginn heldur hún tvenna aðventutónleika með bróður sínum KK í Borgarleikhúsinu og 5. desember syngur hún með Borgardætrum á stórtónleikum Björgvins Halldórssonar. 10. desember verða síðan útgáfutónleikar vegna nýju plötunnar í Fríkirkjunni. Jafnframt eru fernir tónleikar á Rósenberg með Borgardætrum fyrirhugaðir. - fb



**ELLEN KRISTJÁNSDÓTTIR** Ellen hefur gefið út sína fyrstu plötu í tvö ár sem nefnist Draumey. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

SPORTLAND

# OPNUM Í DAG

NÝJA & STÓRGLÆSILEGA SPORTVÖRUVERSLUN!

# GRENSÁSVEGI 11

# KL. 10–18

FRÁBÆR OPNUNARTILBOÐ!



BETTER BODIES uhlsport GASP umbro Mizuno Kempa

## Stærðin skiptir máli

**Rihanna segir stærðina skipta máli þegar kemur að karlmönnum. Í viðtali við þýska tímaritið Bravo er söngkonan spurð hvað karlmaður þurfi til brunns að bera til að heilla hana, en söngkonan hefur verið á lausu frá því að hún sleit sambandi sínu við Chris Brown eftir að hann lagði á hana hendur í febrúar. „Hann þarf að vera góður í rúminu og stærðin skiptir máli. Innri fegurð skiptir líka máli, en án leikfangsins er ekkert gaman," segir hún.**

**Þá segist Rihanna njóta þess að vera á lausu. „Mér finnst gaman að daðra og ég nýt frelsisins. Ég er ekki að leita að alvarlegu sambandi og langar bara til að leika mér."**




# Biðst ekki afsökunar á kossi

**Samkynhneigður koss Idolstjörnunnar Adams Lamberts á bandarísku tónlistarverðlaununum hefur vakið hörð viðbrögð í Bandaríkjunum. Lambert ætlar ekki að biðjast afsökunar.**

Á verðlaunahátíðinni flutti Adam lagið For Your Entertainment í beinni útsendingu þar sem hann ögraði áhorfendum með því að kyssa karlkyns hljómborðsleikarann. Áður hafði hann dregið kvenkyns dansara á fætinum og látið annan dansara herma eftir munnmökum. Atriðið var sem sagt mjög kynferðislegt og hefur það fallið í grýttan jarðveg hjá Bandaríkjamönnum.

„Ég viðurkenni að ég fór aðeins fram úr sjálfum mér en ég hef annars ekkert út á þetta að setja," sagði Lambert. „Ég get vel skilið að ég hafi sært blygðunarkennd fólks en það var ekki ætlunin. Ég vildi bara túlka texta lagsins og skemmta mér við það."

Sjónvarpsstöðinni ABC sem sýndi frá verðlaunahátíðinni hafa borist fjölmargar kvartanir auk þess sem morgunþáttur stöðvarinnar, Good Morning America, hætti við að fá Lambert í heimsókn. Sjónvarpsstöðin CBC brá á það ráð að sýna ekki koss karlanna, þrátt fyrir að hafa á sínum tíma sýnt frægan koss Madonnu og Britney Spears á MTV-verðlaunahátíðinni. Margir hafa lýst þessari afstöðu sem hræsni og virðist Lambert vera á sama máli. „Ef það hefðu verið kvenkyns popparar sem hefðu gert það sama og ég hefðu ekki orðið næstum því svona mikil læti. Ég held að þessi gagnrýni hafi komið vegna þess að ég er samkynhneigður karlmaður."

Þessi hörðu viðbrögð í Bandaríkjunum koma Páli Óskari Hjálmtýssyni ekki á óvart. „Eins og ég þekki Ameríkana er helmingurinn af þeim brjálæðislega aftarlega á merinni. Ameríka er mjög hrædd þjóð," segir hann. „Það er bara austur- og vesturströndin sem er búin að gera sér grein fyrir því að það er eitthvað til sem heitir mannréttindabarátta samkynhneigðra. Restin er bara biblíubeltið. Í því landi býr Adam Lambert. Ef þú gerir svona í beinni útsendingu veistu að þú færð viðbrögð, bæði jákvæð og neikvæð."

**freyr@frettabladid.is**



### Frægar uppákomur í beinni:

**2009:** Kanye West rífur hljóðnemann af Taylor Swift á MTV-hátíðinni.
**2004:** Justin Timberlake afhjúpar brjóst Janet Jackson í hálfleik Super Bowl-leiksins.
**2003:** Madonna kyssir Britney Spears á MTV-hátíðinni.




**UMDEILDUR KOSS** Adam Lambert kyssir hljómborðsleikarann á bandarísku tónlistarverðlaununum. Kossinn hefur valdið miklu fjaðrafoki. NORDICPHOTOS/GETTY

ER ALLTAF HÆGT AÐ FYRIRGEFA?

ER REIÐI EÐLILEG TILFINNING?

ER HÆGT AÐ LIFA ÓSÁTTUR?

HVAÐ ER IÐRUN?




Reiði og ásökun í annars garð og sjálfs sín er þung byrði að bera, ekki síst nú þegar sársauki og biturð grafa víða um sig í samfélaginu.

Í þessa bók skrifa 86 Íslendingar úr ýmsum starfsstéttum um fyrirgefningu og sátt út frá mismunandi sjónarhornum. Bókin var skrifuð á árinu 2009.

Bók sem vekur lesandann til umhugsunar um mikilvægi fyrirgefningar og sáttar til að geta lifað heilbrigðu lífi á umbrotatímum.

Skálholtsútgáfan
Sími 528 4200
skalholtsutgafan.is

## Ólst upp án föður síns



Leikarinn Gerard Butler segist hafa átt erfitt með samskipti sín við konur alveg síðan faðir hans yfirgaf fjölskylduna. Móðir hans Margaret ól hann upp ein vegna þess að faðirinn Edward var aldrei til staðar. „Ég hegða mér undarlega í hvert skipti sem ég er með konum. Kannski er það vegna þess að mamma mín ól mig upp ein. Faðir minn sóaði öllum peningunum okkar í veðmál og fór á endanum á hausinn. Þannig að eina nóttina varð fjölskyldan mín að flýja til Kanada. Þá var móðir mín komin fimm mánuði á leið með mig. Því hefur verið haldið fram að menn sem alast upp án föður síns óttist að binda sig einni konu."

**GERARD BUTLER** Leikarinn hefur átt erfitt með að bindast einni konu alla sína ævi.

Tónlist ★★★

**8**

Á móti sól



## Traustur pakki

Sex ár eru liðin síðan Á móti sól sendi síðast frá sér plötu með frumsömdu efni. Í millitíðinni spilaði bandið inn þekkt íslensk dægurlög á tveimur vinsælum plötum og gerði safnplötuna Á móti sól í 10 ár árið 2006. Hljómsveitin telur allar þessar plötur með og fær út að nýja platan sé áttunda plata sveitarinnar. Hún hefur verið í vinnslu í þrjú ár, bæði á Íslandi og í Danmörku, og alls hafa sex lög af ellefu verið sett í útvarpsspilun. Platan er því nokkuð kunnugleg þegar hún kemur í hendur hlustandans.

Lagasmíðarnar eru misjafnar eins og gengur. Þrír meðlimir semja, Heimir Eyvindsson hljómborðsleikari mest, en Magni og Sævar gítarleikari líka. Margt nett er sett fram. „Sé þig seinna" og „Ef þú ert ein" eru þétt þægindapopp, stíft er handboltarokkað í „Ekki sleppa takinu" og dekkra er yfir „Riddari götunnar" en fólk á að venjast frá bandinu. Ágætis tilbreyting. Helst setur maður spurningarmerki við ofurvæmnina í „Verst að ég er viss" og Sálaráhrifin eru einum of augljós í lokalaginu „Árin". Magni söngvari er oftast að syngja á sveitaballanótunum og á það til að verða full grátklökkur í enda laglína. Gaman er að heyra hann nota rokkröddina sem kom honum langt áfram í Rock Star Supernova. Þetta er allt saman mjög fagmannlega gert, spilirí gegnheilt af áralöngu akkorði og upptaka metnaðarfull. Eini áberandi ókosturinn við plötuna er illa heppnað umslag með allt of litlu letri svo maður þyrfti stækkunargler til að lesa textana. Ég veit ekki hvort það er klaufaskapur eða viljandi gert.

Á móti sól er einn af máttarstólpum sveitaballabylgjunnar svokölluðu, sem jafnan er kennd við Suðurland. Þessi plata heldur í þær hefðir sem viðgangast í þeirri deild tilgerðarlausrar dægurtónlistar. Þeir sem hafa ekki fílað Á móti sól til þessa munu fráleitt snúast á band með bandinu eftir þessa plötu. Samband sveitarinnar við aðdáendur sína mun aftur á móti verða enn sterkara, enda er þetta traustur og vel útilátinn pakki.

**Dr. Gunni**

**Niðurstaða:** Plata sem styrkir samband aðdáenda við sveitina en er ekki líkleg til að snúa hinum.

# HIMNESKUR SKÁLDSKAPUR

„Frásagnartækni Jóns Kalmans nær hér hæstu hæðum.“
– Gauti Kristmannsson, Víðsjá

„Snilldarverk!“
– Kolbrún Bergþórsdóttir, Kiljan




Hafi djöfullinn skapað eitthvað í þessum heimi, fyrir utan peningana, þá er það skafrenningur uppi á fjöllum.
„Áhrifamikil og spennandi lesning um hlut fólks sem gekk þessar götur á undan okkur með minna í malnum en við. Okkar fólk.“

★★★★

– Páll Baldvin Baldvinsson, Fréttablaðinu

★★★★★ „HIMNESKT“
– Steinunn Inga Óttarsdóttir, Morgunblaðið

„VIRKILEGA ÞESS VIRÐI AÐ VERA LESIN OG SVO LESIN AFTUR.“
– ÚLFHILDUR DAGSDÓTTIR, BOKMENNTIR.IS




Ung kona kemur til ókunnugs bæjar, með heimilisfang á bréfmiða og lykla í vasanum. Ferðinni er heitið í íbúð á efstu hæð í gömlu húsi, þar sem ekki er allt sem sýnist.
„Þórdísi tekst vel að lokka lesandann áfram og byggja upp spennu,“
– Una Sighvatsdóttir, Morgunblaðið

„FALLEG BÓK. OG Á ÓVÆNTAN HÁTT KANNSKI EIN BESTA BÓKIN UM HRUNIÐ.“
– HALLGRÍMUR HELGASON, FACEBOOK




Ungur Íslendingur tekur sér ferð á hendur til að hitta þjóðina sem virðist ekki geta hætt að bjarga okkur. „Óvæntar hugrenningar um hversdagslega hluti, einfaldar en snjallar sviðsetningar og vel skrifuð og upplýsandi samtöl um allt og ekkert.“
– Einar Falur, Morgunblaðið

„ÉG ELSKA AÐ LESA BÆKUR SEM ÉG DETT SVONA AUÐVELDLEGA INN Í EINS OG ÞESSA.“
– KOLBRÚN SKAPTADÓTTIR, MIDJAN.IS




Ástarsöguþýðandinn Magni er nýkominn úr áfengismeðferð þegar morðalda gengur yfir Reykjavík.
„Spor er fyrsta saga Lilju Sigurðardóttur og skemmst er frá því að segja að ferillinn byrjar vel ... Spennandi saga sem gengur upp.“
– Kolbeinn Óttarsson Proppé, Fréttablaðið

8. SÆTI
METSÖLULISTA EYMUNDSSON SKÁLDSÖGUR OG LJÓÐ




Kona með kramið hjarta leitar sér hjálpar á hæli. Sérfræðingar komast að þeirri niðurstöðu að hún sé útbrunnin og bregða á það ráð að gera tilraunir til að eima hjarta hennar í anda ilmvatnsgerðar. Bráðskemmtileg saga á mörkum alls sem er.

BJARTUR

## Þolir ekki forsetann



Tímaritið US Weekly heldur því fram í nýjasta hefti sínu að leikkonan Angelina Jolie þoli ekki forseta Bandaríkjanna, Barack Obama. „Hún hatar hann. Henni finnst mikilvægt að sinna menntamálum og finnst Obama of upptekinn af velferðarmálum. Henni finnst hann vera dulbúinn sósíalisti,“ var haft eftir heimildarmanni.

**MEÐ SKOÐANIR** Angelina Jolie þolir ekki Barack Obama.


**Viiwa** vandaðar danskar veggsamstæður








**Hirzlan**

Smiðsbúð 6 210 Garðabæ Sími 564 5040

www.hirzlan.is


# Óskarskapphlaupið hafið

**Þrír mánuðir eru þangað til Óskarsverðlaunin verða afhent í Los Angeles. Nú þegar eru menn farnir að spá því að samkeppnin í flokknum Besta myndin verði sú harðasta í langan tíma.**



**INVICTUS** Morgan Freeman og Matt Damon í nýjustu mynd Clints Eastwood, Invictus.

Til þess að hressa upp á Óskarsverðlaunin og gera þau vinsældavænni brá Óskarsakademían á það ráð að fjölga myndunum, sem keppa í flokknum Besta myndin, úr fimm í tíu. Síðast kepptu tíu myndir um Óskarinn árið 1944 og verður því áhugavert að fylgjast með þessari óvæntu breytingu. Þá bar Casablanca sigur úr býtum og er hún ein af hinum sígildu myndum kvikmyndasögunnar.

Margar myndir hafa verið nefndar til sögunnar sem mögulegir kandídatar á næsta ári, þar á meðal myndir sem hingað til hefðu líklega aldrei hlotið náð fyrir augum akademíunnar. Þar má nefna Star Trek-mynd JJ Abrams, Avatar eftir James Cameron, sem margir bíða með mikilli eftirvæntingu, og geimverutryllinn District 9 sem sló óvænt í gegn í sumar. Nine, byggð á samnefndum söngleik á Broadway, er einnig talin gott Óskarsefni enda er leikstjórinn Rob Marshall hinn sami og gerði söngvamyndina Chicago. Hún vann Óskarinn sem besta myndin árið 2003.

Clint Eastwood er alltaf líklegur þegar Óskar frændi er annars vegar. Nýjasta myndin hans, Invictus, þykir líkleg til afreka. Hún gerist í Suður-Afríku og fjallar um það hvernig þáverandi forseti landsins, Nelson Mandela, fékk þjóðina til að sameinast yfir ruðningsliði landsins þegar það vann heimsmeistarakeppnina árið 1995. Ekki skemmir fyrir að gæðaleikarinn Morgan Freeman fer með hlutverk Mandela en hann lék síðast fyrir Eastwood í Million Dollar Baby. Einnig fer Matt Damon með eitt aðalhlutverkanna.

The Hurt Locker í leikstjórn Kathryn Bigelow, sem fjallar um sprengjusérfræðinga í Írak, gæti komist á topp tíu, rétt eins og Inglorious Basterds, stríðsópus Quentins Tarantino. Báðar hlutu þær mjög góða dóma þegar þær voru frumsýndar í sumar.

Aðrar myndir sem þykja líklegar eru Precious, sem fjallar um menntaskólanema sem þjáist af offitu, The Road með Viggo Mortensen í aðalhlutverki og A Serious Man, nýjasta mynd Coen-bræðranna. The Lovely Bones í leikstjórn Peters Jackson gæti einnig komið til greina ásamt teiknimyndinni Up. Síðan er spurning hvort Brothers, sem Sigurjón Sighvatsson framleiðir, komist í hóp hinna tíu bestu en Sigurjón ætlar að eyða fjögur hundruð milljónum í Óskarsherferð vegna myndarinnar. Með aðalhlutverkin fara Jake Gyllenhaal og Tobey Maguire.

Það er því ljóst að samkeppnin um bestu myndina gæti orðið mjög hörð og líklega verða þar myndir sem hingað til hafa ekki þótt nógu listrænar til að komast í hóp hinna fimm útvöldu. Tilkynnt verður um tilnefningarnar 2. febrúar og því munu vangaveltur kvikmyndaspekúlanta halda áfram sem aldrei fyrr á næstu mánuðum.


# Notendastýrð persónuleg aðstoð (NPA)
# Sjálfstætt líf, tálsýn eða veruleiki?

## Ráðstefna í Salnum í Kópavogi fimmtudaginn 3. desember 2009

**Dagskrá**

13.00. Setning. Árni Páll Árnason félags- og tryggingamálaráðherra.
13.10. Þjónusta eða sjálfræði? Ólafur Páll Jónsson heimspekingur og lektor við Menntavísindasvið Háskóla Íslands.
13.30. Hugmyndafræði og saga samtaka um sjálfstætt líf. Adolf D. Ratzka, Ph.D. stofnandi og forstjóri Stofnunar um sjálfstætt líf í Svíþjóð.
13.50. Tilraunaverkefni um notendastýrða þjónustu á Íslandi – helstu niðurstöður. María Játvarðardóttir, félagsráðgjafi.
14.10. Kaffihlé.
14.30. Sjálfstætt líf og Notendastýrð persónuleg aðstoð (NPA). Adolf D. Ratzka, Ph.D.
14.50. Leiðin framundan. Kolbrún Dögg Kristjánsdóttir formaður Samtaka um sjálfstætt líf á Íslandi.
15.10. Leiðin framundan. Hallgrímur Eymundsson talsmaður um stofnun miðstöðvar um NPA.
15.30. Ráðstefnuslit. Guðmundur Magnússon formaður ÖBÍ.

Að ráðstefnu þessari standa FFA - Fræðsla fyrir fatlaða og aðstandendur, Félags- og tryggingamálaráðuneytið og Öryrkjabandalag Íslands.

Aðilar að FFA eru: Ás styrktarfélag, Landssamtökin Þroskahjálp, Sjálfsbjörg landssamband fatlaðra og Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra.

Ráðstefnan er liður í Progress áætlun Evrópusambandsins gegn mismunun.

Ráðstefnustjóri: Gerður A. Árnadóttir formaður Landssamtakanna Þroskahjálpar.

Erindi á ráðstefnunni verða þýdd á táknmál og tónmöskvakerfi verður í boði.
Fyrirlestrar Adolfs D. Ratzka fara fram á ensku en rittúlkaðir yfir á íslensku.
Ráðstefnan er öllum opin og aðgangur ókeypis.

Skráning fer fram hjá Öryrkjabandalagi Íslands í síma 530-6700 eða í tölvupósti anna@obi.is

ÖBÍ

FÉLAGS- OG TRYGGINGAMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Fræðsla fyrir fatlaða og aðstandendur FFA


## Miley dýrkar Beyoncé

Miley Cyrus hefur átt góðu gengi að fagna bæði sem söngkona og leikkona í þáttunum Hannah Montana.



**MILEY CYRUS**

Miley, sem er aðeins sautján ára, þénaði hún hvorki meira né minna en 25 milljónir dala á síðasta ári. Hún á þó sitt eigið átrúnaðargoð, söngkonuna Beyoncé, og í viðtali við bandaríska tímaritið Seventeen segist hún vilja feta í hennar fótspor.

„Ég vil verða eins og Beyoncé, hún er hin fullkomna kona. Þegar maður horfir á hana hugsar maður; „Hvernig ætli einkalíf hennar sé?“ Maður sér hana og hugsar: „Þessi stelpa er súperstjarna.“ Manni er sama um allt annað en tónlistina hennar.“

## Valin versta fyrirmyndin

**Victoria Beckham hefur verið valin óheilbrigðasta fyrirmynd síðustu 50 ára. Samkvæmt heimildum breska dagblaðsins The Sun leiddi könnun sem gerð var á meðal ríflega 60 líkamsræktarfrömuða í ljós að Victoria þykir allt of grönn. Vilja þeir meina að holdafar hennar sé ekki frá náttúrunnar hendi, heldur haldi hún sér tággrannri með því að borða of lítið.**



**VICTORIA BECKHAM**

**Ged Musto, einkaþjálfari sem tók þátt í könnuninni, segir Victoria hafa tekið kaloríutakmörkun á nýtt plan. „Holdafar hennar er tilkomið vegna næringarskorts og allt of mikillar líkamsræktar. Hún er slæm fyrirmynd.“**

Konur! Konur! Konur!

# LAGERSALA

## Undirföt
## Náttföt
## Sundföt



***LEPEL*** **undirföt – 50%**
***INTIMATE*** **undirföt – 75%**
***LEJABY*** **undirföt – 50%**
***CERES*** **náttfatnaður – 80%**
***LEPEL*** **sundföt – 50%**
***PANACHE*** **sundföt – 50%**
***BRANDTEK*** **kvenfatnaður – 90%**



Náttföt (barna)
1.500 kr.

**NÝ SENDING!**
**VESKI OG TÖSKUR**



**MERKJAVÖRUR FYRIR MINNA 60-80% AFSL.**

## DKCompany

**Nýjar vörur á gömlu verði**
beint frá Danmörku í hverri viku

**GALLABUXUR STRETCH**
**4.900 KR.**

**Úrval af fylgihlutum:**
Hálsmen, armbönd, hringar, eyrnalokkar, hárskraut...

**SÓLGLERAUGU: 900 KR.**
**BELTI FRÁ 500 KR.**

Opið virka daga 12-18,
laugardaga 10-17 og helgar 13-17

LAGERSALAN EHF. S. 662 4499
SKEMMUVEGI 6 (FYRIR NEÐAN BYKO)

## ÞRIÐJUDAGSBÍÓ Í SAMBÍÓUNUM Í DAG KR. 500

GILDIR EKKI Í VIP, Á ÍSLENSKAR MYNDIR OG Á MYNDIR Í 3D OG BEINAR ÚTSENDINGAR







SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| TWILIGHT 2 NEW MOON | kl. 6 - 8 - 9 - 10:50 | 12 |
| TWILIGHT 2 NEW MOON | kl. 5:20 - 8 - 10:50 | VIP |
| A CHRISTMAS CAROL M/ Ensku. Tali | kl. 5:50(3D) Ótextuð | 7 |
| A CHRISTMAS CAROL M/ ísl. Tali | kl. 5:50 | 7 |
| A CHRISTMAS CAROL M/ Ensku. Tali | kl. 8 - 10:10 | 7 |
| PANDORUM | kl. 8 - 10:20 | 16 |
| LAW ABIDING CITIZEN | kl. 10:20 | 16 |
| MORE THAN A GAME | kl. 5:50 | 7 |
| COUPLES RETREAT | kl. 8 | 12 |
| ALGJÖR SVEPPI | kl. 6 síðasta sýn. | L |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| TWILIGHT 2 NEW MOON | kl. 5:20 - 8 - 10:10 - 10:50 | 12 |
| A CHRISTMAS CAROL M/ ísl. Tali | kl. 5:50(3D) | 7 |
| A CHRISTMAS CAROL M/ Ensku. Tali | kl. 8(3D) Ótextuð | 7 |
| MY LIFE IN RUINS | kl. 5:50 - 8 | L |
| LAW ABIDING CITIZEN | kl. 10:10 | 16 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| THE TWILIGHT SAGA | kl. 5:30 - 8 - 10:40 | 12 |
| A CHRISTMAS CAROL M/ ísl. Tali | kl. 6 | 7 |
| A CHRISTMAS CAROL M/ Ensku. Tali | kl 8 | 7 |
| PANDORUM | kl. 10 | 16 |


# Frostrósirnar lagðar af stað

Frostrósirnar og fylgdarlið þeirra lögðu af stað í tónleikaferðalag sitt um landið í gær frá Reykjavíkurflugvelli. Ferðinni var heitið til Vestmannaeyja þar sem fyrstu tónleikarnir verða haldnir í kvöld.

Ferðalagið leggst vel í söngkonuna Heru Björk sem er að fara sinn þriðja túr með Frostrósunum. „Þetta er mjög skemmtilegur hópur. Við hlæjum svo hrikalega mikið og skemmtum okkur að það er eiginlega bara fáránlegt. Okkur finnst allt fyndið og keppumst við að segja brandarana,“ segir Hera. „Þetta verður alveg meiri háttar.“

Ferðalagið tekur ellefu daga og endar á fernum tónleikum í Reykjavík. Miðasalan á tónleikana hefur aldrei gengið betur og hafa Frostrósirnar greinilega náð að festa sig rækilega í sessi í hjörtu landsmanna. „Við erum voða upp með okkur að fólk skuli taka svona vel á móti okkur. Þetta er vinna áranna á undan sem er að skila sér. Fólk er að setja þetta í forgang í jólaundirbúningnum,“ segir Hera.



**UPP Í FLUGVÉL** Frostrósirnar og fylgdarlið þeirra áður en lagt var af stað til Vestmannaeyja í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Auk þess að syngja í Vestmannaeyjum stígur sönghópurinn á svið á Höfn á Hornafirði, Eskifirði, Akureyri, Varmahlíð, Ólafsvík, Ísafirði og í Reykjavík. Hera segir að það sé allt öðruvísi að syngja úti á landi þar sem nándin sé miklu meiri. „Áhorfendur eru nær okkur og færri og dagskráin er ekki jafnstór. Þetta er miklu meiri nánd og síðan er líka gott að komast aðeins út fyrir ysinn og þysinn í borginni.“

- fb

# Tiger Woods vill fá næði

Kylfingurinn Tiger Woods slasaðist illa í andliti eftir að hafa ekið bíl sínum úr heimreið sinni á nálægan brunahana og á tré í garði nágrannans. Miklar vangaveltur hafa verið uppi um tildrög slysins, en sumir halda að Woods hafi ætlað að keyra burt eftir háværasamt rifrildi við eiginkonu sína, sænsku fyrirsætuna Elinu Nordegren. Sögur um meint framhjáhald Woods hafa verið á kreiki undanfarna daga og vilja sumir meina að Nordegren hafi elt Woods úr húsi þeirra hjóna og brotið bílrúður með golfkylfu eftir rifrildi.

Woods hefur verið útskrifaður af spítala og sendi í gær frá sér svohljóðandi tilkynningu: „Þetta atvik hefur verið erfitt fyrir Elinu, fjölskyldu okkar og mig. Ég er þakklátur fyrir allan þann stuðning sem okkur hefur verið sýndur, en ég vil einnig óska eftir því að okkur verði sýndur skilningur á þessum erfiðu tímum og að okkur verði gefinn friður til að leysa þetta vandamál í næði.“



**ÓHEPPINN** Tiger Woods ók á brunahana og hlaut nokkra áverka á andliti. Sumir fjölmiðlar halda því fram að eiginkona kylfingsins hafi átt sök á þeim.

Rachel Uchitel, konan sem Woods á að hafa sængað hjá, segir sögusagnirnar vera hreina lygi, þrátt fyrir að orðrómurinn hafi verið staðfestur af nánum vinum hennar. The National Enquirer, sem fyrst flutti fréttirnar, segir vinkonur Uchitel einnig hafa staðist lygapróf sem styðji sögur þeirra enn frekar.


## NÝTT Í BÍÓ!




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| THE BOX | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 16 |
| LOVE HAPPENS | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | L |
| 2012 | kl. 4.45 - 8 - 10 | 10 |
| 2012 LÚXUS | kl. 4.45 - 8 | 10 |
| DESEMBER | kl. 8 | 10 |
| THIS IS IT | kl. 5.30 SÍÐUSTU SÝNINGAR | L |
| FRIÐÞJÓFUR FORVITNI | kl. 3.40 | L |
| JÓHANNES | kl. 3.40 | L |

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| WHATEVER WORKS | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | 7 |
| A SERIOUS MAN | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | 12 |
| 2012 | kl. 5.45 - 9 | 10 |
| DESEMBER | kl. 6 - 8 | L |
| STÚLKAN SEM LÉK SÉR AÐ ELDINUM | kl. 10 SÍÐUSTU SÝNINGAR | 16 |

facebook.com/smarabio
AÐDÁENDUR GETA UNNIÐ BÍÓKORT ÚT ÁRIÐ, BOÐSMIÐA Á FORSÝNINGAR O.M.FL.

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| 2012 | kl. 6 - 9 | 10 |
| PARANORMAL ACTIVITY | kl. 10 | 16 |
| LOVE HAPPENS | kl. 8 | L |
| 9 | kl. 6 | 7 |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000

| | | |
|---|---|---|
| THE BOX | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 16 |
| RAJEEV REVISITED | kl. 6 | L |
| PARANORMAL ACTIVITY | kl. 10 | 16 |
| 2012 | kl. 6 - 9.15 | 10 |
| ZOMBIELAND | kl. 8 | 16 |
| STÚLKAN SEM LÉK SÉR AÐ ELDINUM | kl. 6 - 9 SÍÐUSTU SÝNINGAR | 16 |



## NÝTT Í BÍÓ

LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus




LAUGARÁSBÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| COCO BEFORE CHANEL | kl. 5.50, 8 og 10.10 | L |
| 2012 | kl. 7 og 10(Power) | 10 |
| JÓHANNES | kl. 6, 8 og 10 | L |



# 1 dagur eftir

# Lagersölu Veiðihornsins

# Ármúla 18

## er að ljúka.

## Ætlar þú að missa af þessu?


Nikon
At the heart of the image
FULLKOMIN JÓLAGJÖF
TILBOÐ!
MEÐ ÖLLUM
NIKON D5000
FYLGIR NÚ
SB-400 FLASS SKIP
Í KAUPBÆTI.
(VERÐMÆTI 34.995 KR.)
NIKON D5000 REC
Færðu sjálfum þér og öðrum nýtt sjónarhorn á lífið með Nikon D5000 – myndavél með stillanlegum LCD-skjá og HD hreyfimyndatöku! Fullkomin jólagjöf fyrir fjölskylduna.
Nikon SCHOOL INTRO
Nýjung á Íslandi!
Nikon skólinn
Innifalið í kaupunum er 2,5 klst. byrjendanámskeið á D-SLR (verðmæti: 12.000 kr.).
SÖLUAÐILAR
Heimilistæki – Suðurlandsbraut 26, 108 Reykjavík – 5691500 – www.ht.is
Sjónvarpsmiðstöðin – Síðumúla 2, 108 Reykjavík – 5689090 – www.sm.is
Beco – Langholtsvegur 84, 104 Reykjavík – 5333411 – www.beco.is
Fotoval – Skipholt 50b, 105 Reykjavík – 5539200 – www.fotoval.is
www.nikon.is
Mynd: Morten Rygaard
Tilboð gildir 26. nóvember til 31. desember eða meðan birgðir endast.

## > Jólagjöf til allra í Stabæk

Veigar Páll Gunnarsson var kynntur í gær sem nýr leikmaður norska úrvalsdeildarliðsins Stabæk eftir mislukkað ár hjá Nancy þar sem hann fékk lítil sem engin tækifæri. „Þetta er besta jólagjöfin til Daniels Nannskog (framherja sem blómstraði við hlið Veigars), Jans Jönsson (þjálfara) og allra þeirra sem tengjast og styðja Stabæk," sagði Steen Jensen, stjórnarformaður Stabæk, við Verdens Gang þegar ljóst var að Veigar væri kominn til Stabæ á nýjan leik. Vegna komu Veigars getur Stabæk þó ekki haldið lengur Japananum Daigo Kobayashi sem fer frá félaginu í janúar.



# sport

sport@frettabla-

**FANNAR FREYR HELGASON OG STJÖRNUMENN:** UNNU FJÓRÐA LEIKHLUTANN 18-6 OG FÖGNUÐU SIGRI GEGN KR

## *Við vinnum bara svona stóra leiki í staðinn*

Stjörnumenn unnu enn á ný sigur á KR-ingum í Iceland Express-deild karla í körfu í gær. KR-ingar höfðu ágæt tök á leiknum en frusu í lokin. „Mér finnst rosalega gaman að vinna KR, ég verð bara að segja það," sagði Fannar Freyr Helgason, fyrirliði Stjörnunnar, skömmu eftir að Stjörnuliðið hafði unnið fimm stiga sigur á Íslandsmeisturunum í DHL-Höllinni. Þetta var þriðji sigur Stjörnunnar á KR á þessu ári, en þeir unnu KR einnig í bikarúrslitaleiknum í febrúar og í meistarakeppninni í október.

„Fjórði leikhlutinn var mjög góður hjá okkur og við vorum að sýna frábæran karakter með að klára þennan leik svona sterkt. Við lentum í miklu basli í byrjun seinni hálfleiks þegar það gekk ekkert upp. Við bættum okkur allir sem einn og börðum okkur saman og þá kom þetta," sagði Fannar og hann var sáttur við Bandaríkjamanninn Justin Shouse sem fór á kostum í lokaleikhlutanum og skoraði þá 12 af 29 stigum sínum. „Þú færð ekkert betri mann á Íslandi til að stýra þessu en Justin. Þarna voru tveir af sterkustu Könunum í deildinni að mætast og hann var miklu betri," sagði Fannar um Justin Shouse, sem er að spila meiddur. Stjarnan hefur unnið 7 af 9 leikjum sínum sem skilar liðinu upp í 2. sætið. „Það er súrt að hafa tapað þessum Tindastólsleik en við lentum í meiðslum og það er erfitt að standa í slíku. Við vinnum bara svona stóra leiki í staðinn. Við erum búnir að vinna öll sterkustu liðin nema Grindavík sem er mjög flott," sagði Fannar.



KR-ingar frusu hreinlega í fjórða leikhluta sem þeir töpuðu 6-18 og þjálfarinn Páll Kolbeinsson tók hluta af skýringunni á sig. „Það getur vel verið að innáskiptingarnar hjá mér hafi verið þannig að ég hafi verið of lengi að setja byrjunarliðið inn á. Það getur vel verið að það hafi gert útslagið en við hættum allavega að spila körfubolta. Við hættum að sækja að körfunni og hleyptum þeim inn í leikinn aftur," sagði Páll. „Þetta er leikur sem við áttum að vinna. Við vorum með þetta í okkar höndum og spiluðum miklu betri körfubolta. Því miður hættum við bara að spila körfubolta og fórum að gera þetta allt sem einstaklingar," sagði Páll. **- óój**

## KARLAKARFAN

| | |
|---|---|
| Njarðvík-Keflavík | 76-63 (34-22) |

**Stigahæstir:** Magnús Þór Gunnarsson 21, Kristján Sigurðsson 21, Jóhann Árni Ólafsson 14 - Hörður Axel Vilhjálmsson 21, Sigurður Gunnars Þorsteinsson 17.

| | |
|---|---|
| KR-Stjarnan | 73-78 (42-41) |

**Stigahæstir:** Brynjar Þór Björnsson 15, Tommy Johnson 15, Finnur Atli Magnússon 13 - Justin Shouse 29, Jovan Zdravevski 14, Magnús Helgason 12, Fannar Freyr Helgason 10.

| | |
|---|---|
| Hamar-Breiðablik | 89-78 (44-41) |

**Stigahæstir:** Marvin Valdimarsson 35 (10 frák.), Andre Dabney 26 (21 í fyrri) - Jonathan Schmidt 15 (8 stoðs.), Jeremy Caldwell 15 (17 frák.), Hjalti Friðriksson 15.

**Stig liðanna í deildinni:** 1. Njarðvík 16, 2. Stjarnan 14, 3. Keflavík 14, 4. KR 14, 5. Snæfell 12, 6. Grindavík 10, 7. ÍR 8, 8. Hamar 8, 9. Tindastóll 6, 10. Fjölnir 4, 11. Breiðablik 2, 12. FSu 0.





Fyrirtæki á Höfuðborgarsvæðinu og Akureyri.

Bjóðum upp á örugga og hraða sendingarþjónustu fyrir jólin. Pakkar, bögglar og nafnamerkt blöð.

Nánari upplýsingar veitir Pósthúsið í síma 585-8300 eða á posthusid.is

Pósthúsið


# Keflvíkingar niðurlægðir

**Njarðvíkingar unnu öruggan 76-63 sigur gegn erkifjendum sínum í Keflavík í toppbaráttuleik í Iceland Express-deild karla í gærkvöldi. Sterk liðsheild og frábær varnarleikur skóp sigur Njarðvíkinga í Ljónagryfjunni.**

**KÖRFUBOLTI** „Ég er mjög ánægður með sigurinn. Varnarleikurinn var frábær hjá okkur allan leikinn en það komu samt kaflar þar sem við vorum að gera mörg mistök í sóknarleiknum. Keflvíkingar eru hins vegar góðir í vörn þannig að það var ekki hægt að búast við því að við myndum skora eitthvað sérstaklega mikið á þá en eins og ég segi þá var ég mjög ánægður með leikinn í heild sinni," sagði Sigurður Ingimundarsson, þjálfari Njarðvíkur, í leikslok eftir 76-63 sigur sinna manna í Suðurnesjaslag gegn Keflavík í Iceland Express-deild karla í gærkvöldi.

Það þarf vart að taka það fram að Ljónagryfjan í Njarðvík var troðfull og stemningin frábær. Það var líka greinilegt á leik liðanna til að byrja með að taugar leikmanna beggja liða voru þandar enda allt of mikið í húfi þegar liðin mætast, ekki síst þegar um algjöran toppslag er að ræða eins og í gærkvöldi. Keflvíkingar byrjuðu leikinn þó betur en svo sigu Njarðvíkingar fram úr og leiddu 18-11 að fyrsta leikhluta loknum og munaði þar mestu um þrjá þrista sem Kristján Rúnar Sigurðsson setti niður fyrir heimamenn.

Keflvíkingar náðu að saxa á forskotið framan af öðrum leikhluta, allt niður í eitt stig 20-19, áður en Njarðvíkingar tóku völdin á nýjan leik og fóru inn í hálfleik með tólf stiga forskot, 34-22. Jóhann Árni Ólafsson var allt í öllu hjá Njarðvíkingum í öðrum leikhluta og átti stóran þátt í góðri forystu heimamanna, sem voru reyndar einnig að spila fínan varnarleik.

Sérstaklega náðu Njarðvíkingar að halda Kananum Rashon Clark hjá Keflavík niðri en hann skoraði aðeins eitt stig í fyrstu tveimur leikhlutunum. Njarðvíkingar héldu uppteknum hætti í þriðja leikhlutanum og gáfu bara meira í en Keflvíkingar hikstuðu þá illilega. Aðeins Hörður Axel Vilhjálmsson og Sigurður Gunnar Þorsteinsson sem virtust vera með einhverju lífsmarki hjá gestunum á meðan liðsheildin var mjög sterk hjá Njarðvíkingum og menn skiptust á að skora.



**FRÁBÆR INNKOMA** Kristján Rúnar Sigurðsson kom með 21 stig inn af bekknum í gær en hann hitti úr 7 af 11 skotum sínum. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Munurinn var tuttugu og þrjú stig, 63-40, fyrir lokaleikhlutann og því á brattan að sækja fyrir Keflavík. Það er skemmst frá því að segja að forskot Njarðvíkinga var alltof stór biti fyrir Keflvíkinga sem náðu þó að laga stöðuna aðeins en sigur heimamanna var aldrei í hættu og lokatölur urðu sem segir 76-63.

Keflvíkingar fundu sig í raun aldrei í gærkvöldi og voru allan tímann stóru skrefi á eftir Njarðvíkingum bæði varnarlega og sóknarlega og þjálfarinn Guðjón Skúlason hjá Keflavík var því eðlilega ósáttur í leikslok.

„Við vorum bara skítlélegir og það var ömurlegt að horfa upp á þetta. Það er í raun það eina sem ég get sagt. Við vorum bara kraftlausir og ég veit ekki alveg af hverju það var. Sérstaklega vorum við lélegir sóknarlega en líka varnarlega á köflum og mér fannst Njarðvíkingar bara fá að taka þau fráköst sem þeir vildu taka. Þeir eru annars með flott lið og voru bara betri en við í þessum leik. Svo einfalt er það," sagði Guðjón.

Magnús Þór Gunnarsson og Kristján Rúnar Sigurðsson voru stigahæstir hjá Njarðvík með 21 stig en Hörður Axel Vilhjálmsson var stigahæstur hjá Keflavík með 21 stig. **omar@frettabladid.is**

Magnús Þór Gunnarsson var ánægður með spilamennsku Njarðvíkur í gær:

## Við slátruðum þeim bara

**KÖRFUBOLTI** „Þetta var frábært. Við spiluðum þvílíkt góða vörn, sérstaklega í þriðja leikhluta og þá lögðum við grunninn að þessum sigri. Það er ekki verra að sýna svona góða vörn á móti liði eins og Keflavík og að halda þeim í 63 stigum er náttúrulega frábært. Við slátruðum þeim bara," sagði stórskyttan Magnús Þór Gunnarsson hjá Njarðvík í leikslok eftir 76-63 sigur liðsins í toppbaráttuslag gegn Keflavík í Iceland Express-deildinni í gærkvöldi.

Magnús Þór reyndist sínum gömlu félögum í Keflavík erfiður ljár í þúfu og var stigahæstur heimamanna ásamt Kristjáni Rúnari Sigurðssyni með 21 stig og setti að vanda niður nokkur vel valin þriggja stiga skot á mikilvægum tímapunktum í leiknum.

„Við mættum bara tilbúnir í leikinn og það þýðir heldur ekkert annað í þessarri deild því ef þú mætir ekki tilbúinn þá taparðu. Við vorum lélegir gegn Stjörnunni og töpuðum en náðum heldur betur að rífa okkur upp eftir það og það var ánægjulegt. Við erum þar sem við viljum vera á toppi deildarinnar," sagði Magnús Þór og hrósaði sterkri liðsheild.

„Varnarleikurinn var náttúrulega lykillinn að þessu en við sýndum líka að við erum með góða breidd sóknarlega. Kristján Rúnar steig til að mynda svakalega upp í þessum leik og fór hreinlega á kostum, því hann er ekki búinn að hitta neitt í allan vetur. Það er vonandi að hann haldi þessu bara áfram," sagði Magnús Þór glottandi. **- óþ**



**21 STIG** Magnús Þór Gunnarsson hjá Njarðvík. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL


# Skóli - Íþróttir - Tómstundir

## í Bústaðahverfi, Háaleiti og Fossvogi

**Opinn íbúafundur um menntamál og íþrótta- og tómstundamál í Bústaðahverfi, Háaleiti og Fossvogi verður haldinn í Víkingsheimilinu við Traðarland miðvikudaginn 2. desember kl. 17:30**

**Frummælandi:** Kjartan Magnússon, formaður menntaráðs og íþrótta- og tómstundaráðs.
**Sjónarmið íbúa:** Lena Kristín Lenharðsdóttir, formaður foreldrafélags Réttarholtsskóla.
**Fundarstjóri:** Marta Guðjónsdóttir varaborgarfulltrúi.

**Fjallað verður um skólahald, íþróttir og tómstundamál og kallað eftir skoðunum íbúa um brýnustu úrlausnarefni í þessum málaflokkum í hverfunum. Þá verður kynnt vinna við mótun nýrrar menntastefnu á vegum Reykjavíkurborgar. Að loknum inngangserindum verða umræður með þátttöku íbúa, fulltrúa úr menntaráði og íþrótta- og tómstundaráði og fulltrúum frá Víkingi.**

Menntasvið
Íþrótta- og tómstundasvið

# STÆRSTA OUTLET LANDSINS

# MERKJA OUTLET

## KORPUTORGI

# TAX-FREE DAGAR

**ALLAR VÖRUR VERSLUNARINNAR ÁN VSK!* FRÁ ÞRIÐJUDEGI TIL SUNNUDAGS!**

| Barnajakkaföt | Barnakuldaskór | Bindi | Bolir
| Dömuskór | Flíspeysur | Fótboltabúningar | Gallaleggings |
| Herraskór | Hettupeysur | Húfur | Inniskór |
| Íþróttatöskur | Jakkaföt | Kuldaskór | Levi's gallabuxur |
| Málverk | Softshell jakkar | Skyrtur | Sokkar |
| Strákaskyrtur | Treflar | Úlpur | Vettlingar |

Vörum er hægt að skipta
í aðrar vörur til 31. desember 2009.

Vertu vinur MerkjaOutlet á Facebook. Kíktu á myndirnar og skoðaðu vöruúrvalið!

Gildir ekki af DVD-diskum og hlaupahjólum. Ríkissjóður fær virðisaukaskatt af öllum seldum vörum. Afslátturinn er alfarið á kostnað MerkjaOutlet.

**Opið: Mán.-lau. 11 til 18 - Sun. 12 til 18 • Sími 578 9400**





**AFTUR Í VAL?** Garðar Gunnlaugsson gæti spilað með Val næsta sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Garðar Gunnlaugsson:

# Skýrist betur á næstu vikum

**FÓTBOLTI** Framherjinn Garðar Gunnlaugsson hefur verið að leita sér að nýju félagi eftir að hann fékk sig lausan frá samningi sínum við búlgarska félagið CSKA Sofia.

Garðar hefur meðal annars rætt við Val en hann lék með Hlíðarendafélaginu við góðan orðstír tímabilin 2005 og 2006.

„Þetta er allt í vinnslu og skýrist eflaust betur á næstu vikum. Ég hef talað við Val en það er enn ekkert ákveðið með það enn þá. Valur hefur reynst mér vel og ég þekki vel til hjá félaginu og þekki Gunnlaug [Jónsson, þjálfara Vals] og það hjálpar auðvitað til,“ segir Garðar.

Garðar fór nýlega til reynslu hjá skoska félaginu Falkirk en þrátt fyrir að það hafi verið hálfgerð fýluferð á hann jafnvel von á því að fara og skoða aðstæður hjá fleiri félögum á næstunni.

„Þetta var mjög skrýtið hjá Falkirk þar sem ég fékk bara eina alvöruæfingu og svo aðra æfingu sem var bara upphitun og reitur. Ég er ekkert búinn að fara neitt annað en var að tala við menn sem tjáðu mér að markaðurinn væri að fara á fullt aftur núna á næstunni þegar styttist í að félagsskiptagluggin opnar í janúar. Ég vona því að eitthvað tækifæri bjóðist mér og þá stekk ég á það. Ef ekkert gerist í þessum málum þá bíður Valur og það er alls ekki slæmur kostur,“ segir Garðar. - óþ


**14,7 MÖRK Í LEIK** Hanna Guðrún Stefánsdóttir í Haukum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Hanna Guðrún Stefánsdóttir:

# Með 44 mörk á sex dögum

**HANDBOLTI** Haukakonan Hanna Guðrún Stefánsdóttir var sjóðandi heit í síðustu viku en hún fór á kostum í þremur stórsigrum Haukaliðsins í N1-deild kvenna. Hanna endaði vikuna á því að skora 18 mörk í 30-22 sigri Hauka á Fylki á Ásvöllum á laugardaginn.

Hanna hafði skorað 13 mörk í sigrum á FH og Víkingi í vikunni og endaði því magnaða viku á því að gæla við tuttugu marka múrinn. Hún var því með 44 mörk í þremur leikjum á aðeins sex dögum eða 14,7 mörk að meðaltali í leik.

Hanna þurfti bara 57 skot til þess að skora mörkin 44 og var því með 75 prósent skotnýtingu í þessum þremur leikjum Haukaliðsins. Mótherjarnir þrír skoruðu líka aðeins þrettán mörkum fleira en hún í þessum þremur leikjum. - óój



NÓG AÐ GERA Þórunn Helga Jónsdóttir sést hér gefa stuðningsmönnum Santos eiginhandaráritanir. MYND/JÓN SKATPASON

# Besta tímabilið

## Þórunn Helga Jónsdóttir getur í kvöld orðið brasilískur bikarmeistari með Santos annað árið í röð

**FÓTBOLTI** Það er skammt stórra högga á milli hjá Þórunni Helgu Jónsdóttur og félögum í kvennafótboltaliði Santos því í kvöld er komið að bikarúrslitaleiknum í Brasilíu þar sem liðið mætir Botucatu og spilar sinn 58. leik á árinu.

Þórunn Helga er áfram í stóru hlutverki hjá liðinu og það breyttist ekkert þótt tvær af bestu knattspyrnukonum heims, Marta og Christine, bættust í hópinn fyrir síðustu tvö mót tímabilsins.

„Við erum mjög spenntar fyrir leiknum. Mótherjarnir eru Botucatu, sama liðið og við töpuðum fyrir í úrslitaleik Paulista fyrir mánuði. Það voru gríðarleg vonbrigði að tapa þeim leik og allir með blóðbragð í munninum að ná að hefna fyrir það. Þetta er eina liðið sem við höfum tapað fyrir í ár. Eina leiðin til að vinna sæti í Libertadores á næsta ári er að vinna bikarkeppnina svo að það er til mikils að vinna,“ segir Þórunn sem var að sjálfsögðu með þegar Santos vann fyrstu Suður-Ameríku-keppni kvenna á dögunum.

Þórunn er sátt við sig en viðurkennir að þetta sé búið að vera langt og strangt tímabil. „Ég hef aldrei spilað svona langt og strangt tímabil en þetta er án efa besta tímabil mitt á ferlinum, bæði persónulega og frá sjónarmiði liðsárangurs. Við erum líka búnar að tryggja okkur sæti í fyrstu heimsmeistarakeppni félagsliða kvenna sem haldin verður hérna í Brasilíu á næsta ári í apríl. Það er gríðarlegur uppgangur í kvennaknattspyrnunni hér og mikill heiður fyrir mig að fá að taka þátt í þessu ævintýri með Santos,“ segir Þórunn.

Heimkoma Christine og Mörtu hefur haft mikið að segja um áhugann á liðinu í Brasilíu. „Það eru hreinlega forréttindi að spila með knattspyrnukonum sem hafa náð svona langt í íþrótt sinni. Fyrstu dagarnir og fyrstu æfingarnar voru svolítið skrýtnar, en það vandist,“ segir Þórunn Helga sem lenti í því fljótlega að vera herbergisfélagi Mörtu.

„Við erum vanar að fara inn á hótel í einbeitingu 24 tímum fyrir leik og í einum af fyrstu leikjunum var Marta herbergisfélaginn minn. Þetta var allt svolítið óraunverulegt, en núna eftir nokkra mánuði nýt ég þess bara mjög að spila með svona góðum leikmönnum. Það er alla vega engin tilviljun að þær skuli vera taldar besta og þriðja besta knattspyrnukona heims,“ segir Þórunn. - óój

Þórunn Helga eftir hvern heimaleik Santos-liðsins:

# Klukkutíma að labba 200 metra

**FÓTBOLTI** Þórunn Helga segir að Santos-liðið fái gríðarlega athygli í Brasilíu eftir að Marta og Christine komu til liðsins.

„Athyglin hefur aukist gríðarlega. Öll umfjöllun um liðið hefur aukist og áhorfendafjöldi hefur margfaldast. Við höfum fengið 15.000 áhorfendur á leiki, sama hvort við spilum á útivelli eða heimavelli. Það fylgja liðinu myndavélar hvert sem við förum. Á æfingum, í rútunni, á flugvöllunum og alls staðar. Við fengum athygli í Santos áður, en ekkert í líkingu við þetta,“ segir Þórunn Helga Jónsdóttir sem eyðir góðum tíma eftir hvern leik í að sinna stuðningsmönnum Santos-liðsins.

„Ég er klukkutíma að labba tvö hundruð metra heim, því hundruð manna vilja fá eiginhandaráritanir og láta taka af sér myndir, en aumingja Marta og Cristine þurfa að hanga inni í búningsklefa langtímum saman og bíða eftir tækifæri til að laumast út um bakdyr,“ segir Þórunn. - óój



ÞÓRUNN OG MARTA Þórunn Helga Jónsdóttir með bestu knattspyrnukonu heims. MYND/PEDRO ERNESTO GUERRA AZEVEDO









> **Charlie Sheen**

„Frægðin er eins og hverflynd hjákona sem getur svikið mann hvenær sem er. Þú eltist við hana og þegar þú loksins nærð henni, veistu ekkert hvað þú átt að gera við hana.“

***Sheen fer með hlutverk Charlie Harper í þættinum Two and a Half Men sem Stöð 2 sýnir mánudags- til fimmtudagskvöld kl. 19.25 en í kvöld verður einnig sýndur þáttur kl. 20.35.***



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ DR. GUNNI HORFIR Á ÞÆTTI Í SJÓNVARPINU

# *Snilld og annað sæmilegt*

Sjónvarpsáhorf mitt miðast ekki bara við það sem sjónvarpið sýnir heldur líka hvað er á flakkaranum mínum. Nú finnst mér ég loksins vera minn eigin dagskrárstjóri, eins og var gamla slagorðið frá fyrstu árum VHS-spólunnar. Tvo yfirburðagrínþætti bandaríska má nú sjá á Skjá einum, ameríska Office og 30 Rock. Um þessar mundir er verið að sýna fimmtu röðina af Office og þriðju röðina af 30 Rock, en í heimalandinu er þetta komið einni röð lengra.

Þættirnir eru skemmtilegir af því að þeir eru ekki þunnir og heimskulegir, heldur ögn „dýpri“ en maður á að venjast. Ég hélt reyndar þegar amerísku Office byrjuðu að þeir yrðu algjört drasl við hliðina á upprunalegu ensku þáttunum, en þar hafði ég rangt fyrir mér. Steve Carell gefur Ricky Gervais lítið eftir, er jafnvel enn fyndnari, og líka viðkunnanlegri. Allt starfsfólkið á amerísku pappírssölunni er svo eftirminnilegt að maður er eiginlega búinn að gleyma öllum sem voru í ensku þáttunum, enda langt síðan maður sá þá.

Þættirnir 30 Rock hafa slegið í gegn sem er ekkert skrýtið því þetta er hið fínasta stöff. Þættirnir eru kannski ekki alveg jafn góðir og frumlegir og Office, en alveg fínir 21 mínútu skammtar af gríni og glensi. Mér finnst samt eins og þættirnir hafi orðið heimskulegri í seinni tíð, eins og menn vilji halda í aukið áhorf með því að gera grínið meira „allra“. Það væru mistök.



Hvað meira gláþir maður á? Það er nú varla að ég nenni lengur að horfa á House. Það er alltaf það sama sem gerist í þeim. Sjúklingur fær mismunandi sjúkdómseinkenni þar til hinn grútleiðinlegi House hittir á rétta lausn. Álíka rútína er í Medium. Þar vaknar Allison DuBois sífellt upp við vondan draum og leysir svo málin. Maður dauðvorkennir manninum hennar fyrir að fá aldrei að sofa í friði. Ég væri fyrir löngu farinn að sofa með eyrnatappa. Þættirnir Criminal Minds hafa skánað í seinni tíð. Ókei í hallæri. Ég væri alveg til í að horfa meira á Simpsons-fjölskylduna en Stöð 2 sýnir þá bara í einhverjum illskiljanlegum graut og er aldrei með nýja þætti. Og svo er það náttúrulega fíflin í Klovn. Þar fer snilld sem maður missir helst ekki af.

## ÞRIÐJUDAGUR



▶ **17.30 Ally McBeal** STÖÐ 2 EXTRA



▶ **19.50 Man. Utd. – Tottenham, beint** STÖÐ 2 SPORT



▶ **20.20 Stelpurnar okkar** SJÓNVARPIÐ



▶ **21.05 Nýtt útlit** SKJÁREINN



▶ **22.20 Burn Notice** STÖÐ 2

## SJÓNVARPIÐ

**15.15 Útsvar** (Kópavogur - Mosfellsbær) (e)
**16.20 Leiðarljós**
**17.00 Táknmálsfréttir**
**17.10 Frumskógar Goggi** (9:26)
**17.32 Kóngulóarbörnin í Sólarlaut**
**17.55 Skellibær** (11:26)
**18.10 Fréttaaukinn** (e)
**18.45 Jóladagatalið - Klængur sniðugi** Leikbrúðuþættir um Klæng sniðuga og ævintýri hans eftir Davíð Þór Jónsson og Stein Ármann Magnússon.
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
▶**20.20 Stelpurnar okkar** Heimildamynd um baráttu íslenska kvennalandsliðsins í fótbolta um að komast á Evrópumeistaramót, fyrst allra íslenskra landsliða. Í myndinni kynnumst við litríkum stelpum, draumum þeirra og metnaði.
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.25 Njósnadeildin** (Spooks VII) (8:8) Breskur sakamálaflokkur um úrvalssveit innan bresku leyniþjónustunnar MI5 sem glímir meðal annars við skipulagða glæpastarfsemi og hryðjuverkamenn. Meðal leikenda eru Peter Firth, Richard Armitage og Hermione Norris.
**23.20 Dauðir rísa** (Waking The Dead V) (8:12) (e)
**00.10 Kastljós** (e)
**00.40 Dagskrárlok**

## BÍÓ

**08.00 Norbit**
**10.00 The Truth About Love**
**12.00 The Last Mimzy**
**14.00 Norbit**
**16.00 The Truth About Love**
**18.00 The Last Mimzy**
**20.00 Backbeat** Leikin mynd sem lýsir fyrstu árum Bítlanna er þeir störfuðum sem pöbbaband í Hamborg. Kastljósinu er einkum beint að „gleymda Bítlinum“ Stuart Sutcliffe.
**22.00 Final Destination 3**
**00.00 Shottas**
**02.00 The Business**
**04.00 Final Destination 3**
**06.00 Dying Young**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Áfram Diego, áfram!, Maularinn og Bratz.
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 The Doctors**
**10.15 In Treatment** (22:43)
**10.50 Cold Case** (1:23)
**11.45 Smallville** (9:20)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 The Holiday**
**15.10 Sjáðu**
**15.35 Barnatími Stöðvar 2** Tutenstein, Ben 10, Ruff's Patch og Áfram Diego, áfram!
**17.03 Bold and the Beautiful**
**17.28 Nágrannar**
**17.58 The Simpsons** (23:23)
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 Two and a Half Men** (5:24) Charlie Sheen og John Cryer snúa aftur sem Harper-bræðurnir gerólíku, Charlie og Alan.
**19.50 Fangavaktin** Eftir hungurverkfallið fær Georg loksins fræðasetrið sitt og virkjar allt fangelsið í uppsetningu þess. Daníel á hinn bóginn fær að fara í bæjarferð á meðan Ólafur hittir pabba sinn aftur.
**20.35 Two and a Half Men** (16:24)
**21.05 The Big Bang Theory** (12:23) Gamanþáttur um eðlisfræðingana Leonard og Sheldon sem eru afburðasnjallir á sínu sviði en eiga í stökustu vandræðum með samskipti við annað fólk, einkum og sér í lagi hitt kynið.
**21.30 Chuck** (13:22) Chuck Bartowski er mættur í annað sinn.
▶**22.20 Burn Notice** (13:16) Njósnarinn Michael Westen var settur á brunalistann en það er listi yfir njósnara sem eru komnir út í kuldann og njóta ekki lengur verndar yfirvalda. Hann reynir nú að komast að því hverjir „brenndu“ hann og af hverju.
**23.05 The Unit** (5:11)
**23.50 Medium** (13:19)
**00.35 Fringe** (1:22)
**01.20 A Scanner Darkly**
**03.00 The Holiday**
**05.10 Two and a Half Men** (16:24)
**05.35 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT *besta sætið*

**15.25 PGA Tour 2009** Sýnt frá Children's Miracle Network Classic-mótinu í golfi.
**18.25 Spænsku mörkin** Allir leikir umferðarinnar í spænska boltanum skoðaðir. Öll mörkin og öll bestu tilþrifin á einum stað.
**19.20 Bestu leikirnir: Fylkir - Þróttur 18.08. 2003** Árið 2003 byrjaði Þróttur vel í Landsbankadeildinni og var í toppbaráttunni eftir fyrri umferðina. Þróttarar töpuðu fyrstu fjórum leikjunum í seinni umferðinni þegar kom að leik við Fylki í Árbænum sem var í bullandi baráttu um Íslandsmeistaratitilinn.
▶**19.50 Man. Utd. - Tottenham** Bein útsending frá leik í 8-liða úrslitum enska deildabikarsins.
**21.50 Meistaradeild Evrópu: Fréttaþáttur** Skyggnst á bak við tjöldin og viðtöl tekin við leikmenn og þjálfara.
**22.20 World Series of Poker 2009** Sýnt frá World Series of Poker 2009 en þangað voru mættir til leiks allir bestu og snjöllustu pókerspilarar heims.
**23.15 Man. Utd. - Tottenham** Útsending frá leik í enska deildabikarnum.

## SPORT 2 *enski boltinn*

**16.50 Fulham - Bolton** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
**18.30 Coca Cola mörkin** Sýnt frá öllum leikjunum í Coca-Cola deildinni. Öll flottustu mörkin og tilþrifin á einum stað.
**19.00 Everton - Liverpool** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
**20.40 Arsenal - Chelsea** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
**22.20 Premier League Review** Rennt yfir leiki helgarinnar í ensku úrvalsdeildinni og allt það helsta úr leikjunum skoðað gaumgæfilega.
**23.15 Portsmouth - Man. Utd.** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

## SKJÁR EINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**07.30 Matarklúbburinn** (3:6) (e)
**08.00 Dynasty** (17:29) (e)
**08.50 Pepsi MAX tónlist**
**12.00 Matarklúbburinn** (3:6) (e)
**12.30 Pepsi MAX tónlist**
**16.10 90210** (9:22) (e)
**16.55 Fyndnar fjölskyldumyndir** (e)
**17.25 Dynasty** (18:29)
**18.15 Fréttir**
**18.30 Game Tíví** (11:14) (e)
**19.00 Rules of Engagement** (13:15) (e)
**19.30 Fréttir** (e)
**19.45 King of Queens** (8:25) (e)
**20.10 According to Jim** (14:18) Bandarísk gamansería með Jim Belushi.
**20.35 Innlit/ Útlit** (6:10) Ný, styttri og hraðari útgáfa af einum vinsælasta þætti Skjás eins frá upphafi.
▶**21.05 Nýtt útlit** (9:10) Hárgreiðslu- og förðunarmeistarinn Karl Berndsen veitir venjulegu fólki nýtt útlit, allt frá förðun til fata.
**21.55 Nurse Jackie** (7:12) Jackie þarf að sinna manni með steikarhníf í brjóstkassanum á meðan Akalitus hugsar um ungabarn sem skilið var eftir á spítalanum.
**22.25 United States of Tara** (7:12) Charmaine fer í brjóstaaðgerð og vonast til að Tara geti haldið hinum persónunum í skefjum á meðan hún jafnar sig.
**22.55 The Jay Leno Show**
**23.40 CSI: New York** (12:25) (e)
**00.30 King of Queens** (8.25) (e)
**00.55 Nurse Jackie** (7:12) (e)
**01.25 Pepsi MAX tónlist**

## ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Auður Bjarnadóttir, ráðningastjóri Capacent, og Gunnar Haugen, framkvæmdastjóri Capacent, ræða um atvinnuleit og starfsumsóknir á atvinnuleysistímum.
**21.00 Græðlingur** Guðríður Helgadóttir leiðbeinir fólki um haustverkin í garðyrkju.
**21.30 Mannamál** Sjónvarpsmaðurinn og alþingismaðurinn Sigmundur Ernir Rúnarsson snýr aftur í sjónvarp með þátt sinn Mannamál.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.




# Í KVÖLD



**STÖÐ 2 KL. 21.30**

## Chuck

Chuck Bartowski er mættur í annað sinn hér í hörku skemmtilegum spennuþætti. Chuck lifði fremur óspennandi lífi þar einn daginn að hann opnaði tölvupóst sem mataði hann á öllum hættulegustu leyndarmálum CIA. Hann varð þannig mikilvægasta leynivopn sem til er og örlög heimsins hvíla á herðum hans.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

**Jóladagatalið**

**Sjónvarpið kl. 18.45**

Í Jóladagatali Sjónvarpsins í ár verða sýndir leikbrúðuþættir um Klæng sniðuga. Klængur er á leiðinni heim fyrir jólin til þess að hitta kærustu sína, hana Lovísu með lærin þykku. Ferðalagið gengur ekki áfallalaust fyrir sig og lendir hann í ýmsum ævintýrum á leiðinni.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunútvarp hefst
**06.50** Bæn
**07.03** Vítt og breitt
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.11** Morgunstund með KK
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Söngvarar blárrar sveiflu
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Safnahús - Þjóðmenningarhús
**14.03** Breiðstræti
**15.03** Útvarpssagan: Ástarflótti
**15.25** Þriðjudagsdjass
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.10** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.16** Spegillinn
**18.53** Dánarfregnir
**19.00** Endurómur úr Evrópu
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Í heyranda hljóði
**21.20** Tríó
**22.12** Orð kvöldsins
**22.15** Fimm fjórðu
**23.05** Sumar raddir
**00.07** Næturtónar

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| **FM 88,5** | XA-Radíó | **FM 96,3** | FM Suðurland | **FM 90,1** | Rás 2 |
| **FM 90,9** | Gullbylgjan | **FM 96,7** | Létt Bylgjan | **FM 102,2** | Útvarp Latibær |
| **FM 91,9** | Kaninn | **FM 97,7** | X-ið | **FM 102,9** | Lindin |
| **FM 93,5** | Rás 1 | **FM 98,9** | Bylgjan | **FM 105,5** | Útvarp Boðun |
| **FM 95,7** | FM957 | **FM 99,4** | Útvarp Saga | | |

## EXTRA

**16.30 Doctors** (15:25)
**17.00 Doctors** (16:25)
▶ **17.30 Ally McBeal** (8:23)
**18.15 Seinfeld** (1:22) Jerry Seinfeld er uppistandari sem nýtur mikillar kvenhylli en á í stökustu vandræðum með eðlileg samskipti við annað fólk því hann er bæði smámunasamur og sérvitur.
**18.45 Doctors** (15:25)
**19.15 Doctors** (16:25)
**19.45 Ally McBeal** (8:23)
**20.30 Seinfeld** (1:22)
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
**22.00 Glee** (5:22) Gamanþáttaröð sem gerist í menntaskóla þar sem metnaðarfullur kennari ákveður að setja aftur saman sönghóp skólans sem gerði einmitt stormandi lukku í sönghópakeppnum á árum áður.
**22.45 It's Always Sunny In Philadelphia** (7:15) Gamanþættir um fjóra vini sem reka saman bar en eru of sjálfumglaðir til að geta unnið saman án þess að til árekstra komi, upp á hvern einasta dag.
**23.10 So You Think You Can Dance** (13:25)
**00.35 K-Ville** (1:11)
**01.20 Sjáðu**
**01.50 Fréttir Stöðvar 2**
**02.50 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## BBC entertainment

**12.05** Absolutely Fabulous **12.05** Absolutely Fabulous **12.05** Absolutely Fabulous **12.35** Absolutely Fabulous **12.35** Absolutely Fabulous **12.35** Absolutely Fabulous **13.05** Lead Balloon **13.05** Lead Balloon **13.35** Lab Rats **13.35** Lab Rats **13.35** Lab Rats **14.05** Lab Rats **14.05** Lab Rats **14.05** Lab Rats **14.35** Strictly Come Dancing **16.30** Robin Hood **17.15** My Hero **17.15** My Hero **17.15** My Hero **17.45** EastEnders **18.15** The Weakest Link **19.00** Lead Balloon **19.00** Lead Balloon **19.00** Lead Balloon **19.30** Saxondale **20.00** New Tricks **20.00** New Tricks **20.00** New Tricks **21.00** Ashes to Ashes **21.50** Lead Balloon **21.50** Lead Balloon **21.50** Lead Balloon **22.20** Saxondale **22.50** Never Better **23.20** EastEnders **23.50** Strictly Come Dancing

## DR 1

**12.00** Aftenshowet 2. del **12.30** Nær naturen **12.45** Forsvundne danskere **13.10** Seinfeld **13.35** Seinfeld **14.00** DR Update - nyheder og vejr **14.10** Boogie Mix **15.00** Hjerteflimmer Classic **15.30** Spiderman **15.55** Den lyserøde panter **16.00** Tagkammerater **16.15** Den lille Julemand **16.30** Julefandango **17.00** Aftenshowet **17.30** TV Avisen med Sport **18.00** Aftenshowet med Vejret **18.30** Pagten **19.00** Aldrig mere fængsel **19.30** Hammerslag **20.00** TV Avisen **20.25** Kontant **20.50** SportNyt **21.00** Julemand på gale veje **22.25** Dødens Detektiver **22.25** Dødens Detektiver **22.25** Dødens Detektiver **22.45** Klimaets ofre **23.15** Seinfeld **23.40** Seinfeld

## NRK 1

**12.00** NRK nyheter **12.05** Par i hjerter **13.00** NRK nyheter **13.05** Naboer **13.30** Viten om **13.30** Viten om **13.30** Viten om **14.00** NRK nyheter **14.05** Jessica Fletcher **14.05** Jessica Fletcher **14.05** Jessica Fletcher **15.00** NRK nyheter **15.10** Dynastiet **16.00** NRK nyheter **16.10** Oddasat - nyheter på samisk **16.25** Kokkekamp **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Jul i Svingen **17.00** Jul i Svingen **17.00** Jul i Svingen **17.25** Sauen Shaun **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.30** Ut i naturen **18.30** Ut i naturen **18.30** Ut i naturen **18.55** Ja, vi elsker **19.25** Redaksjon EN **19.55** Distriktsnyheter **20.00** Dagsrevyen 21 **20.30** Slanger i paradis **21.20** Extra-trekning **21.30** Safari **22.00** Kveldsnytt **22.15** Detektimen. Lewis **22.15** Detektimen. Lewis **22.15** Detektimen. Lewis **23.45** Viggo på lørdag

## SVT 1

**12.25** Den första kretsen **13.25** Tarps Elin **15.00** Rapport **15.05** Gomorron Sverige **16.00** Hannah Montana **16.25** Mitt i naturen **16.25** Mitt i naturen **16.25** Mitt i naturen **16.55** Sportnytt **17.00** Rapport med A-ekonomi **17.10** Regionala nyheter **17.15** Go'kväll **17.45** Julkalendern. Superhjältejul **18.00** Kulturnyheterna **18.15** Regionala nyheter **18.30** Rapport med A-ekonomi **19.00** Sommarpratarna **20.00** Andra Avenyn **20.45** Traffic **23.10** Kulturnyheterna **23.25** Morden




512 5100 | STOD2SPORT.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

## BESTI BITINN Í BÆNUM



*„Saffran í Glæsibænum. Ég fæ mér alltaf það sama þar, saffrankjúkling og rauðlauk á teini.“*

Björg Alfreðsdóttir, förðunarmeistari hjá MAC

# Prinsessur í Cintamani

„Þetta er mikill heiður fyrir okkur,“ segir Brynja Silness, sölustjóri Cintamani, en nýlega birtust myndir af norsku krónprinsessunni Mette-Marit í fatnaði frá fyrirtækinu. Mette-Marit tók þátt í sjónvarpssöfnuninni Care og birtust myndir af henni í norska Séð & heyrt fyrir skemmstu. Söfnunin er haldin árlega og var prinsessan klædd í dúnvesti þar sem hún bakaði vöfflur til fjáröflunar fyrir utan konungshöllina. „Við erum með verslun og dreifingaraðila í Noregi og ég held að stílistinn hennar hafi bara valið þetta,“ segir Brynja, en Mette-Marit er sögð vera mikill aðdáandi Cintamani og bæði hún og börn hennar nota fatnaðinn í útivistina.

Mette-Marit er þó ekki eina prinsessan sem klæðist Cintamani því danska krónprinsessan Mary Donaldson var í útivistarfatnaði frá fyrirtækinu í konunglegu skíðaferðalagi í svissnesku Ölpunum í febrúar síðastliðnum. Á myndum sem birtust af henni í dönsku blöðunum Billed Bladet og Se & Hör sést hún í útivistarbuxum, peysu og jakka frá Cintamani.

Aðspurð segir Brynja vinsældir fatnaðarins fara vaxandi, en fyrirtækið er einnig með verslun og dreifingaraðila í Danmörku. „Við erum að þreifa fyrir okkur úti og núna í janúar opnum við verslun í Svíþjóð. Frá því í haust höfum við verið með söluaðila í Kanada og svo eru aðilar í Frakklandi sem hafa sýnt okkur áhuga,“ segir Brynja.




**VINSÆLL FATNAÐUR** Útivistarfatnaðurinn frá Cintamani er vinsæll meðal konungsfjölskyldna í Skandinavíu, en norska krónprinsessan **Mette-Marit** klæddist dúnvesti frá fyrirtækinu í fjáröflun nýverið.




**KONUNGLEG SKÍÐAFERÐ Mary Donaldsson** var í útivistarfatnaði frá Cintamani í konunglegu skíðaferðalagi í svissnesku Ölpunum.

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**LÁRÉTT**
**2.** lítil blýkúla, **6.** 999, **8.** skordýr, **9.** draup, **11.** hreyfing, **12.** jakki og pils, **14.** krapi, **16.** átt, **17.** hyggja, **18.** tæfa, **20.** tímabil, **21.** truflun.

**LÓÐRÉTT**
**1.** vilji, **3.** frá, **4.** garðplöntutegund, **5.** landspilda, **7.** naggrís, **10.** óvild, **13.** hola, **15.** matargeymslu, **16.** arinn, **19.** bókstafur.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** hagl, **6.** im, **8.** fló, **9.** lak, **11.** ið, **12.** dragt, **14.** slabb, **16.** sv, **17.** trú, **18.** tík, **20.** ár, **21.** ónáð.
**LÓÐRÉTT: 1.** vild, **3.** af, **4.** glitbrá, **5.** lóð, **7.** marsvín, **10.** kal, **13.** gat, **15.** búri, **16.** stó, **19.** ká.

**Heitirpottar.is**
Rafmagnspottar, Hitaveituskeljar
Billiardborð. Mikið úrval.
HREINSIEFNI fyrir allar tegundir potta. Klór - síur og það nýjasta er flotholtið.




Heitipottar og skeljar
Kleppsvegur 152, sími 554 7755 (áður bakarí Jóa Fel)




**STÓRT HLUTVERK** Sverrir mundar byssuna sem Pontus í mynd um Kurt Wallender. Hlutverk Sverris er nokkuð lítið til að byrja með en því vex ásmegin eftir því sem myndunum fjölgar.

SVERRIR GUÐNASON: STJARNA Í SÆNSKU SJÓNVARPI

# Leikur aðalhlutverkið í myndum um Wallender

Sverrir Guðnason, þrítugur Íslendingur sem búsettur er í Svíþjóð, leikur eitt aðalhlutverkanna í nýjum sjónvarpsþáttum um rannsóknarlögreglumanninn Kurt Wallender. Um er að ræða þrettán myndir, tólf sem fara á DVD-diska og síðar í sjónvarp og svo eina kvikmynd sem sýnd verður í sænskum kvikmyndahúsum. „Ég hef verið að leika mikið í Svíþjóð, bæði í sjónvarpi og kvikmyndum, og var bara fenginn til að vera með, þetta er bara mjög gott mál“ segir Sverrir í samtali við Fréttablaðið.

Sverrir hefur búið mestalla ævi sína í Svíþjóð. Ef undanskilin eru átta ár hér heima. „Ég bjó hérna úti til fjögurra ára aldurs en þá fluttum við heim,“ segir Sverrir en hann er sonur Guðna Jóhannessonar, orkumálastjóra. „Við bjuggum hér þar til ég varð tólf ára en þá snerum við aftur til Svíþjóðar.“ Þessi átta ár höfðu þó mikil áhrif á Sverri því það var hér sem draumurinn um að verða leikari kviknaði. „Ég lék ungan Ólaf ljósvíking í uppfærslu Borgarleikhússins árið 1989 og eftir það var framtíðarstarfið eiginlega ákveðið,“ segir Sverrir og hlær.

En þá aftur að Wallender. Sverrir segir þetta hafa verið mikla vinnu, tökur hafi staðið yfir í eitt og hálft ár. „Ég leik Pontus og þetta hlutverk er lítið í fyrstu myndunum. En svo vex því ásmegin og í mynd númer tíu, held ég, er Pontus hálfpartinn í aðalhlutverki,“ útskýrir Sverrir en þegar hann hefur safnað kröftum eftir Wallender-tímabilið þá mun hann leika fyrir sænska ríkissjónvarpið. Sverrir vildi ekki gefa upp hvað það væri, slíkt væri ekki tímabært eins og málin stæðu í dag.

Sverrir heimsækir Ísland tvisvar á ári og segist alltaf hugsa um sig sem Íslending þótt hann hafi verið búsettur svona lengi í Svíþjóð. Og hann útilokar ekki að leika í einhverju íslensku verki þegar fram líða stundir. „Það er alltaf draumur, að koma heim og leika. Það virðist allavega alltaf vera eitthvað í gangi á Íslandi.“ freyrgigja@frettabladid.is

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Stefán Karl Stefánsson heldur áfram að gera mikla lukku í Pantages-leikhúsinu sem Trölli í samnefndum söngleik eftir barnabók Dr. Seuss. Stefán hefur fengið afbragðsgóða dóma fyrir frammistöðu sína og eins og við mátti búast þá hafa nokkrar stjörnur úr bandaríska afþreyingariðnaðinum kíkt á sýninguna enda söngleikurinn sýndur í L.A. Þeirra á meðal var **Gwen Stefani** úr No Doubt en hún mætti með eiginmanni sínum, Gavin Rossdale og syni þeirra, Kingstone.



Eins og Fréttablaðið greindi frá fyrir skemmstu var það útgefandinn skeleggi, **Jóhann Páll Valdimarsson**, sem tók kápumyndina af Vigdísi Finnbogadóttur fyrir ævisögu hennar eftir Pál Valsson. Jóhann Páll lét ekki staðar numið þar því hann á einnig fjölmargar ljósmyndir í bók Óskars Guðmundssonar um Snorra Sturluson. Þá myndar Jóhann Páll einnig flestalla rithöfunda Forlagsins en enn hafa þó ekki borist beiðnir frá öðrum forlögum um að Jóhannn myndi þeirra líka.



## VEISTU SVARIÐ?

Svör við spurningum á síðu 8

1. Reisa vatnsverksmiðju á Rifi.
2. Golfkylfu.
3. Tíu kjarnorkuver.

**HAFBERG**
*fiskbúð sælkerans*
GLÆNÝ LÍNUÝSA
FISKIBOLLUR
PLOKKFISKUR
ÝSA Í RASPI
OG STÚTFULLT BORÐ AF NÝJUM FISKI OG FISKRÉTTUM
TILBOÐ Í VEITINGASAL
Súpa fiskur og kaffi 990
Opið mán - fös 10 - 18:15 og lau 11 - 14.00
Gnoðarvogi 44 • S. 588 8686

# Stór maður með litla plötu

Sigurður Guðmundsson og Memfismafían gerðu allt vitlaust með eldgömlum íslenskum slögurum í fyrra á plötunni Oft ég spurði mömmu. Sú plata var öll tekin upp á einn míkrafón eins og vaninn var á sjötta áratugnum. Í lok vikunnar er von á tveimur jólalögum frá Sigurði og mafíunni. Nú er reyndar tekið upp með nútímatækni en útgáfuformið er forn: Lögin tvö koma út á litilli vínylplötu. Þetta er að öllum líkindum fyrsta litla jólaplatan á vínyl síðan SG hljómplötur gaf út jólaplötu með Stúlknakór Selfoss árið 1973! Eru menn nú endanlega orðnir vitlausir?

„Já ætli það ekki bara!“ segir Sigurður og hlær. Hann segir að fólk hafi verið að spyrja sig hvort ekki væri von á „einhverju jóladóterí“ frá honum og fyrst það hafi bara komið tvö lög hafi verið kjörið að gefa þau út á vinýl-plötu.

„Hvað gerir maður annars við tvö lög? Þau hefðu bara orðið undir ef þau hefðu bara komið út í stafrænu formi,“ segir Sigurður. „Svo er umslagið hálfpartinn eins og merkimiði í laginu og það má alveg nota plötuna sem merkimiða. Aðallega erum við þó bara að minna á að við séum enn þá starfandi. Það er aldrei að vita nema að þetta sé forsmekkurinn að einhverju meiru. Maður veit samt aldrei lengra nefi sínu. Sérstaklega þegar maður býr á Íslandi.“

Hvað sem öðru líður á hann fastlega von á að koma með nýja plötu á næsta ári. Líklega næsta haust. Jólalögin sem Sigurður syngur á litlu plötunni voru upphaflega með Roy Orbison og Walker Brothers, en hirðskáldið Bragi Baggalútur Skúlason hefur íslenskað þau. Nú heita þau „Það snjóar“ og „Þá komu jólin“. Plötunni fylgir svo vefslóð þar sem hægt er að nálgast lögin á stafrænu formi. - drg




**ÞAÐ SNJÓAR** Sigurður Guðmundsson og Memfismafían hafa gefið út fyrstu íslensku litlu jólaplötuna síðan 1973!




*Í tilefni 100 ára afmælisins, eru MICHELSEN úr framleidd á ný eftir 70 ára hlé. Afmælisúr MICHELSEN úrsmiða eru sérframleidd í númeruðu og takmörkuðu upplagi. 100 ára íslensk saga birtist í vönduðu mekanísku armbandsúri, framleitt úr hágæða stáli með órispanlegu safírgleri og handgerðri leðuról.*

# *Úrsmiðir í 100 ár*

Saga Michelsen úrsmiðanna er löng og samofin iðnaðarsögu Íslendinga síðastliðna öld sem hófst 1. júlí 1909 er J. Fr. Michelsen úrsmíðameistari, stofnaði verslun og úrsmíðavinnustofu á Sauðárkróki þar sem hann meðal annars framleiddi vasaúr er báru nafn hans. Allt frá upphafi hefur aðalsmerki Michelsen úrsmiðanna verið vönduð vinnubrögð, metnaður, framsækni og fagmennska sem hefur erfst mann fram af manni, kynslóð eftir kynslóð. Á þessum 100 árum hafa Michelsen úrsmiðirnir selt og þjónustað mörg af þekktustu úramerkjum heims. Þeim hefur verið treyst fyrir afar vönduðum úrum hvaðanæva að úr heiminum og orðspor þeirra hefur farið víða.


J. Frank Michelsen


Franch Michelsen


Frank Ú. Michelsen


Róbert F. Michelsen

1909 2009

MICHELSEN

ÚRSMIÐIR SÍÐAN 1909

Laugavegur 15 - 101 Reykjavík - 511 1900 - www.sviss.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000** VISIR.IS

**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst húsið

**DREIFING:** dreifing@posthusid.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



Jogastudio.org

JÓGA Stúdíó


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Illa farið með góðan gest

Tveir forsvarsmanna vefsíðunnar WikiLeaks hafa verið hér á landi frá því á föstudag og fundað með mögulegum heimildarmönnum. Síðan komst hér á hvers manns varir þegar hún birti upplýsingar úr lánabók Kaupþings fyrr á árinu, en á vefnum eru birtar margvíslegar upplýsingar sem stofnanir og valdhafar hér og hvar vilja halda leyndum. Á mánudagsmorguninn varð hins vegar annar mannanna, **Daniel Schmitt**, lens á gistiheimili sínu þegar hann greip í tómt þar sem Doc Martens skórnir hans voru áður. **Julian Assange** kollegi hans fór því einn í morgunleiðangrana. Nú er spurning hvort einhver hefur tekið skóna í misgripum, eða hvort einhver fingralangur hefur ekki staðist freistinguna vegna þess að hér eru Doc Martens skór víst hvergi fáanlegir.



### Fjölgar í Valhöll

Miklar hræringar hafa átt sér stað í Valhöll, höfuðstöðvum Sjálfstæðisflokksins, allt þetta ár. **Jónmundur Guðmarsson** var ráðinn framkvæmdastjóri flokksins í júní og í byrjun september var **Svanhildur Hólm Valsdóttir** ráðin framkvæmdastjóri þingflokks Sjálfstæðisflokksins. Í gær bættist **Sigríður Þorsteinsdóttir** svo í hópinn en hún hefur verið ráðin forstöðumaður samskiptasviðs Sjálfstæðisflokksins. Sigríður starfaði áður í sendiráði Bandaríkjanna á Íslandi og á skrifstofu Sameinuðu þjóðanna í London. Þá hefur hún unnið hjá fjölmiðlum í Bretlandi og í Frakklandi. Sigríður mun hefja störf hjá Sjálfstæðisflokknum strax á nýju ári.



### Mest lesið VÍSIR.IS

1. 30 starfsmönnum sagt upp hjá Ölgerðinni
2. Fimmtugur kannabisframleiðandi í fangelsi
3. Óku tugi kílómetra til þess að handtaka ölvaðan mann
4. Bjarki Freyr fékk 16 ár
5. Safnar fyrir styttu af Rúnari Júlíussyni





